








FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
22. október 2005 – 285. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

**Af rjúpnaveiði og geislavirkni**

Ég tel mjög hollt að stjórnvöld svari þeirri spurningu hvort það skipti einhverju máli fyrir þjóðarhag hvort rjúpnastofninn sé 10 þúsund fuglum stærri eða minni.



UMRÆÐAN 12

**ÍA eða FH?**



Þórður Guðjónsson mun að öllu óbreyttu leika annaðhvort með FH eða ÍA á næstu leiktíð. Þórður segist ætla að vera áfram atvinnumaður á Íslandi og ekki komi til greina að vera í vinnu frá átta til fimm meðfram fótboltanum.

SPORT 50

**Leika mæðgur á sviði**

Ilmur Kristjánsdóttir og Halldóra Geirharðsdóttir eru báðar sannleiksleitandi trúðar og einlægir aðdáendur hvor annarrar.

HELGARVIÐTAL 30



## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJART VIÐRI** en skýjaðra við norðaustur- og austurströndina. Þykknar heldur upp, einkum vestan til, þegar líður á daginn. Hiti 0-4 stig að deginum en víðast næturfrost.

VEÐUR 4

# Fá ekki lán til að reisa verksmiðju á Bíldudal

**Írskt alþjóðafyrirtæki fær ekki lán til að reisa verksmiðju á Bíldudal. Landsbyggðarfólk er annars flokks fyrir bankanum segir athafnamaður þaðan.**

**VIÐSKIPTI** „Íslenski bankinn neitaði okkur um lán því að verksmiðjan á að rísa á landsbyggðinni,“ segir Michael Ryan, framkvæmdastjóri írska fyrirtækisins Marigot, sem reisa mun kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal ásamt sanddælingarfyrirtækinu Björgun.

„Það hefði verið auðsótt mál að fá lánið hefði verksmiðjan átt að rísa í Reykjavík,“ bætir hann við.

Fyrirtækið á stóran hlut í tólf fyrirtækjum víða um heim og hefur á 35 ára sögu sinni komið á fjórða tug fyrirtækja á kopp með góðum árangri að sögn Ryans. „Þetta er hins vegar í fyrsta sinn sem okkur er hafnað um lán vegna verksmiðju sem við hyggjumst byggja,“ útskýrir hann.

„Frami fyrir bankanum erum við landsbyggðarfólkið klárlega annars flokks,“ segir Bílddælingurinn Jens Valdimarsson, fyrrum framkvæmdastjóri fiskvinnslunar Bílddælings. „Heimamenn hafa ekki nokkur tök á því að fjárfesta í nokkrum sköpuðum hlut; þeir geta ekki einu sinni endurfjármagnað eldri lán sín og eru þess vegna að borga sextán til átján prósenta vexti meðan fólkið fyrir sunnan er kannski að borga fjögur prósent. Enda sjáum við í hvað stefnir hér í Arnarfirði; stóreignamenn úr Reykjavík eiga hér skeiðvöll og eignir upp á nokkur hundruð milljónir en á meðan fá heimamenn ekki einu sinni lán til að lappa upp á húsin sín, hvað þá fimmtíu milljónir til að reka fiskvinnslu,“ segir Jens.

Þrátt fyrir bakslagið vegna höfnunar bankans hefur verið ákveðið að reisa verksmiðjuna á Bíldudal. „Okkur hefur tekist að fjármagna þetta eftir öðrum leiðum. Öll tæki og tól eru tilbúin svo ég á von á því að stofnsamningur verði undirritaður innan hálfs mánaðar,“ segir Ryan.

Hvorki Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri Björgunar, né Ryan vilja láta uppi um hvaða banka ræðir en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að það sé Landsbanki Íslands.

Sigurður segir að innan fárra vikna verði hafist handa við að reisa verksmiðjuna og ætti framleiðsla að geta hafist snemma næsta vor. - jse



**FORSETAHJÓNIN Í HAFNARFIRÐI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff, eiginkona hans, voru í opinberri heimsókn í Hafnarfirði í gær. Hittu þau bæði unga sem aldna Hafnfirðinga því þau höfu daginn á heimsókn í Hrafnistu en héldu því næst í leikskólann í Stekkjarási og þar næst í Lækjarskóla. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



**HEIMIR JOHNSON** Heimir var að rúnta um á velfáki sínum við Ísaksskóla í gær.

Á barnabifhjóli:

## Sex ára á mótorfáki

**BIFHJÓL** „Fyrst varð fósturpabbi að halda við hjólið en nú fer ég alveg sjálfur,“ segir Heimir Johnson en hann er sennilega einn af fáum börnum í heiminum sem ekur um á bifhjóli. Gunnar Gunnarsson fósturpabbi hans kom færandi hendi fyrir skemmstu með fimmtíu kúpika hjól og varð Heimi þá mjög brugðið og fór hann sér ofurhægt í fyrstu. En mótorhjólatöffærinn sex ára var hvergi banginn þegar blaðamaður sá til hans við Ísaksskóla á rúntinum.

„Gunni segir að ég megi ekki fara hratt en ég fer nú samt pínulítið hratt,“ segir Heimir og var svo rokinn af stað og skyldi blaðamann eftir í reykmökki líkt og mótorhjólatöffærum hættir við að gera. - jse

Hamfarirnar í Kasmír:

## Íslendingar til Pakistans

**HJÁLPARSTARF** Tveir Íslendingar hafa farið eða eru á leið til hjálparstarfa í Pakistan. Rauði kross Íslands hefur sent Sólveigu Ólafsdóttur sendifulltrúa til hjálparstarfa á hamfarasvæðunum. Hún mun starfa sem upplýsingafulltrúi fyrir Alþjóða Rauða krossinn og er væntanleg til Islamabad á sunnudag.

Jón Hafsteinsson, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, heldur áleiðis til Pakistans í byrjun næstu viku þar sem hann mun starfa á vegum Alþjóða Rauða krossins við sjúkraflutninga. Áætlað er að Jón verði að störfum til 20. desember. Hann hefur áður starfað fyrir Alþjóða Rauða krossinn í Kosovo og Albaníu árið 1999 þar sem hann flutti mat og önnur hjálpargögn.




Glæsilegt Heklublað fylgir Fréttablaðinu í dag!
HEKLA

Veðurstofan gerir ráð fyrir að hiti verði undir meðallagi næstu tvær vikur:

# Úlpuveður um allt land

**VEÐUR** Útlit er fyrir að kalt verði í veðri á landinu öllu næstu tvær vikurnar með einhverjum éljagangi á norðanverðu landinu en úrkomulítlu syðra. Norðanátt verður ríkjandi en ekki er búist við mjög hvössum vindi.

„Það verður hæð yfir Grænlandi og hingað berst kalt loft úr norðri. Lægðirnar verða flestar langt fyrir sunnan land og fara austur með Evrópu,“ segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Kuldaspáin er byggð á mánaðarspá sem Veðurstofan vinnur vikulega úr en með henni er hægt að rýna í veðrið næstu tvær til fjórar vikurnar.

Líkön um breytingar í lofti



EINAR SVEINBJÖRNSSON VEÐURFRÆÐINGUR

og á sjó eru keyrð margsinnis saman og niðurstöðunar gefa til kynna ákveðna stöðu veðurkerfa sem verða ríkjandi á tímabilinu. Nú bar svo við að dæmigerð norðanáttastaða kom endurtekið upp.

„Þetta er nokkuð óyggjandi,“ segir Einar. „Hitinn verður markvert undir meðallagi og lengst af frost en þó engar hörkur.“ Hann segir viðbúið að kaldara verði inn til landsins en við strandirnar, líkt og svo oft er þegar vindur er tiltölulega hægur af norðri.

Fyrsti vetrardagur er í dag og má segja að veturinn heilsi með viðeigandi hætti. - bþs





## SPURNING DAGSINS

*Ólafur, ætlið þið í samkeppni á kókómjólkurmarkaðnum?*

„Það er aldrei að vita.“

Ólafur M. Magnússon er framkvæmdastjóri Mjólku, en Vífilfell, sem framleiðir Coca Cola á Íslandi, keypti 30 prósenta hlut í félaginu á dögunum.

Hefðbundið götueftirlit fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík:

# 160 kærur vegna fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL** Samtals 160 fíkniefnamál, sem komið hafa upp við hefðbundið götueftirlit fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík á fyrstu níu mánuðum ársins 2005, hafa leitt til kæru.

„Þetta eru mun fleiri mál en í þeim samantektum sem gerðar hafa verið á sömu tímabilum undanfarin ár,“ segir Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík. „Það er til dæmis töluverð fjölgun mála frá því í fyrra. Fyrir þremur árum var fjölgað í fíkniefnadeildinni meðal annars til þess að sinna málum svo sem dreifingu og smásölu fíkniefna á götunni.“

Hann segir misjafnlega marga einstaklinga á bak við hvert mál sem leiði til kæru í þessari samantekt, en kveðst ekki hafa tölu yfir fjölda þeirra. Magn fíkniefnanna sem gerð hafi verið upptæk sé hins vegar svipað og undanförnum árum. **-jss**

**HALDLÖGÐ FÍKNIEFNI**
**Fyrstu 9 mánuði ársins 2005**

| | |
|---|---|
| Hass | 1.710 grömm |
| Amfetamín | 703 grömm |
| Marijúana | 447 grömm |
| Kókaín | 84 grömm |
| Tóbaksblandað hass | 22 grömm |
| Sveppir | 127 grömm |
| Amfetamíntöflur | 400 stykki |
| Sterkar amfetamíntöflur | 106 stykki |
| E-töflur | 243 stykki |
| LSD-skammtar | 7 stykki |
| Kannabisplöntur | 145 stykki |
| Græðlingar | 30 stykki |
| Steratöflur | 63 stykki |
| Ýmis læknalyf | 22 skammtar |
| Íblöndunarefni | 15 kíló |



**HÖRÐUR JÓHANNESSON** Fíkniefnamálum sem upp koma við hefðbundið götueftirlit fjölgar á milli ára.

Vísitala íbúðaverðs:

## Fasteignaverð enn á uppleið

**VIÐSKIPTI** Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkar á nýjan leik eftir að það lækkaði lítillega í september. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu í október hækkaði um 0,9 prósent frá fyrra mánuði samkvæmt tölum frá Fasteignamati ríkisins.

Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitalan hækkað um 3,7 prósent og 37 prósent undanfarna tólf mánuði. Verð á sérbýli á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað meira en verð á fjölbýli frá því að breytingar urðu á húsnæðislánamarkaði á síðasta ári. Tólf mánaða hækkun sérbýlis er 46,4 prósent en rúm 34 prósent á fjölbýli. **-eþa**

Háskólahátíð í dag:

## Hjón útskrifast úr íslensku

**BRAUTSKRÁNING** Kristín Ingólfsdóttir háskólarektor brautskráir í dag nema úr Háskóla Íslands í fyrsta sinn en hún tók við embætti í sumar.



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR REKTOR HÍ**

332 kandídatar brautskrást úr öllum deildum háskólans auk þess sem viðurkenningar eru veittar starfsmönnum fyrir góðan árangur í starfi.

Meðal þeirra sem brautskrást í dag eru hjónin Ólafur Bjarni Halldórsson og Salbjörg Jósepsdóttir en þau hafa verið í fjarnámi í íslensku síðan haustið 2001. BA-ritgerð Ólafs fjallar um málfar og vinnubrögð sjómanna á nýsköpunartogurum en Salbjörg skrifaði um vinsældir og dreifingu mannanafna síðustu þrjár aldir. **-bþs**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Sýrlendingum kennt um morðið á Hariri

**Rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna segir mjög ákveðnar vísbendingar um að stjórnvöld í Sýrlandi hafi látið ráða Rafik Hariri af dögum. Sýrlendingar vísa ásökunum á bug og segja þær af pólitískum rótum.**

**LÍBANON** Stjórnvöld í Sýrlandi og líbanskir bandamenn þeirra fá á baukinn í skýrslu rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna sem segir allt benda til aðildar þeirra að morðinu á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, í febrúar síðastliðnum.

Í fyrrakvöld afhenti Detlev Mehlis, formaður rannsóknarnefndarinnar, öryggisráði SÞ og líbönsku ríkisstjórninni afrakstur ríflega fjögurra mánaða vinnu. Niðurstaða hennar er skýr: Flest bendir til beinnar aðildar sýrlenskra ráðamanna að tilræðinu. „Þegar höfð eru í huga þau miklu ítök sem sýrlenska og líbanska leyniþjónustan hafa í líbönskum stofnunum og stjórnmálalífi þá er erfitt að gera sér í hugarlund að svo þaulskipulagt banatilræði geti farið fram án vitneskju þeirra.“

Rannsóknarnefndin segir að sýrlenskir og líbanskir leyniþjónustumenn hafi undirbúið tilræðið í marga mánuði. Ahmad Abdel-Al, Líbani í sterkum tengslum við stjórnvöld í Damaskus, er sagður aðalskipuleggjandi tilræðisins en skýrslur um farsímanotkun hans vikurnar fyrir tilræðið sýna náin samskipti við alla þá sem nefndin grunar um græsku. Bróðir hans hringdi í Emile Lahoud, forseta Líbanons og lepp Sýrlendinga, nokkrum mínútum áður en bílsprengjan sem banaði Hariri sprakk. Eitt vitni nefndarinnar segir að Sýrlendingar hafi ákveðið að láta myrða Hariri, sem alltaf var þeim óþægur ljár í þúfu, eftir að öryggisráð SÞ samþykkti ályktun fyrir rúmu ári þar sem brottflutnings sýrlenskra hersveita frá Líbanon var krafist.



**HARIRI ER SAKNAÐ** Búist hafði verið við ólgu í Beirút vegna útkomu skýrslunnar en allt var þó með kyrrum kjörum í gær. Óhætt er hins vegar að segja að hún hafi valdið titringi á pólitíska sviðinu og eflaust mun ástandið á svæðinu halda áfram að vera ótryggt um sinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sýrlenska ríkisstjórnin, sem í skýrslunni var jafnframt ásökuð um að reyna að afvegaleiða rannsóknarnefndina, neitar ásökunum staðfastlega. „Þetta er pólitísk yfirlýsing gegn Sýrlandi sem byggð er á vitnisburði manna sem eru þekktir fyrir hatur sitt á landinu,“ sagði Mehdi Dakhlallah, upplýsingamálaráðherra Sýrlands, í viðtali við al-Jazeera sjónvarpsstöðina í gær. „Skýrslan er hundrað prósent hlutdræg,“ bætti hann við.

Lahoud Líbanonsforseti vísaði ásökununum á bug í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær og sagði rannsóknina hluta af rógsherferð gegn sér.
**sveinng@frettabladid.is**



**ÞJÓÐARBLÓMIÐ**

Þjóðarblómið lögfest:

## Holtasóley í ríkisstjórn

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti í gær að tillögu Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra að leggja fram þingsályktunartillögu um formlega stöðu Holtasóleyjar sem þjóðarblóms.

Holtasóley var valið þjóðarblóm Íslendinga í fyrrahaust að undangenginni atkvæðagreiðslu þjóðarinnar. „Það er því okkar velþekkta, fallega og íslenska Holtasóley sem valin hefur verið af þjóðinni sem þjóðarblóm Íslendinga. Óska ég henni og okkur til hamingju með valið,“ sagði Guðni Ágústsson þegar hann kynnti úrslitin í október í fyrra. **-jh**

Fífldjörf ungmenni:

## Standa í vegi lesta á ferð

**DANMÖRK** Dönsk lestafyrirtæki segja sífellt færast í aukana að ungmenni stundi þann lífshættulega leik að standa sem lengst á lestarteinum þegar lest kemur æðandi að. Á undanförnum þremur árum hefur fjöldi tilfella þar sem næstum hefur verið keyrt á fólk meira en tvöfaldast.

Danska fréttablaðið Urban segir að ungmenni safnist saman við lestarteina og ögri hvert öðru til að standa sem lengst á teinunum á meðan lest nálgast.

Hámarkshraði lesta í Danmörku er hundrað og áttatíu kílómetrar á klukkustund. **-ks**

www.toyota.is



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29933 10/2005

Þetta er þitt tækifæri
til að eignast betri bíl.

Komdu í Toyota Nýbýlavegi, kíktu á úrvalið og verðið, gakktu frá málunum á staðnum og aktu heim á betri notuðum bíl.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími 570-5070

Lögfræðingur eins samverkamanna Saddams Hussein myrtur:

# Rænt og skotinn í höfuðið

**BAGDAD, AP** Lögmaður eins sakborninganna í réttarhöldunum gegn Saddam Hussein og félögum hans fannst myrtur á götu í Bagdad í gær. Morðið er áfall fyrir alla sem að réttarhöldunum koma.

Saadoun Sughaiyer al-Janabi var rænt af skrifstofu sinni í fyrradag af tíu grímuklæddum byssumönnum, en hann er verjandi Awad Hamed al-Bandar, fyrrverandiyfirdómarabyltingardómstóls Baath-flokksins. Í gær fannst svo lík hans á gangstétt í austurhluta Bagdad en hann hafði verið skotinn tveimur skotum í höfuðið.

Mikil öryggisgæsla er í Bagdad vegna réttarhaldanna og hefur til dæmis nöfnum vitna og dómara verið haldið leyndum. Svo virðist hins vegar sem ekki hafi verið gert ráð fyrir að lögmenn sakborninganna væru í hættu og því áttu ódæðismennirnir jafn auðvelt með morðið og raun bar vitni.



**SAADOUN SUGHAIYER AL-JANABI** Tíu menn námu hann á brott og skutu hann í höfuðið.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við fordæmum morðið, sem skaðar réttarhöldin og stjórnmálaþróunina í Írak,“ sagði Laith Kubba, talsmaður ríkisstjórnarinnar, við blaðamenn í gær. **-shg**

# JÓLALANDIÐ OPNAR...



# ...20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM UM HELGINA



tilboð

**NÓVEMBER KAKTUS**

**595 kr**



blóm helgarinnar

**RAUÐAR GLADIOLUR**

**250 kr**




**20% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM SIRIUS LJÓSASERÍUM

INTERFLORA

GARÐHEIMAR

heimur skemmtilegra hluta og hugmynda

FÖNDUR LOFTIÐ

-alltaf eitthvað nýtt!

Stekkjarbakka 4-6 – Mjódd – Sími 540 3300 – www.gardheimar.is – gardheimar@gardheimar.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 21.10.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 60,17 | 60,45 |
| Sterlingspund | GBP | 106,68 | 107,20 |
| Evra | EUR | 72,25 | 72,65 |
| Dönsk króna | DKK | 9,682 | 9,738 |
| Norsk króna | NOK | 9,273 | 9,327 |
| Sænsk króna | SEK | 7,616 | 7,660 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5208 | 0,5238 |
| SDR | XDR | 86,89 | 87,41 |

*Gengisvísitala krónunnar*

101,6498

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Uppbót vegna reksturs bifreiðar hjá Tryggingastofnun ríkisins:

# Á sjöunda þúsund fengu bensínstyrk

**BENSÍNSTYRKUR** Vel á sjöunda þúsund lífeyrisþegar fengu á síðasta ári uppbætur vegna reksturs bifreiðar, svokallaðan bensínstyrk, að því er fram kemur hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þeir fengu 7.968 krónur í styrk á mánuði á árinu 2004 en alls námu útgjöld Tryggingastofnunar vegna þessa bótaflokks 637 milljónum króna.

Uppbót vegna reksturs bifreiðanna á sér stoð í lögum um félagslega aðstoð en þar segir að heimilt sé að greiða ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega uppbót til að mæta kostnaði við rekstur bifreiðar ef bótaþega er nauðsyn að hafa bifreið vegna hreyfihömlunar og sýnt er að hann geti ekki komist af án uppbótarinnar. Með hreyfihömlun er átt við líkamlega hreyfihömlun, þar á meðal hjarta- og lungnasjúkdóma, auk blindu, sem gerir menn ófæra um að komast ferða sinna án ökutækis. Á síðasta ári fengu 6.758 manns þessa uppbót.

Skilyrði fyrir uppbótunum eru meðal annars þau að bótaþegi hafi sjálfur ökuréttindi eða annar heimilismaður, að nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar sé ótvíræð. Fyrir þarf að liggja mat á hreyfihömlun og einnig mat á ökuhæfni.

Á þessu ári er upphæðin sem hver einstaklingur fær 8.247 krónur á mánuði. **- jss**




**TRYGGINGASTOFNUN** Útgjöld Tryggingastofnunar á síðasta ári vegna bensínstyrks til lífeyrisþega námu samtals 637 milljónum króna.



**10-11 VIÐ ENGIHJALLA** Afgreiðslumaður dró sér umtalsvert fé úr sölukassa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjárdráttur í verslun 10-11:

## Starfsmaður ákærður

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa á tveggja vikna tímabili í október og nóvember árið 2004 dregið sér rúmar 338 þúsund krónur úr sölukassa 10-11 verslunarinnar við Engihjalla í Kópavogi, en ákærði starfaði sem afgreiðslumaður í versluninni.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær og gerir 10-11 kröfu um bætur auk þess sem lögreglustjóri í Kópavogi krefst refsingar. **- saj**

Rannsókn í Noregi:

## Fiskát gegn ofbeldi

**NOREGUR, AP** Norskur fræðimaður er að hefja rannsókn sem ætlað er að finna út úr því hvort það kunni að vera góð leið til að draga úr glæpum að auka hlut fiskjar í fangelsisfæði dæmdra ofbeldisglæpamanna. Frá þessu greindi ANB-fréttaþjónustan í gær.

Anita Lill Hansen, afbrotafræðingur við háskólann í Björgvin, vill láta reyna á hvað hæft sé í tilgátu um að tengsl séu á milli magns fituríks fiskjar í mataræði og vandamála á borð við óstýrilæti, ofbeldisköst og einbeitingarskort. Að hennar sögn eru slík vandamál algeng meðal fanga í fangelsum í Noregi. Rannsóknin er unnin í samstarfi við rannsóknamiðstöð um nýtingu sjávarfangs og fangelsisyfirvöld í Vestur-Noregi.

# Erfitt fyrir Björn að tjá sig ekki um Baug

**Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði í gær Sigurð Tómas Magnússon sem sérstakan saksóknara í Baugsmálinu. Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, undrast að Björn telji sig hæfan. Ráðherrar eru pólitískir segir Sigurður.**

**DÓMSMÁL** „Ráðherrar eru pólitískir og þeir hafa ákveðin stefnumál og gegna ákveðnu hlutverki. Það er erfitt fyrir þá að tjá sig ekki um málefni líðandi stundar," segir Sigurður Tómas Magnússon. Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra setti í gær Sigurð sem sérstakan saksóknara í Baugsmálinu. Sigurður er lögfræðingur og hefur frá árinu 1996 til dagsins í dag verið dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann hefur einnig gegnt embætti formanns dómstólaráðs.

Sigurður segist hafa velt því fyrir sér hvort Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kunni að hafa verið vanhæfur þegar hann útnefndi hann sem sérstakan saksóknara. „Ég hef ekki séð neitt ennþá sem mér hefur fundist benda í þá áttina að dómsmálaráðherra sé vanhæfur," segir Sigurður. Hann bendir á að vanhæfi sé snúið fyrirbæri eins og Páll Hreinsson, lagadósent við Háskóla Íslands, hefur bent á. Það muni koma í hlut dómstóla að skera endanlega úr um þess háttar vafamál.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Baugsmálinu, vill lítið tjá sig um málið en undrast afstöðu dómsmálaráðherra. „Það kemur á óvart að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skyldi telja sig hæfan til að setja nýjan saksóknara í málinu."

Bogi Nilsson ríkissaksóknari sagði sig frá málinu á dögunum, en að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra ætlaði hann að taka til meðferðar þær 32 ákærur sem undirréttur og Hæstiréttur höfðu vísað frá dómi. Að athuguðu máli taldi Bogi að fyrir gætu legið vanhæfisástæður og því sagði hann sig frá málinu.

Sigurður vill fara varlega í að segja til um hvenær vænta megi niðurstöðu í málinu. „Það er búið að taka þrjú ár að rannsaka þetta mál og maður stekkur ekki alveg inn í svona verkefni enda þótt ég hefjist handa strax eftir helgina. Mér þætti verra ef þessu verður ekki lokið í febrúar á næsta ári," segir Sigurður. **- saj/jh**



**BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Björn skipaði sérstakan saksóknara í Baugsmáli. Verjendur í málinu undrast ákvörðunina. Nýr saksóknari segir Björn hæfan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Málið er rekið í Héraðsdómi Reykjaness.

Vanskil á virðisaukaskatti:

## Skuldar tíu millljónir í skatt

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið ákærður fyrir að standa ekki skil á tæpum tíu milljónum króna af virðisaukaskatti til sýslumannsins á Ísafirði.

Auk þess er maðurinn ákærður fyrir að standa ekki skil á opinberum gjöldum sem hann hafði innheimt frá starfsmönnum fyrirtækis síns, samtals tæpri hálfri milljón króna. Krefst Ríkislögreglustjóri þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar. **- saj**



**SJÁVARÚTVEGUR** Slæmt var í sjóinn þegar slysið varð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skaðabætur dæmdar:

## Átti að nota sterkari gils

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær FISK-Seafood hf. til að greiða Þórarni Guðmundi Hlöðverssyni rúmar fjórar milljónir króna í skaðabætur auk málskostnaðar, en Þórarinn lenti í vinnuslysi um borð í Skafta SK-3.

Slysið atvikaðist þannig að gils slitnaði og belgur rann útbyrðis. Þórarinn kipptist með, hlaut tvö höfuðhögg í togrennunni og féll útbyrðis. Dómurinn telur sannað að skipstjóri hefði átt að nota sterkari gils miðað við aðstæður, en veður var válynt. **- saj**

Alltaf einfalt

ÓB

ódýrt bensín

15 stöðvar!

www.ob.is

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**AÐ KLÆÐA AF SÉR VEÐRIÐ**

Skoðanir fólks á því hvað er gott veður, eru afskaplega mismunandi. Það sem einum finnst gott finnst öðrum ferlegt og öfugt. Sjálfsagt skiptir þarna máli stétt, staður og stund. En eitt má þó segja um það veðurlag sem er núna, að það er afskaplega auðvelt að klæða af sér kuldann. Um blessaða rigninguna gegnir hins vegar öðru máli.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hægviðri. Léttskýjað lengst af. Hiti 0-4 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




*» mánudagur*




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C léttskýjað | París | 19°C skýjað-skúr | Alicante | 25°C léttskýjað |
| Osló | 1°C slydduél | Berlín | 18°C léttskýjað | Mílano | 20°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C skýjað-skúr | Frankfurt | 17°C skýjað-skúr | New York | 12°C rigning |
| Helsinki | 9°C skýjað-skúr | Madríd | 18°C léttskýjað | San Francisco | 20°C léttskýjað |
| London | 17°C léttskýjað | Barcelona | 22°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 30°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




Intersport Húsgagnahöllinni verður lokað vegna vörutalningar sunnudaginn 23.október
• Opið í Intersport Smáralind og Selfossi alla helgina.

100%
ÖRYGGI
við lofum
þér lægra
verði!

INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER

Club Intersport, sjá nánar á
www.intersport.is

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 480 7009 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21



## KJÖRKASSINN

*Ferðu í jólahlaðborð?*

Já 49%

Nei 51%

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að lækka matarskatt frekar en tekjuskatt?*

Formaður Vinstri grænna gagnrýndi ríkisstjórnina í setningarræðu landsfundar:

# Vill velferðarstjórn með Samfylkingunni

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði brýnt að koma núverandi ríkisstjórn frá völdum í setningarræðu sinni á landsfundi flokksins sem hófst í gær. Hann ítrekaði tilboð sitt til Samfylkingarinnar að mynda velferðarstjórn. Í drögum að stjórnmálaályktun sem liggur fyrir fundinum skilgreinir flokkurinn sig nú sem eina kvenfrelsisflokkinn á Íslandi.

Steingrímur kom víða við í ræðu sinni. Hann gagnrýndi skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem hann sagði helst gagnast tekjuhæstu hópum samfélagsins og ýta undir frekari misskiptingu. Hann sagði Vinstri græna oftsinnis hafa varað við auðhringamyndun sem sjálfstæðismönnum hefði verið svo hugleikin undanfarin misseri.

„Stjórnarflokkarnir hafa haft alla möguleika til að grípa til aðgerða, ef hugur fylgdi máli, ef þetta væri eitthvað meira en í nösunum á þeim. Auðvitað veltir maður því fyrir sér hvort í þessari sérkennilegu umfjöllun um hætturnar á hringamyndun og samþjöppun í viðskiptalífinu sé fólgin ákveðin iðrun í bland við eftirsjá hjá Sjálfstæðismönnum. Þeir óttist afleiðingar eigin gjörða og stefnu.“

Steingrímur sagðist lítið vilja ræða Baugsmálið en sagði þó framgöngu lögreglu og ákæruvalds í því máli ekki hafa verið upp á marga fiska til þessa. **- th**



**FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA** Steingrímur J. Sigfússon vill alls ekki taka upp evru.



**GULA ÝSAN** Þessi fagurgula ýsa er á leið á rannsóknarstofu í Reykjavík og þá verða menn einhverju nær um uppruna hennar.

Fagurgulur fiskur úr sjó:

## Gula ýsan í rannsókn

**SJÁVARLÍFFRÆÐI** „Ég tek hana bara með mér suður næst þegar ég fer,“ segir Ingvar Pétursson skipsstjóri en hann dró nýlega gula ýsu. Nú hefur Guðni Magnús Eiríksson, doktorsnemi í erfðafræði fiska, farið þess á leit við Ingvar að fá að rannsaka þessa undarlegu ýsu.

Guðni Magnús vill ekki á það giska hvort fiskurinn sé af ýsutegund sem sé okkur Íslendingum lítt kunn og hafi villst hingað á miðin eða hvort um erfðafræðilega blöndu tveggja fisktegunda sé að ræða. **- jse**

Sigurjón Þórðarson:

## Gerir lista yfir spillingarmál

**STJÓRNMÁL** „Þeim hefur örugglega yfirsést eitt og annað,“ segir Sigurjón Þóraðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann er nú að taka saman þau mál sem honum þykir til marks um spillingu hér á landi en nýlega skýrði stofnunin Transparancy International frá því að á Íslandi væri minnst spilling af öllum löndunum heims.



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**

„Ég er kominn með nokkuð langan lista á heimasíðu minni sem ég held að stofnunin ætti að líta á áður en hún kemst að svona niðurstöðu,“ segir Sigurjón. **- jse**

# Börn tilkynna Neyðarlínunni um ofbeldi

**Æ fleiri börn hringja í Neyðarlínuna 112 til að segja frá ofbeldisverkum á heimilum sínum. Neyðarlínan grípur inn í slík mál með tafarlausum útköllum starfsmanna Barnaverndar eða tilkynningum til viðkomandi nefndar.**

**BARNAVERND** „Hér hringja börn og fullorðnir. Tilfinningin segir okkur að hér hringi börn oftar nú, heldur en var framan af eftir að þetta samstarf komst á,“ segir Kristján Hoffmann, gæðastjóri Neyðarlínunnar 112.

Nú er liðið vel á annað ár síðan samstarf Neyðarlínunnar og Barnaverndarstofu hófst. Það felst í því að Neyðarlínan tekur við símtölum frá öllum þeim sem vilja tilkynna grun sinn um ofbeldisbeitingu gagnvart börnum, allan sólarhringinn, alla daga árið um kring.

„Fólk á öllum stigum þjóðfélagsins hringir,“ segir Kristján. Hann bætir við að Þessi þjónusta sé kynnt í skólum landsins, til að mynda með veggspjöldum á kennarastofum og göngum. Á þeim koma fram ítarlegar upplýsingar um úrræði sem Neyðarlínan býður upp á og í hvaða tilvikum eigi án tafar að hafa samband við hana.

Þórhallur Ólafsson framkvæmdastjóri hjá Neyðarlínunni 112 segir að reynslan af þessari þjónustu hafi gefið mjög góða raun. „Við höfum fengið hingað tilkynningar um mál, sem hafa skipt sköpum,“ segir hann. „Það er mjög mikilvægt að fá slíkar upplýsingar, þannig að hægt sé að vísa þeim áfram til barnaverndarnefnda.“

Hann segir enn fremur, að þegar Neyðarlínunni berist tilkynningar um ofbeldi gegn börnum séu helstu upplýsingar skráðar og þeim komið til viðkomandi barnaverndarnefndar. Að öðru leyti séu starfsmenn bundnir algjörum trúnaði. Sé barn talið vera í hættu er barnaverndarstarfsmaður tafarlaust kallaður út. Í þeim tilvikum sem aðstæður barnsins eru ekki eins brýnar er upplýsingum komið áfram í upphafi næsta vinnudags.

„Þetta er fyrsta landið í Evrópu þar sem Neyðarlínan 112 tekur að sér slíka þjónustu,“ segir Þórhallur. „Markmiðið er fyrst og fremst að auðvelda að tilkynning um ofbeldishegðun gegn barni komist til barnaverndarnefndar hvenær sólarhringsins sem er. Fólk á að hringja hafi það minnsta grun um slíkt,“ bætir hann við og undirstrikar tilkynningarskyldu almennings og fagfólks samkvæmt barnaverndarlögum.

Þórhallur sér um tölulega vinnslu gagna, meðal annars hvað varðar innhringingar vegna gruns um ofbeldi gagnvart börnum. Hann segir þær tölur vera í vinnslu og því ekki hægt að gefa þær upp að sinni. **jss@frettabladid.is**



**NEYÐARLÍNAN** Tekur við tilkynningum um ofbeldisverk gegn börnum hvaðanæva af landinu, allan sólarhringinn, samkvæmt samningi við Barnaverndarstofu.



**LAGT Á FLÓTTA** Íbúar frá La Coloma á Kúbu leggja á flótta undan fellibylnum Wilma sem senn skellur á.

Fellibylurinn Wilma:

## Kúbverjar flýja

**KÚBA, AP** Tæplega fjögur hundruð þúsund manns hafa flúið heimili sín á Kúbu vegna fellibylsins Wilma. Tekið hefur verið á móti fjölmörgum á griðstöðum sem ríkið hefur komið upp en fjölmargir hafa leitað til vina og ættingja sem búa utan hættusvæðis.

Flóttamennirnir mega nú eiga von á því að þurfa að dvelja mun lengur fjarri heimilum sínum en áætlað var í fyrstu þar sem fellibylurinn fer hægt yfir.



**ELÍSABET ENGLANDSDROTTNING** Drottningin heldur ræðu í tilefni af því að 200 ár eru liðin frá sjóorustunni við Trafalgar.

Sjóorustan við Trafalgar:

## Drottningin fagnar

**ENGLAND, AP** Elísabet Englandsdrottning tók þátt í hátíðarhöldunum sem haldin voru í gær í tilefni þess að tvö hundruð ár eru liðin frá sjóorustunni við Trafalgar. Sú orusta markaði endalok útrásar Napóleons og upphaf Breta sem mestu siglingaþjóðar heims.

Drottningin gæddi sér á reyktum laxi og öðru góðgæti í herskipinu Victory sem leiddi konunglega sjóherinn til sigurs gegn frönskum og spænskum sveitum en er nú við höfn í Portsmouth.





Fjögurra rétta lambakjötsmáltíð
með rauðvínsflösku
&
gisting fyrir tvo
ásamt morgunverði
Aðeins 17.900 - fyrir parið
Pantaðu núna í síma
514 8000
lambakjöt – léttur réttur

Þetta er upplagt tækifæri til að koma elskunni sinni á óvart og njóta þess að láta dekra við sig í mat, drykk og góðri þjónustu

Tilboðið gildir alla föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá 21. okt. til 20. nóv.

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | www.grand.is | Sími 514 8000


Héraðsdómur tekur tillit til vonlítillar framtíðar kannabisplöntu:

# Plantan átti sér ekki framtíð

**DÓMSMÁL** Ungt par var í gær dæmt til refsingar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir vörslu fíkniefna. Karlmaðurinn, 27 ára gamall, var dæmdur í 30 daga fangelsi en refsiákvörðunar yfir hinni tvítugu sambýliskonu hans var frestað og fellur hún niður haldi konan tveggja ára skilorð.

Í íbúð þeirra fannst talsvert magna fíkniefna, þar á meðal 255 grömm af hassi, 39 grömm af amfetamíni, sitthvað af marijúana auk kannabisplöntu.

Ungi maðurinn sagði við yfirheyrslu að hann hefði fengið efnin sem greiðslu upp í skuld sem var tilkomin „út af einhverju sem ég vil ekki tilgreina,“ eins og hann orðaði það. Seinna breytti hann framburði sínum á þá leið að annar maður hafi átt efnin. Hann gaf þá skýringu að hann hafi hugleitt að „fara að taka þetta á mig fyrir hann.“ Þessu bar þó ekki saman við framburð sambýliskonunnar en það útskýrði maðurinn með því að „hún hafi verið eitthvað reið út í mig þarna.“ Hann kvað ennfremur kannabisplöntuna hafa verið „illgresi sem notað hafi verið upp á punt“.

Við mat á refsingu var tekið tillit til þess að plantan kunni að hafa átt sér vonlitla framtíð. **- saj**



**HASS** 255 grömm af hassi fundust auk kannabisplöntu með vonlitla framtíð.

# Vítamíndagar

## 30% afsláttur af öllum vítamínum um helgina.

HALLÓ!

Nú er tækifæri til að birgja sig upp fyrir veturinn! Hagkaup bjóða upp á ótrúlegt úrval af vítamínum og fæðubótarefnum.

Úrvalið er mest í Hagkaupum Kringlunni, minna í öðrum verslunum Hagkaupa.




Gildir til 23. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða tveir íslensku fótboltamenn leika með Reading í Englandi?*

2 *Hvað heitir forseti Alþýðusambands Íslands?*

3 *Hvaða stjórnmálaflokkur heldur landsfund um helgina?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Um hundrað ráðherrar og þingmenn Norðurlanda koma til landsins eftir helgi:

# Norðurlandaráð í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Þing Norðurlandaráðs verður haldið í Reykjavík dagana 25. til 27. október næstkomandi. Jens Stoltenberg, nýbakaður forsætisráðherra Noregs, verður gestur á þinginu ásamt öðrum forsætisráðherrum Norðurlandanna og um eitt hundrað þingmönnum og ráðherrum.

Í upphafi þingsins gerir Jens Stoltenberg grein fyrir dagskrá næsta árs en þá taka Norðmenn við formennsku í Norðurlandaráði. Stoltenberg og Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, staldra stutt við og fara af landi brott að loknum forsætisráðherrafundinum á þriðjudag.

Norðmaðurinn Jan Egeland, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ávarpar þingið og greinir frá brýnustu viðfangsefnunum sem þjóðir heims takast á við um þessar mundir. Þá sitja utanríkisráðherrar Norðurlandanna fund á miðvikudag.

Á þinginu verða teknar ákvarðanir um málefni á borð við samstarf Norðurlandanna og Rússlands og fleira mætti telja.

Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, er forseti Norðurlandaráðs þar til Norðmenn taka við formennsku í ráðinu á fundinum í næstu viku.

- jh



**JENS STOLTENBERG** Norðmenn taka við formennsku í Norðurlandaráði á næsta ári.

Ástralskur smyglari:

## Aftakan fer senn fram

**SINGAPÚR, AP** Ástralskur maður hefur verið dæmdur til dauða í Singapúr fyrir hafa reynt að smygla eiturlyfjum.

Maðurinn var tekinn með tæplega 400 grömm af heróíni á alþjóðaflugvellinum í Singapúr árið 2002 þegar hann millilenti þar á leið sinni frá Víetnam til Ástralíu.

Áströlsk yfirvöld hafa reynt allt sem í þeirra valdi stendur til að fá dóminum hnekkt en án árangurs. Áfrýjunarbeiðni mannsins var vísað frá í fyrradag og allt stefnir því í að hann verði tekinn af lífi á næstu dögum eða vikum.



**MJÓTT Á MUNUM** Kaczynski og Tusk í sjónvarpskappræðum á fimmtudagskvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Póllandi:

## Kaczynski dregur á Tusk

**PÓLLAND, AP** Nýjustu skoðanakannanir fyrir úrslitaumferð forsetakosninga í Póllandi sem fram fer á sunnudaginn benda til að mjótt geti orðið á mununum. Frjálshyggjumaðurinn Donald Tusk, sem hlaut mest fylgi í fyrri umferðinni, hafði fram til þessa haft dágott forskot á keppinautinn, íhaldsmanninn Lech Kaczynski.

Í gær gerðist það í fyrsta sinn að Kaczynski mældist með meira fylgi en Tusk í einni könnuninni, en það var reyndar innan skekkjumarka. Tvær aðrar kannanir mældu forskot Tusks allt upp í sex prósentustig.

## ÍRAK

**Blaðamanni sleppt** Rory Carroll, blaðamaður Guardian sem mannræningjar tóku höndum í Írak í vikunni, var leystur úr prísundinni í fyrrakvöld. Þrír menn voru handteknir í kjölfarið en ekki hefur fengist staðfest hvort þeir tengjast málinu.

# Öndum að okkur verkfallslofti

**Formaður Eflingar, Sigurður Bessason, telur helmingslíkur á að kjarasamningar rofni. Hann segir þjóðina standa frammi fyrir verðbólgu sem ekki hafi verið hægt að sjá fyrir við gerð síðustu samninga. Samningar eru lausir um áramót.**

**VERKALÝÐSMÁL** „Eftir fundi með atvinnurekendum og ríkisvaldi tel ég helmingslíkur á að samningar fari í sundur,“ sagði Sigurður Bessason, formaður Eflingar, á ársfundi Alþýðusambands Íslands í gær. Á fundinum voru lögð fram drög að ályktunum þar sem einna mest bar á ályktunum um kjaramál og skattamál.

Sigurður var ómyrkur í máli og sagði að sambandið hafi haft rangt fyrir sér með því að gera ráð fyrir að ríkisstjórnin yrði samstíga launafólki í að viðhalda stöðugleika. „Við stöndum nú frammi fyrir verðbólgu sem hvergi var hægt að sjá fyrir þegar kjarasamningar voru gerðir.“

Í drögum að ályktun um kjaramál segir að ef ekki náist viðunandi lausn við endurskoðun kjarasamninga telji ársfundurinn einsýnt að til uppsagnar samninga muni koma. Frestur til þess að segja upp kjarasamningum rennur út 10. desember en eins og fram kom eftir fund leiðtoga verkalýðsfélaga með forsætisráðherra á þriðjudag verður það í höndum aðildarfélaga ASÍ hvort samningum verði sagt lausum, strax eftir 15. nóvember. „Ég treysti því að ríkisstjórnin skilji sinn vitjunartíma og nálgist



**ÁRSFUNDUR ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS** Fjölmennt var á ársfundi Alþýðusambandsins. Kjara- og skattamál voru í brennidepli.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þetta mál hratt því að tíminn er naumur og ef menn ætla að ná niðurstöðu í þessu máli þá verður það að gerast á næsta hálfa mánuðinum,“ sagði Sigurður enn fremur.

Undir þessi orð Sigurðar tók næsti ræðumaður, Örn Friðriksson, og sagði: „Við öndum nú að okkur góða verkfallsloftinu. Ég er að tala um það í alvöru. Ef það á að taka mark á okkur er það óhjákvæmilegt að búa sig undir átök í haust. Það þarf ekkert að rifja upp fyrir þessum hópi að við kunnum að taka slag.“

Í drögum um ályktun um skattamál skorar fundurinn á ríkisstjórnina og Alþingi að gæta hagsmuna láglaunafólks. „Forgangsverkefnin eru að lækka virðisaukaskatt á matvæli, hraða hækkun barnabóta og taka upp lægra skattþrep á lægri tekjur,“ segir í drögunum. Hugmyndin er að lækka matarskattinn úr fjórtán prósentum niður í sjö. Til þess að vega upp á móti er lagt til að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður úr tíu prósentum í tuttugu.

saj@frettabladid.is








**STÚDENTAR AFHENDA YFIRLÝSINGU** Fulltrúar stúdenta afhenda menntamálanefnd yfirlýsingu í Alþingishúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Menntamálanefnd Alþingis fær yfirlýsingu:

# Stúdentar harma skólagjaldastefnu

**STJÓRNMÁL** „Þetta eru okkar fyrstu viðbrögð við því að Sjálfstæðisflokkurinn reið á vaðið með að taka eindregna afstöðu með skólagjöldum við opinbera háskóla á landsfundi,“ segir Elías Jón Guðjónsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Fulltrúar stúdenta afhentu fulltrúum í menntamálanefnd yfirlýsingu í gær þar sem stjórn stúdentaráðsins harmar skólagjaldastefnu Sjálfstæðisflokks.

Í yfirlýsingunni segir stjórnin það vera með öllu ótækt að taka upp skólagjöld við þjóðskólann. Slík aðgerð myndi draga úr jafnrétti til náms.

Í yfirlýsingunni segir einnig að Háskóli Íslands sæti miklu fjársvelti og að ekki hafi verið greitt með yfir 500 virkum nemendum á síðasta skólaári.

„Sjálfstæðisflokkurinn fer með menntamál bæði á þingi og í ríkisstjórn og er valdamesti stjórnmálaflokkur landsins þannig að við höfum miklar áhyggjur af þessu,“ segir Stefán. Hann segir stúdenta hafa hvatt nefndina til þess að taka málið upp í þinginu og viðbrögð við þeirri bón hafi verið jákvæð.

„Okkar tilgangur er að hvetja hina flokkana til þess að standa með okkur vörðinn um jafnrétti til náms,“ segir Stefán.

- saj

**RÚSSNESK MENNINGARHÁTÍÐ**

# Fjölskylduhátíð í Vetrargarðinum í Smáralind

## – í dag kl. 13:40-16:00



Kl. 13:40 **Skólahljómsveit Kópavogs** tekur á móti gestum með vel völdum rússneskum lögum undir stjórn Össurar Geirssonar.

Kl. 14:00 **Gunnar I. Birgisson**, bæjarstjóri Kópavogs, býður gesti velkomna.

Kl. 14:05 **Fimleikasýning Gerplu** - úrvalshópur og börn á 5. og 6. þrepi sýna dans, áhaldafimleika og stökk undir stjórn Vladimir Antonov, Svetlana Makaritseva og Mykola Vovk.

Kl. 14:30 **Rossiyanochka-danshópurinn** frá Pétursborg. Margverðlaunaður dansflokkur sem hefur komið fram víðs vegar í Evrópu, Bandaríkjunum og Kína.



Kl. 14:50 **Kór Snælandsskóla** syngur undir stjórn Heiðrúnar Hákonardóttur. Undirleikari er Lóa Björk Jóelsdóttir.

Kl. 15:05 **Terem-kvartettinn flytur tónlistaratriði** - kvartettinn hefur öðlast heimsfrægð fyrir sérstæða tónlist spilaða á alþýðuhljóðfæri. Þeir spiluðu fyrir fullu húsi í Salnum á hátíðinni og komust færri að en vildu.

Kl. 15:30 **Rússneskur talmálshópur Alþjóðahússins** - rússnesk börn sem búsett eru á Íslandi syngja lög frá heimalandi sínu.



Kl. 15:45 **Stelpurnar** bregða á leik - Gulla og Ilmur leika á als oddi á rússneska vísu.

Kl. 16:00 **Skólakór Kársness** syngur rússnesk lög undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

Kynnir er Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs.

Boðið verður upp á andlitsmálun fyrir yngri kynslóðina og rússneskar bifreiðir verða á svæðinu gestum og gangandi til augnayndis. Allir velkomnir.

AP almannatengsl / H2 hönnun

**www.kopavogur.is** **www.gerdarsafn.is** **www.salurinn.is** **www.bokasafnkopavogs.is**

Landsbankinn BYGG BYKO Smáralind KB BANKI Byggingafélag ÍSLANDSBANKI










Landsbankinn og Neistinn:

# Myndarleg gjöf

**STUÐNINGUR** Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, varð tíu ára fyrr á árinu og af því tilefni færði Landsbankinn félaginu hálfa milljón króna að gjöf. Um leið og Björgólfur Guðmundsson bankaráðsformaður afhenti gjöfina fyrir hönd bankans gaf hann 250 þúsund krónur úr eigin vasa.

Peningarnir rennar í Styrktarsjóð hjartveikra barna og um leið var gengið frá samkomulagi um að Landsbankinn annist eignastýringu fyrir sjóðinn.

Þórdís Elín Kristinsdóttir, gjaldkeri Neistans, og dóttir hennar Regína Krista veittu gjöfunum frá bankanum og Björgólfi viðtöku. **-bþs**



**GJÖRIÐ SVO VEL** Regína Krista, í fangi móður sinnar, tekur við gjöfinni úr höndum Björgólfs.



**RÚTA VIÐ LEIFSSTÖÐ** Hart er deilt um réttinn til að taka kúnna upp í við Leifsstöð. Lögmaður Allrahanda segir einhvern maðk í mysunni við sérleyfisveitingu til handa Kynnisferðum.

# Kæra útboð á sérleyfi

**Lögmann Allrahanda grunar að ákveðið hafi verið fyrir fram að veita Kynnisferðum sérleyfin til Suðurnesja. Allrahanda hefur kært Vegagerðina.**

**SAMGÖNGUR** „Það læðist að manni sá grunur að það hafi verið búið að ákveða það fyrirfram að láta Kynnisferðir, dótturfyrirtæki FL Group hafa þetta,“ segir Eggert B. Hauksson lögmaður Allrahanda.

Allrahanda hefur kært Vegagerðina til kærunefndar útboðsmála þar sem hún tók tilboði Kynnisferða um sérleyfisakstur til Suðurnesja þó svo að tilboð Allrahanda hafi verið 76 milljón krónum ódýrara.

Jón Rögnvaldsson segir að tilboði Allrahanda hafi ekki verið tekið þar sem það hafi ekki staðist þau skilyrði sem sett voru fram í útboðinu en vildi ekki segja nánar um það hvaða skilyrði það eru. Hann segir það af og frá að ákveðið hafi verið fyrirfram hver skildi fá sérleyfið.

Eggert segir að forsvarsmenn Allrahanda hafi farið fram á skýringar frá Vegagerðini um það hvaða skilyrði þeir hafi ekki staðist en ekki fengið nein viðbrögð. Hann segir ennfremur að skilyrðin hafi verið mjög óljós og það auðveldi Vegagerðinni að hafna tilboðum á þeim forsendum.

„Gallinn við þetta ferli er sá að kærunefnd útboðsmála getur ekki rift samningi milli Vegagerðar og Kynnisferða og því grunar mann að þeir ætli að semja sín á milli og skáka svo í því skjóli að skrifað hafi verið undir og kærunefnd geti ekki rift þeim samningi,“ segir Eggert.

Allrahanda og fyrrum eigendur þess hafa verið lýstir gjaldþrota en þeir koma báðir að rekstri fyrirtækisins nú. Aðspurður hvort hann telji að þessi fortíð og kennitöluflakk hafi haft áhrif við matið segir Eggert að svo geti ekki verið og segir að fyrirtækið hafi haft sömu kennitölu frá því 1992.

Ekki náðist í Heiðar Hrafn Eiríksson framkvæmdastjóra Allrahanda.

Fyrirtækin sem áttu hæðstu tilboð í sérléyfin í upphafi drógu tilboð sín til baka en þau voru byggð á reiknisskekkjum.

**jse@frettabladid.is**

Markaðsráð kindakjöts:

# Fyrsti vetrardagur verði súpukjötsdagur

**MATVÆLI** Markaðsráð kindakjöts hefur ákveðið að laugardagurinn 22. október, fyrsti vetrardagur, verði Hinn íslenski súpukjötsdagur og eru landsmenn hvattir til að halda upp á daginn með því að gæða sér á ljúffengri kjötsúpu að íslenskum sið.

Sama dag býður kjötiðnaðarfyrirtækið Norðlenska landsmönnum öllum að koma og skoða starfsemi fyrirtækisins á Akureyri, á milli kl. 13 og 16, og verður gestum boðið upp á íslenska kjötsúpu.

Á opnu húsi Norðlenska gefst fólki einnig kostur á að sjá eina fullkomnustu úrbeiningarlínu fyrir stórgripi í heimi og börnum verður boðið upp á kassaklifur og fleira. **- kk**



# Tæknibær

## Gerðu verðsamanburð...

| | Tæknibær | Tölvulistinn | Mismunur á hæsta & lægsta verði |
|---|---|---|---|
| 300W Spennugjafi | 2.990 | 3.490 | 17% |
| ATi 9600 Pro 256 MB AGP skjákort | 10.500 | 12.900 | 23% |
| Geforce 6600GT 128 MB AGP skjákort | 18.900 | 19.900 | 5% |
| Platinum 8X, DVD+R 4.7 GB. 25 stk. | 2.900 | 3.490 | 20% |
| Acer 17" LCD 8ms | 27.900 | 29.900 | 7% |
| Acer 19" LCD 8ms | 39.900 | 44.900 | 13% |
| Logitech MX518 | 5.490 | 5.990 | 9% |
| 3 metra USB2.0 kapall | 700 | 1.490 | 113% |
| 1.8 metra Firewire kapall | 900 | 1.990 | 121% |
| 5 metra 10/100 Cat5 netkapall | 600 | 1.290 | 115% |
| SD minniskort 256 MB | 2.500 | 3.490 | 40% |
| MemoryStick Pro Duo 1 GB | 12.900 | 14.900 | 16% |




**Tæknibær**

Skipholti 50c · Sími 551 6700

**www.tb.is**

Virkir dagar: 9:00 - 19:00

Laugardagar: 11:00 - 16:00

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Engin ástæða er til annars en að halda áfram að draga úr tekjujöfnunaráhrifum skattkerfisins.

## Skattheimta og réttlæti

Hér er ein samviskuspurning kæri lesandi: Ef þú gætir valið milli þess að fá hærri laun útborguð um hver mánaðamót og hins að hálaunaður nágranni þinn borgaði meira af tekjum sínum í skatt til ríkisins, hvorn kostinn myndir þú taka?

Sjálfur tæki ég hærri laun og þyrfti ekki að hugsa mig um eitt andartak, frekar en ég held að mikill meirihluti launafólks myndi gera ef það stæði frammi fyrir þessum tveimur valkostum. Ef eitthvað er að marka orð forystumanna Alþýðusambands Íslands myndu þeir hins vegar frekar kjósa að nágranninn borgaði hærri skatt en að hækka útborguð laun sín og umbjóðenda sinna.

*„Það er vissulega fögur hugsun en tekjujöfnunaráhrif skatta hjálpa aftur á móti þeim sem njóta minnstra tekna ekkert við að hækka tekjur sínar og bæta þar með afkomu sína. Háir tekjuskattar eru ekkert annað en jöfnun lífsgæða niður á við.“*

Í ræðu á nýhöfnu ársþingi ASÍ lagði formaðurinn Grétar Þorsteinsson áherslu á að sambandið vill ekki lækka tekjuskatt og ítrekaði enn einu sinni þá skoðun sambandsins að skattheimta eigi ekki síður að vera tekjujöfnunarkerfi en tekjuöflunarkerfi, eins og er einmitt núgildandi hlutverk tekjuskattskerfisins á Íslandi. Ef við færum þetta í fallegri orð þá merkir þetta að samhliða tekjuöflun fyrir ríkissjóð sé markmið skattlagningar að auka réttlæti í þjóðfélaginu. Sem er vissulega fögur hugsun en hjálpar aftur á móti þeim sem njóta minnstra tekna ekkert við að hækka tekjur sínar og bæta þar með afkomu sína. Háir tekjuskattar eru því ekkert annað en jöfnun lífsgæða niður á við.

Í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá því í maí 2003 kemur fram að flokkarnir stefna að lækkun tekjuskatts í áföngum um 4 prósent á kjörtímabilinu. Fyrsta skrefið var tekið um síðustu áramót þegar tekjuskattur einstaklinga lækkaði um eitt prósent, úr 25,75 prósentum í 24,75 prósent. Reiknað var með sömu lækkun í næsta áfanga um næstu áramót og að 2007, síðasta ár kjörtímabils ríkisstjórnarinnar, lækkuðu skattar um tvö prósent.

Þessi viðleitni ríkisstjórnarinnar við að draga úr tekjujöfnunaráhrifum skattkerfisins hefur sætt gagnrýni meðal annars á þeim forsendum að ójöfnuður sé sífellt að aukast í íslensku samfélagi. Í því samhengi hefur verið bent á að launamunur hefur margfaldast á undanförnum áratug. Það er rétt en miklu huggulegri hlið á málinu er þó sú staðreynd að kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist hlutfallslega mest allra launa undanfarin ár og er nú um 70 prósentum hærri en fyrir tíu árum.

Betur þó má ef duga skal því tæplega þriðjungur atvinnubærra Íslendinga þarf að þola laun sem liggja undir skattleysismörkum og borgar því engan tekjuskatt. Sá hópur græðir að sjálfsögðu ekki neitt á fyrirhuguðum skattalækkunum. Miklu nær er að setja á oddinn að hækka laun þeirra frekar en að berjast fyrir því að tekjuskattar haldist áfram háir svo helst enginn hafi það of gott.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frjáls fetaostur

Mjólkursamlagið Mjólka hefur boðað innkomu á ostamarkaðinn í beinni samkeppni við Osta- og smjörsöluna. Á næstunni ætlar Mjólka, sem Vífilfell keypti nýlega stóran hlut í, að setja á markað fetaost sem Osta- og smjörsalan framleiðir nú þegar. Eini munurinn er sá að Mjólka nýtur engra niðurgreiðslna af hálfu ríkisins og selur því vöru sína á markaðsverði. Framkvæmdastjóri Mjólku, Ólafur M. Magnússon, er þekktur baráttumaður en hann barðist um tíma með samtökunum Sól í Hvalfirði sem nú loks er farin að skína í Hvalfirðinum þrátt fyrir að göngin hafi verið lögð undir Hvalfjörðinn.



### Leikreglur viðskipta

Jón Þór Sturluson hefur tekið sæti Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í bankaráði Seðlabankans. Ingibjörg Sólrún hefur ákveðið að fara fram á það við Alþingi að hún verði leyst undan setu í ráðinu vegna breytinga sem orðið hafa á högum hennar frá því að hún var kosin í bankaráðið fyrir tveimur árum rúmum. Jón Þór er þekktur baráttumaður í liðssveit Ingibjargar og er meðal annars einn hinna svokölluðu hópstjóra í framtíðarhópi Samfylkingarinnar sem komið var á laggirnar eftir hugmynd Ingibjargar. Hópurinn sem Jón Þór stýrir er vel í takt við breytingar á bankaráðinu og högum í Seðlabankanum en hópurinn nefnist Leikreglur viðskiptalífsins.

### Ekki þreytt

Oktavía Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri til síðastliðinna átta ára, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til forystu í Samfylkingunni fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Í viðtali við Morgunblaðið segist hún alls ekki vera þreytt á pólitík né heldur hafa misst áhugann á stjórnmálum, hver svo sem munurinn er á þessu tvennu. Hún segist ekki hafa áhuga á landsmálum en hún virðist þegar þreytt eftir heil tvö kjörtímabil. Fyrir norðan er fullyrt að þar sem tveir aðrir gefa kost á sér í efsta sætið hafi Oktavía ekki lagt í baráttuna að sinni en hennar tími mun koma síðar segja stuðningsmenn hennar.

hjalmar@frettabladid.is

## Af rjúpnaveiði og geislavirkni

Í DAG
EFTIRLIT MEÐ RJÚPNAVEIÐUM



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

*Ég tel mjög hollt að stjórnvöld svari þeirri spurningu hvort að það skipti einhverju máli fyrir þjóðarhag hvort rjúpnastofninn sé 10 þúsund fuglum stærri eða minni.*

Rjúpnaveiðitíminn hófst þann 15. október síðasliðinn og ég er einn þeirra sem vonast til þess að ná í nokkrar rjúpur í jólamatinn.

Umhverfisráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir hefur leitt vægast sagt mjög sérkennilega umræðu um eftirlit með rjúpnaveiðum og boð og bönn nú í upphafi veiðitímabilsins.

Umræðan hefur verið yfirþyrmandi og er nánast eins og haft sé í hótunum við okkur veiðimenn, boðaðar eru víðtækar og hertar lögregluaðgerðir til þess að fylgjast með verkfærum og að veiðimenn hafi öll tilskilin leyfi.

Boðað hefur verið að beita eigi jafnvel þyrlum Landhelgisgæslunnar til þess að allt fari samkvæmt vilja umhverfisráðherra. Umhverfisráðherra hefur bannað rjúpnaveiðar á stórum svæðum og svo virðist sem Guðni Ágústsson Framsóknarráðherra sé nú haldinn sömu áráttu og hefur bannað allar rjúpnaveiðar á öllum eyðijörðum í eigu ríkisins. Það hefur ekki mikið heyrst frá hagsmunafélagi skotveiðimanna Skotvís í þeirri umræðu sem hefur dunið á skotveiðimönnum.

Það er rétt að hafa það í huga að allt veiðikortakerfi Umhverfisstofnunar byggir á samvinnu við veiðimenn og að þeir gefi upp réttar veiðitölur. Veiðimenn fara yfirleitt í einu og öllu eftir settum reglum. Það væri miklu nær af umhverfisráðherra að koma á samvinnu við veiðimenn og koma betri upplýsingum á framfæri fyrir veiðimenn um hvar veiðar eru leyfðar. Einnig er orðið nauðsynlegt að taka saman upplýsingar um hvar og hvernig veiðimenn geta sótt um leyfi til rjúpnaveiða á þeim landsvæðum þar sem rjúpnaveiðar eru háðar leyfi landeigenda.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að þegar rjúpnaveiðibannið tók gildi fyrir 2 árum þá var rjúpnastofninn að vísu í lágmarki en samt sem áður ekki marktækt minni en fyrri lágmörk stofnsins. Enn fremur hefur ekki verið sýnt fram á að veiði hafi áhrif á stærð rjúpnastofnsins en hægur vandi ætti að vera að skoða vöxt rjúpnastofnsins á þeim svæðum sem friðuð eru og bera saman við þróun stofnsins á þeim svæðum sem veitt er á. Það veiðibann sem var í gildi gaf því miður litla vitneskju um áhrif veiða á þróun stofnsins. Rjúpnastofninn var í lágmarki fyrir 2 árum og allar líkur voru á því að hann hefði vaxið hvort sem veiðibanni hefði verið komið á eða ekki. Vegna alfriðunarinnar er hægt að deila um það hvort vöxturinn hefði hvort eð er orðið þó svo að veiðibanni hefði ekki verið komið á.

Það er deginum ljósara að veiðar stofna ekki rjúpnastofninum í hættu en mögulegt kann að vera að veiðirnar hafi að einhverju leyti áhrif á stærð rjúpnastofnsins og takmarki stærð hans.

Ég tel mjög hollt að stjórnvöld svari þeirri spurningu hvort að það skipti einhverju máli fyrir þjóðarhag hvort rjúpnastofninn sé 10 þúsund fuglum stærri eða minni.

Þessar gríðarþungu áherslur umhverfisráðuneytisins á hænsnfuglinn rjúpuna með öflugu eftirliti úr lofti og af láði eru mjög undarlegar í ljósi þess hve hljóðlega umhverfisráðherra hefur beitt sér í máli sem er miklu brýnna hagsmunamál fyrir þjóðarhag sem er tryggja að geislun berist ekki inn á hafsvæðið í kringum Ísland.

Í vor sem leið þá láku geislavirk efni frá kjarnorkuvinnslustöðinni í Sellafield og í kjölfarið þá óskuðu íslensk stjórnvöld eftir skýrslu frá breskum stjórnvöldum um stöðu mála en hún hefur ekki borist enn. Fyrir hálfum mánuði birtust í breska stórblaðinu Independent fréttir af því að blaðið hefði undir höndum innanhússkýrslu frá stöðinni sem opinberi að röð mistaka hafi átt sér stað í umræddri stöð, bæði hvað varðar framleiðsluferlið og síðan hvað varðar gæða- og öryggiseftirlit. Það ætti að vera svo að einhver af þessari stóru vösku sveit sendiherra sem flestir eru tengdir beint inn í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkinn ætti að geta fundið einhvern tíma til að sinna þessu máli.

Það er miklu nærtækara að við Íslendingar einbeitum okkur að því að setja þrýsting á umhverfismál hafsins í stað þess að vera að kröftum okkur að því að komast inn í öryggisráð sameinuðu þjóðanna. Ráð sem fjallar m.a. um hvort beita eigi aðrar þjóðir þvingunum s.s. viðskiptabanni eða hernaði.

**Höfundur er alþingismaður.**





MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið






AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


SOFÐU VEL
VELDU ÞAÐ BESTA
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR
iq-care.com
FRÁBÆR TILBOÐ Á RAFMAGNS-RÚMUM
IQ-CARE
HEILSUKODDAR
BIFLEX með heilsudýnu 80x200 cm.
Verð frá kr. 74.450 stgr.
ATH!
FRÍ HEIMSENDING OG UPPSETNING
Akureyri,
Reykjavík
og nágrenni
WALLHUGGER
Eitt með öllu!
Eitt mest selda stillanlega rúm í heimi
Biflex
GÆÐI
GÓÐ VERÐ
ÞJÓNUSTA
ÚRVAL
ÞEKKING
REYKJAVÍK
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Verið velkomin
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



Tilboðin gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast
SLÁTRUN 2005
KS SÚPUKJÖT I. FL.
395 kg KR.
Merkt verð 449kr.
20% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Helgin byrjar
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
269 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 449kr.
Ferskir blandaðir Holta kjúklingabitar
...fyrir góðan dag!
I. flokks frosið lambasúpukjöt
PILSNER
500 ml
39 KR.
40% afsláttur við kassann
20% afsláttur við kassann
ÍSLANDS GRÍS
PÓLSK TORUNSKA
PÓLSKAR PYLSUR
1359 KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 1699kr.
PYLSUR ÁN BINDIEFNA, MSG OG ÁN VIÐBÆTTS VATNS
Vanillu ís 2 lítrar
Súkkulaði ís 2 lítrar
2 LÍTRAR
159 KR.
Vínarsteik
KF SVÍNAHELGARSTEIK
899 KR.
KÍLÓVERÐ
10% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
Beinlaus Vínarsteik
Sudoku 1 og 2
SUDOKU BÓK
859 KR.
4 Euroshopper eldhúsrúllur
Kitchen towel • Keukenpapier Køkkenrulle
4 rolls/st/stk
4 ES ELDHÚSRÚLLUR
129 KR.
Chips
ES SNAKK
200g
98 KR.
5 tvöföld DVD hulstur
Möppugötuð
50 tvívasa CD umslög
10 CD hulstur
5 TVÖFÖLD DVD HULSTUR
199 KR.
50 CD UMSLÖG
399 KR.
10 CD HULSTUR
299 KR.
Panasonic ryksugan komin aftur!
PANASONIC 1500W RYKSUGA
3998 KR.
SERVÖRU VERSLANIR
1500W
200 mynda albúm
200 MYNDA ALBÚM
299 KR.
BÓNUS



í Bónus!
EKKERT BRUÐL
GRILLAÐUR HEILL KJÚKLINGUR
798 KÍLÓVERÐ KR.
Bónus hamborgarhryggur frá Síld og fisk
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
899 KÍLÓVERÐ KR.
Franskar 1 kíló
FRANSKAR
98 1 KÍLÓ! KR.
BÓNUSKAFFI
199 500g KR.
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi
fyrir alla
BLANDAÐ FYRIR BÓNUS
Grillaður heill kjúklingur með PEPSI MAX 2ja lítra í kaupbæti!
Saltfisks flök
FJÖRFISKUR/FLÖK
595 KÍLÓVERÐ KR.
15% afsláttur við kassann
Merkt verð 699kr.
EKKERT BRUÐL
15% afsláttur við kassann
Múslí 750g
MORGUNMÚSLÍ
199 750g KR.
FERSKUR Bónus trönuberjasafi
TRÖNUBERJASAFI
259 1 LÍTRI KR.
25% BERJAINNIHALD
Enginn viðbættur sykur
Bónus býður betur!
SÓLKJARNA RÚGBRAUÐ
129 KR.
Sólkjarna rúgbrauð Hollur biti!
Gæða rúgbrauð!
SPARIÐ 20%
20% verðlækkun
www.bonus.is
bonus.is




MAÐUR VIKUNNAR

# Kraftmikill og ögrar sér

BALTASAR KORMÁKUR



Það kom fáum sem þekktu Baltasar Kormák Baltasarsson á unglingsárum á óvart að hann myndi láta til sín taka.

Hann fór fyrir öflugum hópi í Herranótt þegar hann var við nám í Menntaskólanum í Reykjavík. Leikhæfileikar hans komu vel í ljós og ekki spillti að hann var glæsilegur á velli, dökkur á brún og brá. Hann hefur alla tíð verið mikill kvennaljómi og dökku augun brætt margt meyjarhjartað.

Leikhæfileikarnir voru ekki það eina sem kom í ljós í uppsetningum Herranætur. Baltasar var allt í öllu, tók frumkvæði og gekk í öll þau verk sem þurfti að ganga í hjá litlu leikhúsi.

Baltasar komst inn í Leiklistarskólann og meðal bekkjarsystkina hans var Ingvar E. Sigurðsson, en þeir tveir fengu þegar mikla athygli sem leikarar að námi loknu. Baltasar hefur á seinni árum snúið sér að leikstjórn og gert garðinn frægan, bæði á leiksviði og í kvikmyndum.

Kvikmyndin er knappt listform og þar njóta eiginleikar Baltasars sín vel. Hann hefur afar gott auga og nýtur þar sjálfsagt myndlistaruppeldis úr heimahögunum. Einnig er hann fljótur að skilja kjarnann frá hisminu. Það hefur komið vel í ljós þegar hann hefur unnið leikverk og kvikmyndir eftir verkum hins orðmarga Hallgríms Helgasonar. Kvikmynd hans 101 Reykjavík náði að grípa vel bæði inntak og húmorinn í bók Hallgríms og sama má segja um uppfærslu hans í Þjóðleikhúsinu á Þetta er allt að koma. Sú sýning var óborganlega fyndin og næmi Baltasars fyrir húmor verksins og kómískum uppstillingum naut sín til hins ýtrasta.

Mynd hans Hafið fékk einnig verðskuldaða athygli. Baltasar fylgdi myndinni eftir með því að leggja skoðanir sínar til umræðu um kvótakerfi og sjávarbyggðir landsins. Þar kom skýrt fram hversu sterkt verkefnin grípa hann og þótt eflaust megi deila um margt í skoðunum hans fór ekki á milli mála að í umræðunni var hann rekinn áfram af ríkri réttlætiskennd og samúð með örlögum íslenskra sjávarbyggða.

Einn af kostum Baltasars er að hann er óhræddur við að takast á við nýja hluti. Leggja á braut óvissunnar og læra af verkum sínum. Slíkum tekst ekki alltaf jafn vel upp með allt. Þannig fékk uppsetning hans á Draumi á Jónsmessunótt blendnar viðtökur. Helsti veikleiki hans sem leikstjóra er að hann er maður sjónrænna þátta leikhússins fremur en texta. Það hefur ekki fælt hann frá því að ögra sjálfum sér með því að takast á við gullaldartexta.

Baltasar er maður sem gengur í þau verk sem hann tekur sér fyrir hendur og málamiðlanir einkenna ekki persónuna. Hann tók á sínum tíma af jafnmiklum krafti á skemmtanalífi borgarinnar og á verkefnum sínum. Svo miklum krafti að sjálfum þótti honum fyrir rest nóg komið og hætti að drekka áfengi. Það hefur þó ekki stöðvað gleðimanninn í honum, því enn á hann það til að mæta á öldurhús og vera hrókur alls fagnaðar með sódavatnsglas í hendi.

Baltasar er í eðli sínu frumkvöðull og margir veðja á það að hann eigi eftir að fara miklu lengra í alþjóðlegri kvikmyndagerð en enn er raunin. Honum hefur tekist að fá þekkta leikara til samstarfs við sig og fátt virðist stöðva hann á þeirri braut að komast áfram í alþjóðlegum kvikmyndaiðnaði. Hann skortir hvorki kraft né kjark.

Það er því viðeigandi að hann takist nú á við Mýrina eftir Arnald Indriðason, sem hefur vakið mikla athygli víða um heim fyrir bækur sínar. Margir munu bíða spenntir eftir að sjá myndina.

Kona Baltasars er Lilja Pálmadóttir og eiga þau þrjú börn, en Baltasar á fyrir einn son.



## AF NETINU

### Skrípaleikur

Á hinn bóginn hefur Bandaríkjastjórn gert allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja að réttarhöldin yfir Saddam Hussein verði ekki annað en skrípaleikur. Sakborningurinn hefur haft takmarkaðan aðgang að verjendum og þeir takmarkaðan aðgang að málsskjölum. Öðru hvoru hefur heimsbyggðin svo fengið að sjá myndir af Saddam í læknisskoðun eða á nærfötunum eða við aðrar niðurlægjandi aðstæður ¿ svona til þess að undirstrika að hér sé ekki verið að fylgja leikreglum réttarríkis. ... Auðvitað þarf enginn fjölmiðill með sjálfsvirðingu að spila með. Auðvitað munu flestir þeirra gera það eigi að síður og flytja fréttir af sýndarréttarhöldunum dag eftir dag. Þær munu ryðja burt af forsíðunum fréttum af fórnarlömbum hernámsins - venjulegu fólki sem lætur lífið á hverjum degi vegna þessarar óheillaákvörðunar. Þetta snýst um „fréttamat", skilurðu.

**Sverrir Jakobsson - murinn.is**

### Fyrirgreiðslupólitík finnst enn

Fyrirgreiðslustjórnmál hafa vissulega farið minnkandi í seinni tíð með aukinni regluvæðingu opinbera geirans og minni pólitískri stýringu á gæðum. En þótt þau séu ekki jafn fyrirferðamikil og þau voru þá er ekki búið að uppræta þau.

Til að gera svona úttekt þá þarf jú að gefa sér einhverjar skýrar forsendur. Fyrir þá sem vilja kynna sér spurningalista, aðferðafræði og úrtök þá er hægt að nálgast allar upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar. En það hinsvegar má leiða hugann að því hvernig fjölmiðlar kjósa að koma svona fréttum á framfæri.

**Sigríður Dögg Guðmundsdóttir - deiglan.com**

### Styðjum konur

Mér skilst að borgarstjórinn hafi sent bréf til forstöðumanna allra undirstofnana borgarinnar og mælst til þess að konum verði gert kleift að taka þátt í kvennafrídeginum á mánudag, svo fremi það komi ekki niður á þjónustu stofnana. Eflaust er góð meining í því, en hversu langt nær það á t.d. leiksskólum borgarinnar sem eru miklir kvennavinnustaðir? Hvernig er hægt að fara úr vinnunni og á fund án þess að það komi niður á þjónustunni?

Ég er ákveðinn í að sækja drengina mína í leiksskólann og skólann snemma á mánudag eða um hádegið og reyna þannig að létta á starfinu þannig að sem flestir sem vilja geti farið niður í bæ og tekið þátt í hátíðarhöldunum. Hvet ég sem flesta karla til að gera slíkt hið sama.

**Björn Ingi Hrafnsson - bjorningi.is**

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


LAGERÚTSALA
FJÖLVA
FRÁBÆR BÓKAVEISLA Í SKÚTUVOGI 6
Opið alla daga frá 12 - 18
Þú getur einnig pantað bækur á netinu á sama lága verðinu.
Fjölbreytt úrval ódýrra bóka fyrir alla fjölskylduna:
Barnabækur - Teiknimyndasögur - Skáldsögur - Ævisögur - Ferðabækur
Listaverkabækur - Heilsubækur
Tölvubækur og margt fleira
Girnilegir bókapakkar á enn betri kjörum!
Allir fá bók í kaupbæti!

Nýjung! Lítið við í Fornbóka-horninu.
Kauptu 3 Tinnabækur og fáðu flottan Tinnabol í kaupbæti
Opið alla daga frá 12-18
www.fjolvi.is Sími : 568 2454




Kosningaskrifstofan opnar í dag
laugardag kl. 16.00 að Borgartúni 6, gömlu Rúgbrauðsgerðinni.
*Allir velkomnir*
*Tónlist, veitingar og skemmtilegur félagsskapur.*
Bolli Thoroddsen 5. sæti
• Verkfræðinemi HÍ
• Formaður Heimdallar
• 2. varaformaður SUS
• Fulltrúi í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins
Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er 4.- 5. nóv.
www.bolli.is
Borgartún 6, opið virka daga kl. 12.00-22.00, um helgar 13.00-22.00. Símar 823 5223 og 847 1312.

# „... þekktir tækifærissinnar“

Fréttablaðið hefur – með aðferðum sem eru trúnaðarmál – tekist að tengja tölvukerfi blaðsins þannig að dagbókarfærslur Þráins Bertelssonar, hugleiðingar, athugasemdir og ýmislegt sem ef til vill hefði betur aldrei verið skrifað kemur nú fyrir sjónir almennings, einu sinni í viku. Alltaf á laugardögum. En stærri skammta af þessum skrifum telur Fréttablaðið ekki ráðlegt að birta í einu lagi til að forðast lögbann. Hér á eftir fer vika númer tvö.

**LAUGARDAGUR 15. OKT. 2005**

## Yfirvofandi heimsendir

Áhyggjufullur alþingismaður skrifar:

„... Fyrrverandi formaður Samfylkingar gerir sér enga grein fyrir því að kanínur ógna nú vistkerfi í Vestmannaeyjum Við verðum að fjarlægja þær með öllum tiltækum ráðum, **áður en það verður of seint.** (Leturbr. mín ÞB). ... Kanínur eru þekktir tækifærissinnar, hvar sem þær koma. Þess vegna leggjum við fram þingmál til að leysa þennan vanda.“



*Kæra Dagbók*

*Þráinn Bertelsson skrifar*



Það er ekki dónalegt að lesa þetta með kaffinu á laugardagsmorgni.

Góður dagur. Sund, Bónus, síðdegislúr, indælt kvöldverðarboð hjá vinafólki. Líflegar umræður um þróun heimsmála. Ég lagði lítið til málanna og leyndi áhyggjum mínum af kanínufárinu, vildi ekki tala um yfirvofandi heimsendi í þessu notalega samkvæmi.

**SUNNUDAGUR 16. OKT.**

## Íslenskur tónlistarviðburður og þjóðsaga frá Prag



Frábærir tónleikar hjá Tricolore. Það tríó skipa þau **Hjörleifur Valsson** fiðluleikari, **Þórhildur Björnsdóttir** píanóleikari og síðast en ekki síst **Björg Þórhallsdóttir** sópransöngkona. Ný íslensk prímadonna. Kannski á Björg eftir að verða jafnfræg og **Björk**. Björg & Björk. Hvílík rödd. Hvílíkar undirtektir.

Það var nokkuð liðið á tónleikana þegar ég áttaði mig á því að fiðluleikarinn Hjörleifur – hreinasti virtúós – er maður sem ég kannaðist við af afspurn. Hann er nefnilega goðsagnapersóna í Prag, þar sem hann dvaldi um hríð á námsárum sínum. Til að drýgja tekur sínar réði hann sig sem þjón á Restaurant Reykjavík hjá **Þóri Gunnarssyni** gestgjafa.

Kvöld eitt var Hjörleifur að þjóna gestum þegar honum verður það á að sulla úr súpuskál yfir einhverja hefðarfrú sem átti sér einskis ills von. Það varð uppi fótur og fit og maður gekk undir manns hönd við að verka af frúnni súpuna. Þegar það hafði tekist birtist hinn seinheppni þjónn á nýjan leik við borðið og frúin varð skelfingu lostin. Það kom þó í ljós að þjónninn hafði ekki frekari veitingar meðferðis heldur vildi hann biðjast afsökunar á óhappinu og dró fram fiðlu og hóf að leika undurfagurt lag fyrir frúna að hún mætti fyrirgefa honum.



Ekki hafði Hjörleifur leikið lengi þegar allir viðstaddir höfðu lagt frá sér hnífapörin og hlustuðu á tónana sem þessi ungi maður seiddi úr fiðlunni og í lok lagsins klöppuðu gestirnir ákaflega en hæst klappaði þó frúin sem hafði fengið súpuna í kjöltu sína í upphafi veislunnar.

Nú er Hjörleifur löngu hættur að bera fram súpu í Prag til að fjármagna fiðluleikinn, en sagan segir að enn þann dag í dag komi fegurstu konur borgarinnar prúðbúnar inn á **Restaurant Reykjavík** með rómantískt blik í augum og spyrji um ljóshærða þjóninn með fiðluna: „Og gjöra svo vel að segja honum að honum sé velkomið að hella yfir mig súpu ef hann kærir sig um.“

**MÁNUDAGUR 17. OKT.**

## Að bólusetja þá sem ekki tengjast Baugi?

Váleg tíðindi: **Fuglaflensa** komin inn í Evrópusambandið. Til Grikklands. Eins gott að við vorum ekki búin að sækja um aðild.

En hvað á maður að gera ef mann langar ekki til að deyja úr fuglaflensu? Er þetta eins og svarti dauði? Á maður að flýja inn í Landmannalaugar? Eða er óhætt að vera í bænum og láta hvorki hósta né anda á sig? Ætli Grjótaþorpið sé ekki nokkuð öruggt, því að borgarstjórinn ætlar að hella tólf þúsund lítrum af sótthreinsandi spíra yfir **Ingólf Arnarson og Hallveigu Fróðadóttur** þar sem þau hvíla undir fótum hótelgesta í miðbænum. Kannski maður grafi sig bara niður til þeirra.



Er til bóluefni við þessu? Á þá að bólusetja alla þjóðina eða bara stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar? Eða alla sem geta sannað að þeir tengist ekki Baugi á nokkurn hátt? Hvað segir stjórnin? Ráðherrana hlýtur að langa til að lifa sem lengst á sínum góðu ellilaunum og einhverjir fleiri verða að fá að tóra til að borga.

**ÞRIÐJUDAGUR 18. OKT.**

## Morðóður „tengdabróðir“

**Bókin mín** kom út í dag. Ég skrifaði hana í næstum samfelldu þunglyndiskasti og nú keppast allir við að segja mér að hún sé skemmtileg. Mér líður samt eins og einfættum ballettdansara.

Furðufrétt dagsins leynir á sér: „Gruna tengdabróður Assads um morð.“

Þetta er merkilegt. Því að jafnvel þótt morð séu eiginlega heimilisiðnaður og tíðkist gjarna að fremja þau innan fjölskyldunnar hef ég aldrei heyrt talað um að „tengdabróðir“ hafi framið morð – eða yfirleitt aðhafst nokkurn skapaðan hlut.

Ég er ekki góður í ættfræði. Þó kann ég algengustu orð eins og mamma, afi, tengdafaðir, mágkona, svili og jafnvel mágur. En tengdabróðir, hver skollinn er það?

**MIÐVIKUDAGUR 19. OKT.**

## James Bond og eftirlaun stjórnmálamanna

Hlýtt og notalegt!



**Halldór** er kominn með móral og vill endurskoða eftirlaunin, enda er hann endurskoðandi að bókaramennt. Samt eru stjórnmálamenn ekki nema hálfdrættingar í launum á við kvikmyndaleikara svo að þetta ber vott um mikla nægjusemi.

Ég er handviss um að **Daniel Craig**, sem valinn var í síðustu viku til að taka við hlutverki James Bond af Pierce Brosnan, er á hærra kaupi en íslenskur ráðherra á fjórföldum eftirlaunum. Er það sanngjarnt? Reyndar bjargar Bond öllum heiminum á tveggja ára fresti, en stjórnmálamenn bjarga bara Íslandi og það á fjögurra ára fresti. Og svo er veröldin kannski ekkert sérlega réttlátur staður.



**FIMMTUDAGUR 20. OKT.**

## Gífurleg undirbúningsvinna

Úff, hvað það getur stundum verið kalt úti.

„**Davíð Oddsson** hóf störf sem seðlabankastjóri í dag. Hann sagði við Morgunblaðið að fyrsti dagurinn hefði bara gengið vel. Hann hefði verið **að þreifa sig áfram** (leturbr. mín, ÞB) og átt fundi með kollegum sínum og gengið um og hitt starfsmenn. Davíð segist hafa notað undanfarnar vikur til að undirbúa sig fyrir starf sitt sem seðlabankastjóri. „Síðustu þrjár vikur hef ég fengið send gögn daglega úr bönkunum og hef verið að lesa mér til. Bæði skýrslur, greinargerðir, fundargerðir og annað þess háttar.““



Þarna er sko ekki verið að svíkjast um.

**FÖSTUDAGUR 21. OKT.**

## Getur vanhæfur maður verið hæfur – og öfugt?

**Björn Bjarnason** endurtekur sí og æ að hann sé ekki vanhæfur.

Ímyndum okkur að hæfur maður kveði upp úrskurð um að hann sé vanhæfur. Og vanhæfur maður úrskurði að hann sé hæfur.

Hvernig á fólk að vita hvor maðurinn hefur á réttu að standa.

Svar: Auðvitað mundi enginn hæfur maður láta sér detta í hug að standa í svona röfli.

Nema þá einhver algjör þverhaus.

Eða það finnst mér að svo miklu leyti sem ég er hæfur eða vanhæfur til að hafa skoðun á þessu máli.



Full búð af nýjum útsöluvörum

30-70% afsláttur

ÚTSÖLUMARKAÐUR

Faxafeni 12, 108 Reykjavík, Opið 10-18 virka daga og 10-16 laugardaga, www.66north.is

66° NORÐUR

SONY

# Allt þetta

## í einum pakka




**KLVS32A10**
**SONY 32"LCD SJÓNVARP**

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m2
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

**219.950 krónur**

**Skýrari mynd en þú átt að venjast ...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.**





**HTSS600**
**SONY HEIMABÍÓ**

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

**49.950 krónur**

**DVP-NS360**
**SONY DVD SPILARI**

- Spilar R-1,R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

**12.950 krónur**

**Heildarpakkinn!**
**18.329 kr.**
**á mánuði* í 12 mánuði**
**eða 219.950 krónur staðgreitt.**

Listaverð 282.850 krónur

BaseCamp

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

20-21 Viðskipti 21.10.2005 18:12 Page 2



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.591 **+0,64%** **Fjöldi viðskipta:** 176 **Velta:** 1.554 millj.

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KB banki** | +1,54% | **Flaga** | -3,74% |
| **Össur** | +1,10% | **Jarðboranir** | -2,27% |
| **Mosaic Fashions** | +1,04% | **Tryggingamiðst.** | -2,08% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,00 +0,20% ... Bakkavör 43,70 +0,70% ... FL Group 14,00 -0,40% ... Flaga 3,60 -3,70% ... HB Grandi 9,30 +0,00% ... Íslandsbanki 14,95 +0,00% ... Jarðboranir 21,50 -2,30% ... KB banki 595,00 +1,50% ... Kögun 54,00 +0,00% ... Landsbankinn 21,80 -0,50% ... Marel 63,80 +0,00% ... SÍF 4,47 +0,00% ... Straumur 13,05 +0,80% ... Össur 92,00 +1,10%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á vísir.is

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Landsbankinn lækkar hámarkslán

## KB banki og Íslandsbanki ætla ekki að bregðast við.

Landsbankinn hefur ákveðið að lækka hámark íbúðalána úr 90 prósentum í 80 prósent af markaðsvirði eigna. Hvorki KB banki né Íslandsbanki ætla að lækka hámarkshlutföll að svo stöddu. SPRON veitir 80 prósenta lán að hámarki.

Bankastjórn Landsbankans tekur þessa ákvörðun í ljósi breyttra aðstæðna á fasteignamarkaði og gerir ekki ráð fyrir sömu hækkunum á fasteignaverði sem hafa átt sér stað síðustu misserin. Landsbankinn vill draga úr þeirri hættu að viðskiptavinir hans lendi í því að hrein eign þeirra verði neikvæð, það er að verðtryggð íbúðalán verði hærri en markaðsvirði eignarinnar.

KB banki ætlar að halda áfram að lána allt að 100 prósenta lán að uppfylltum vissum skilyrðum. Bankinn fylgist þó vel með gangi mála. „Við höfum ekki brugðist við þessum fréttum og höldum okkar striki áfram,“ segir Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs KB banka.

„Það er ekkert í pípunum hjá okkur að breyta hlutfalli hámarkslána. Við fylgjumst náið með markaðnum og skoðum útlánareglur bankans til hliðsjónar við breytingar,“ segir Vala Pálsdóttir hjá Íslandsbanka. Hún segir að algengustu lánin sem bankinn afgreiði séu um 60-80 prósent af markaðsverði eignar en bankinn láni enn 100 prósent að uppfylltum skilyrðum bankans. „Hvert einstakt mál er tekið til skoðunar enda viljum við veita ábyrga fjármálaráðgjöf.“

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, segir að sparisjóðurinn og dótturfélag hans, Frjálsi fjárfestingarbankinn, hafi lánað 80 prósent að hámarki um skeið. „Við töldum að það væri eðlilegt í ljós aðstæðna að stíga aðeins til baka og lækka hlutfallið,“ segir hann.

eggert@frettabladid.is



**LÆKKA HÁMARKSLÁN** Landsbankinn hefur ákveðið að lækka hámarkshlutfall íbúðalána úr 90 prósentum í 80. Hinir viðskiptabankarnir hafa ekki breytt hámarkshlutfalli sínu en SPRON og Frjálsi fjárfestingarbankinn lána að hámarki 80 prósent af verðmæti eignar.




**Þau eru komin í áhöfn hjá Icelandair, Íþróttaálfurinn, Glanni glæpur, Solla stirða og allir hinir í Latabæ.**

20-21 Viðskipti 21.10.2005 19:59 Page 3



## Methagnaður hjá Google

Þriðji ársfjórðungur virðist einhver sé besti í sögu bandarísku leitarvélarinnar Google en hagnaður á fjórðungnum var 22,8 milljarðar íslenskra króna. Sala félagsins sjöfaldast frá sama tímabili í fyrra en tekjurnar námu um 96 milljörðum íslenskra króna á fjórðungnum.

Uppgjör félagsins var umfram væntingar sérfræðinga og fjárfesta vestanhafs og tóku bréf félagsins stökk við opnun Nasdaq markaðarins í New York í gær. **- hb**

## Slakt uppgjör hjá Nýherja

Hagnaður varð af rekstri á þriðja ársfjórðungi sem nemur 4,3 milljónum eftir skatta. Á sama tímabili á síðasta ári skilaði félagið 36,3 milljónum í hagnað. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði dregst saman á milli tímabili um tæp 60 prósent en hann var nú 29,4 milljónir saman borið við 72,9 milljónir á síðasta ári.

Nýherji sendi nýlega frá sér afkomuviðvörun vegna ágreinings við viðskiptavin um túlkun á samningi en í uppgjörinu er gert ráð fyrir varúðarfærslu sem nemur tugum milljóna.

**- hb**











PABLO CASALS (1876-1973) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Við skulum ekki gleyma að bestu tónskáldin voru einnig bestu þjófarnir. Þeir stálu alls staðar og frá öllum.“*

PABLO CASALS VAR SPÆNSKUR SELLÓLEIKARI. HANN ER HVAÐ ÞEKKTASTUR FYRIR UPPTÖKUR SÍNAR Á SELLÓSVÍTUM BACHS.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST> 22. OKTÓBER 1797

### *Fyrsta fallhlífarstökkið í París*

Á þessum degi árið 1797 fór Andre-Jacques Garnerin í fyrsta fallhlífarstökkið. Hann stökk úr loftbelg í 3.200 feta hæð yfir París.

Leonardo da Vinci varð fyrstur til að koma fram með hugmyndina að fallhlíf en Frakkinn Louis-Sebastien Lenormand bjó til fyrstu fallhlífina úr tveimur regnhlífum árið 1783 og stökk úr tré. Garnerin varð hins vegar sá fyrsti sem hannaði fallhlíf sem hægt gat á hraða manns sem stökk úr mikilli hæð.

Garnerin fékk hugmyndina þegar hann var fangi í ungversku fangelsi á tíma frönsku byltingarinnar. Draumur hans var að geta stokkið niður af háum fangelsisveggjum. Ekki reyndist honum mögulegt að prófa hugmyndir sínar á þeim tíma en áhuginn á fallhlífastökki dofnaði ekki.



GARNERIN SVÍFUR TIL JARÐAR

Árið 1797 lauk hann við gerð fyrstu fallhlífarinnar sem var um 7 metrar í þvermál og fest við bastkörfu. Þann 22. október festi hann fallhlífina við loftbelg og sveif hátt yfir jörðu. Þá klifraði hann yfir í körfuna og skar böndin sem héldu henni. Þar sem hann gleymdi að hafa loftgat efst á fallhlífinni sveiflaðist hann til og frá á leið sinni til jarðar en lenti þó óskaddaður. Garnerin lét lífið árið 1823 í loftbelgsslysi þegar hann var undirbúa prófun á nýrri gerð fallhlífa.

## MERKISATBURÐIR

1253 Flugumýrarbrenna. Sturlungar brenna bæinn Flugumýri í Skagafirði. 25 fórust.

1903 Ásgrímur Jónsson opnar fyrstu málverkasýningu sína.

1954 Vestur-Þýskaland fær inngöngu í NATO.

1962 John F. Kennedy lýsir yfir í sjónvarpsávarpi að viðskiptabann verði sett á Kúbu.

1964 Jean-Paul Sartre hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels en neitar að taka við þeim.

1985 Fimm aurskriður falla úr Bíldudalsfjalli niður í kauptúnið og hljótast af nokkrar skemmdir.

1995 Tveir farast og þrjátíu slasast þegar rúta veltur í Hrútafirði.

## ANDLÁT

**Guðrún Baldvinsdóttir** frá Hrísey, síðast til heimilis í Hlíðarlundi 2, Akureyri, andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 18. október.

**Þóra Steinunn Stefánsdóttir** frá Keldunesi, Kelduhverfi, síðast til heimilis í Lönguhlíð 3, Reykjavík, andaðist á Landspítala Fossvogi miðvikudaginn 19. október.

## JARÐARFARIR

11.00 **Eydís Guðmundsdóttir**, Kveldúlfsgötu 14, Borgarnesi, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju.

11.00 **Jóhann Hermannsson**, fyrrverandi umboðsmaður skattstjóra á Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.

11.00 **Pálmi Eyjólfsson**, fyrrverandi sýslufulltrúi, Hvolsvegi 19, Hvolsvelli, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

13.30 **Anna Kristín Valdemarsdóttir**, Stekkum, verður jarðsungin frá Selfosskirkju.

14.00 **Lilja Guðmundsdóttir**, Flateyri, verður jarðsungin frá Flateyrarkirkju.

14.00 **Sigurður Valdimar Olgeirsson**, fyrrverandi skipstjóri og útgerðarmaður, Uppsalavegi 22, Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.

## BRÚÐHJÓN



Kolbrún Ívarsdóttir og Jóhann Anton Ragnarsson voru gefin saman í hjónaband í Ingjaldskirkju 2. júlí af séra Óskari Hafsteinssyni.

SVIPMYNDIR

## AFMÆLI

**Svanhildur Ólafsdóttir** frá Lækjarkoti varð 60 ára þann 20. október. Hún býður vinum og vandamönnum að gleðjast með sér að Miðgarði, Innri-Akraneshreppi, klukkan 17.30 í dag.



**Christopher Lloyd** leikari er 67 ára.



**Jeff Goldblum** leikari er 53 ára.



**Jón Óskar Hafsteinsson** myndlistarmaður er 51 árs.



**Steinn Kárason**, háskólakennari, ráðgjafi og garðyrkjumeistari er 51 árs.



**Bergþór Pálsson**, leikari og söngvari er 48 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1811** Franz Liszt tónskáld.



**1844** Sarah Bernhardt leikkona.



**1917** Joan Fontaine leikkona.








†

*Hjartans mamma okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Baldvinsdóttir**

frá Hrísey síðast til heimilis í Hlíðarlundi 2, Akureyri,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 18. október sl. Útför hennar fer fram frá Hríseyjarkirkju laugardaginn 29. október kl. 14.00.

**Baldvin Björnsson, Sigríður Kristín Jónasdóttir, Björn Björnsson, Ingibjörg Gísladóttir, Elín Björnsdóttir, Björn Ingimarsson, Rúnar Þór Björnsson, Arna Georgsdóttir, Birkir Björnsson, Ólöf Inga Andrésdóttir, Viðir Björnsson, barnabörn og barnabarnabörn.**



**FORMAÐUR** Sigursteinn segir Öryrkjabandalagið standa á krossgötum. Framundan séu stór verkefni sem bíði úrlausnar.

SIGURSTEINN MÁSSON KJÖRINN FORMAÐUR ÖRYRKJABANDALAGSINS

# Ekkert um okkur án okkar

Fyrir aðeins nokkrum vikum hafði Sigursteinn Másson ekki einu sinni leitt hugann að því að verða formaður Öryrkjabandalagsins en hann var kosinn í embættið í vikunni. „Það hljómar klisjukennt en sannleikurinn er sá að ég var hvattur af mínum félögum að gefa kost á mér í þetta,“ segir Sigursteinn sem eftir nokkra umhugsun sá þarna mjög spennandi tækifæri til að vinna að sínum hugðarefnum. Sigursteinn telur Öryrkjabandalagið standa á krossgötum. „Þetta er gríðarlega spennandi tækifæri fyrir þessi regnhlífasamtök þrjátíu félagasamtaka sem á bak við Öryrkjabandalagið standa til að láta virkilega til sín taka og bæta hag og kjör okkar fólks,“ segir Sigursteinn sem telur stöðu öryrkja mjög slæma.

„Það er lygasaga í íslensku samfélagi að öryrkjar hér séu betur settir en víðast hvar annars staðar í þeim löndum sem við berum okkur saman við,“ segir Sigursteinn með áherslu. Stærsta verkefnið sem bíður Sigursteins á næstu mánuðum er að greiða úr flækju reglugerða og laga sem snúa að öryrkjum. „Löggjöf öll og reglugerðir eru mjög flóknar og mikill frumskógur sem þarf að fara í gegnum. Einnig þer tekjutengingar og skerðingar sem fólk þarf að sæta ofan á lágar örorkubætur,“ segir Sigursteinn. Þá segir hann Öryrkjabandalagið vera að fara í enn eitt dómsmálið gegn ríkisstjórninni vegna vanefnda á samningi sem ríkisstjórnin gerði við öryrkja fyrir kosningarnar 2003. „Það er ótrúlegt að enn einu sinni þurfi Öryrkjabandalagið að draga ríkisstjórnina fyrir dóm vegna svika,“ segir Sigursteinn sem telur verkefni bandalagsins óteljandi. Hann á þó enn eftir að átta sig á því hvort hann muni sinna þessu í fullu starfi eða hvort hann geti áfram gegnt formennsku hjá Geðhjálp.

„Grunnurinn að þessu öllu og það sem á að vera ófrávíkjanlegt skilyrði í hvert einasta skipti sem verið er að fjalla um málefni sjúkra og fatlaðra er, ekkert um okkur án okkar,“ segir Sigursteinn og á þar við að aldrei verði teknar ákvarðanir eða stefnumarkanir um öryrkja nema að hagsmunafélög þeirra séu með í ráðum. „Þannig fáum við miklu manneskjulegri og betri þjónustu og þá verður miklu meiri sátt í þjóðfélaginu,“ segir Sigursteinn sem stundar líkamsrækt og borðar góðan mat til að hvíla hugann eftir amstur dagsins.

## FYRSTA STARFIÐ: SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR

# Bjó til blævæng úr peningum

„Það myndi líklega flokkast undir barnaþrælkun í dag,“ segir Siv Friðleifsdóttir alþingismaður um sitt fyrsta starf í fiskvinnslu á Kirkjusandi. „Ég var að skera út beingarða, plokka orma og pakka í pakkningar,“ segir Siv sem var fimmtán ára fyrsta sumarið sem hún vann í fiski.

„Maður var auðvitað angandi af slorlykt alla daga,“ segir Siv kímin en þegar hún fékk útborgað í fyrsta sinn trúði hún ekki sínum eigin augum. „Mér fannst ég fá svo mikið kaup. Þá var greitt út í peningum og ég man að ég bjó til blævæng út seðlunum,“ segir Siv sem fannst vinnan í frystihúsinu skemmtileg og vann þar í mörg ár. „Ég endaði í skrifstofunni að borga út launin,“ segir hún kímin.

Sumarstúlkurnar unnu á þessum tíma á neðstu hæðinni en þær eldri á næstu hæð fyrir ofan. „Það var mikil samkeppni á milli hæða og við vorum alltaf að reyna að skera jafn mikið og þær uppi og það tókst stundum,“ segir Siv glaðlega en henni fannst hún hafa mjög gott af að kynnast þeim vinnubrögðum sem stunduð



voru í frystihúsinu. „Maður lærði að vinna í hópi og standa sig vel í vinnunni,“ segir Siv og minnist sumranna á Kirkjusandi með mikilli hlýju enda skemmtilegt samfélag í frystihúsinu. „Þarna voru gamlir karlar sem voru að flaka fisk og þeir kunnu ógrynnin öll af sögum,“ segir Siv og minnist sérstaklega fjörsins í matar- og kaffitímum. „Þá hópuðust hæðirnar saman og þá var glatt á hjalla en stemningin náði hámarki á föstudögum þegar kom að útborgun.“

BRÚÐHJÓN



Halldór Harðarson og Guðbjörg Einarsdóttir voru gefin saman í Hjallakirkju af séra Írisi Kristjánsdóttur þann 16. júlí. Svipmyndir



**REYKHOLT Í BORGARFIRÐI** Þess verður minnst í hátíðarsal Snorrastofu í dag að hundrað ár eru liðin síðan Sigurður Þórólfsson stofnaði lýðháskólann á Hvítárbakka. Skólinn var fluttur í Reykholt árið 1931.

## Öld frá stofnun lýðháskólans

Í dag eru hundrað ár liðin frá því að lýðháskólinn á Hvítárbakka var stofnaður. Sigurður Þórólfsson stofnaði skólann og var skólastjóri hans til ársins 1920. Skólinn var starfræktur á Hvítárbakka til ársins 1931 en var þá fluttur í Reykholt.

Í tilefni tímamótanna verður dagskrá á vegum Snorrastofu og afkomenda Sigurðar skólastjóra í hátíðarsal Snorrastofu í dag. Meðal annars mun Jón Torfi Jónasson, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, fjalla um lýðháskólahreyfinguna upp úr aldamótunum 1900 og áhrif hennar fram eftir öldinni.

Kaffiveitingar verða seldar á Fosshóteli í Reykholti að fyrirlestrum loknum.



**ÞORGEIR HARALDSSON**

## Þorgeir ráðinn yfirflugstjóri

Þorgeir Haraldsson hefur verið ráðinn yfirflugstjóri Icelandair og tekur hann við starfinu af Hilmari Baldurssyni sem nýlega var ráðinn flugrekstrarstjóri fyrirtækisins.

Þorgeir hóf störf sem flugmaður á Fokker 27 í innanlandsflugi Flugleiða árið 1986 en frá 1990 starfaði hann sem flugmaður og síðar flugstjóri á þotum Icelandair. Þorgeir varð þálfunarflugstjóri á Boeing 757 og 767 þotum árið 1997 og hefur gegnt starfi staðgengils yfirflugstjóra síðastliðið ár.

# Nýr gervigrasvöllur á Seltjarnarnesi

Ungir iðkendur íþróttafélagsins Gróttu á Seltjarnarnesi tóku í vikunni fyrstu skóflustungu að nýjum og fullkomnun gervigrasvelli. Hófst þá formlega bygging vallarins og minni æfingavallar við Suðurströnd á Seltjarnarnesi. Unnið verður af krafti við völlinn á næstunni með það fyrir augum að æfingar og keppni geti hafist eigi síðar en í maí 2006. Stúka við völlinn ásamt hlaupabraut verður að öllum líkindum tekin í notkun ári síðar.

Bygging gervigrasvallarins er liður í algerri endurnýjun á íþróttaaðstöðu í bæjarfélaginu en á næstu árum verður allt að 815 milljónum varið til viðhalds og nýbygginga íþróttamannvirkja á Seltjarnarnesi ýmist með einkaframkvæmdum eða á vegum bæjarsjóðs.

Meðal annars stendur til að reisa glæsilega líkamsræktarstöð sem rekin verður í tengslum við Sundlaug Seltjarnarness en endurnýjun hennar stendur nú yfir.



**SKÓFLUSTUNGA** Ungir iðkendur íþróttafélagsins Gróttu tóku fyrstu skóflustunguna að nýjum gervigrasvelli á Seltjarnarnesi.



**Um klukkan fjögur aðfaranótt 26. október heyrðist brestur í Skollahvilft fyrir ofan Flateyri þegar fór af stað gríðarmikið snjóflóð sem lagði efsta og austasta hluta bæjarins í rúst. Í flóðinu sem fór á 30 hús fórust 20 manns og í kjölfarið fluttu um 100 manns á brott. Óli Kristján Ármannsson blaðamaður rifjar upp atburðinn í tilefni af því að næsta miðvikudag verða 10 ár liðin frá atburðinum.**



**VIÐ LEIT EFTIR FLÓÐIÐ** Fjöldi björgunarfólks kom á Flateyri eftir flóðið, en aðstæður til leitar voru mjög erfiðar, bæði vegna þess hve veður var slæmt í upphafi og svo vegna þess hve snjórinn í flóðinu var þéttur. Þá var ekki hægt að beita hefðbundnum leitaraðferðum eins og að stinga stikum í snjóinn, vegna braksins úr húsunum sem farið höfðu í mél. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tíu ár eru liðin frá snjóflóðinu á Flateyri

Á miðvikudaginn verða 10 ár frá því að snjóflóð féll á Flateyri með þeim afleiðingum að tuttugu manns fórust. 25 björguðust úr flóðinu, 21 af sjálfsdáðum, eða áður en skipulegt hjálparstarf hófst. Flóðið féll á 19 íbúðarhús í bænum, Essostöðina, fjarvarmaveitu, spennustöð og Minjasafn Flateyrar sem gjöreyðilagðist.

Yfir 340 manns voru ræstir út til aðstoðar á staðnum, björgunarsveitir, læknar og hjúkrunarlið. Fyrsta hjálpin barst heimamönnum um klukkan níu um morguninn en flóðið féll skömmu fyrir klukkan fjögur um nóttina.

Veður var óhemjuvont þarna um nóttina og hafði verið í nokkra daga vegna lægðarbylgju sem gengið hafði yfir landið með roki, rigningu, snjókomu og slyddu. Tveim dögum fyrr var fólk farið að hafa áhyggjur af snjóflóðum og íbúum á hættusvæðum gert að yfirgefa hús sín þar sem slíkar aðstæður höfðu skapast og almannavarnanefndir voru í viðbragðsstöðu hvarvetna. 25. október féll snjóflóð í grennd við Ísafjörð og eyðilagði brennslustöð fyrir rusl.

Snjóflóðið sem féll úr Skollahvilft á Flateyri fór hins vegar langt inn á svæði sem ekki voru fyrir talin sérstök hættusvæði. Meira að segja var það svo að í sumum húsunum sem lentu í flóðinu var fólk sem gert hafði verið að rýma hús sín annars staðar í bænum.

Aðstæður voru allar hinar erfiðustu á Flateyri, veður var brjálað og rafmagnið farið. Fréttin af atburðinum barst hins vegar eins og eldur í sinu um þorpið. Í myrkrinu var ekki annað að heyra en lætin í veðrinu og erfitt að átta sig á umfangi flóðsins. Heimamenn reyndu þegar að aðstoða þá sem lent höfðu í flóðinu og voru þeir sem björguðust fluttir í mötuneyti útvegsfyrirtækisins Kambs niðri við höfn til aðhlynningar.

Vegna þess hve mikil þyngsli voru í snjónum í flóðinu reyndist leit erfið. Hús voru brotin í mask, bæði eftir kraftinn í snjófarginu og loftbylgjuna sem flóðið ýtir á undan sér.

Formleg leit hófst um klukkan sex um morguninn þegar heimamenn höfðu náð að skipuleggja sig, en veðrið hamlaði þó leit nokkuð til að byrja með. Upp úr hádegi skánaði svo veðrið. Í framhaldinu hlýnaði og fór að rigna og hafa heimamenn rifjað upp að svo hafi í raun ekki snjóað meira þennan veturinn.

Þyngslin í snjónum voru slík að þegar fyrsta fólkið klöngraðist út úr brotnum húsum sínum sökk það upp að hnjám í flóðinu, en upp í mitti þegar komið var út fyrir þar sem flóðið rann. Skömmu síðar hafði snjórinn skorðað sig þannig að fólk sökk ekki lengur í snjóinn. „Þetta var orðið eins og steypa," lýsir Jón Svanberg Hjartarson, lögregluvarðstjóri á Ísafirði, því en hann er heimamaður og var með þeim fyrstu til að skipuleggja og koma af stað leit í bænum. Við hann og fleiri heimamenn verður rætt í blaðinu á morgun.

Lík þeirra sem létust voru í fyrstu flutt í vélsmiðju bæjarins, en vegna þess að flóðið fór yfir kirkjugarðinn var fólkið svo jarðsett annars staðar, flest í Reykjavík. Eftir flóðið flutti um hundrað manns burt úr bænum, þar á meðal flestir þeir sem misst höfðu nánustu ættingja sína í flóðinu. Íbúar á Flateyri vilja margir hverjir meina að einföldun væri að segja að flóðið eitt hafi hrakið fólk á braut, aðrar breytingar á ytri aðstæðum hafi þar einnig spilað inn í.

Flóðið sem féll á Flateyri varð einungis níu mánuðum eftir að snjóflóð féll á nágrannabyggðarlagið Súðavík með þeim afleiðingum að 14 létu lífið og trúði fólk því vart að annar eins harmleikur hefði getað endurtekið sig. Í kjölfar þessara áfalla voru snjóflóðavarnir hér á landi teknar til gagngerar endurskoðunar og farið í auknum mæli að huga að því hvernig þeim hlutum væri háttað í öðrum löndum. Enn er unnið að því að meta snjóflóðahættu upp á nýtt og koma upp viðeigandi vörnum, en strax var gengið í að gera öflugan varnargarð fyrir ofan Flateyri. Hann sannaði gildi sitt strax árið eftir þegar hann bægði stóru flóði frá bænum.

*Á næstu opnu er viðtal við Jóhönnu Guðrúnu Kristjánsdóttur menntunarfræðing sem stýrt hefur hluta af uppbyggingarstarfi á Flateyri eftir snjóflóðin.*



**RISIÐ SEM KASTAÐIST TIL** Fyrir miðri mynd má sjá risið á tvílyftu húsi Guðjóns Guðmundssonar húsasmíðameistara og fjölskyldu hans, eiginkonu og þriggja dætra. Húsið splundraðist undan þeim en þau björguðust þar sem svefnherbergin voru öll uppi, en risið færðist tugi metra með flóðinu. Þar sem mennirnir standa stóðu raðhús. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átaksvika – Tölum um kynhneigð 17. til 23. október

KYNHNEIGÐ ÞÍN ER EKKI VANDAMÁL
ÞÖGNIN ER ÞAÐ!

1717
Hringdu í **1717** – Hjálparsíma Rauða krossins

Við hlustum á þig
Við upplýsum um úrræði
Við bendum þér á leiðir

**1717 - Hjálparsími Rauða krossins** er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem finnst þeir vera í vanda og þurfa einhvern til að tala við. Símtal í 1717 er gjaldfrjálst og kemur hvergi fram á símreikningum.

Rauði kross Íslands




Gildir 22. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



**FLATEYRI Í DAG** Síðustu ár hefur bærinn tekið miklum breytingum eftir að hreinsunar- og uppbyggingarstarf hófst fyrir alvöru árið 2001. Götur hafa verið malbikaðar, hús löguð og gerður garður þar sem áður var svöðusár í bænum eftir flóðið 1995. Hér sést yfir snjóflóðavarnargarð og bæinn sjálfan. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# *Þakklæti efst í hugum Flateyringa*

**Minningarsjóður Flateyrar stendur fyrir athöfn miðvikudaginn 26. október til að minnast þess að tíu ár eru liðin frá snjóflóðinu sem kostaði tuttugu bæjarbúa lífið. Flateyri stendur á tímamótum þar sem fegrun og enduruppbyggingu eftir flóðið er við það að ljúka. Eftir flóðið var strax byggður varnargarður en fegrunarstörf hófust fyrst árið 2001.**

Þegar áfall á borð við snjóflóðið sem féll á Flateyri 26. október 1995 ríður yfir lítið bæjarfélag þarf utanaðkomandi stjórn til að stýra uppbyggingunni, að mati Jóhönnu Guðrúnar Kristjánsdóttur menntunarfræðings, en hún er ólaunaður starfsmaður Íbúasamtaka Önundarfjarðar og hefur stýrt umhverfisverkefni á Flateyri sem snýr að fegrun og endurbyggingu eftir snjóflóðið.

„Þetta er sá lærdómur sem ég held að helst megi draga af þessari reynslu," segir hún og telur ljóst að heimamenn hljóti að vera í áfalli og því ófærir um að stýra jafn viðamiklu verkefni. „Fólk er enda að missa bæði vini sína og ættingja."

### Fólk er þakklátt

Guðrún vill þó leggja áherslu á að á þessum tímamótum sé Flateyringum efst í huga þakklæti til allra þeirra sem komu að björgunarstarfi þessa myrku nótt fyrir tíu árum síðan, auk allra þeirra sem hönd lögðu á plóginn í framhaldinu af ótrúlegum samhug og manngæsku.

Minningarsjóður Flateyrar stendur að dagskránni sem verður á miðvikudaginn og á hans vegum hefur undirbúningsnefnd starfað. Sjóðurinn var stofnaður haustið 1996 og hafa verkefni hans verið að reisa minningarstein um þá sem létust í snjóflóðinu, skipuleggja kyrrðar- og minningarstundir í Flateyrarkirkju 26. október ár hvert og síðast en ekki síst að sjá um framkvæmdir við Minningargarðinn á svæðinu milli kirkjugarðsins og Tjarnargötu, þar sem flest hús eyðilögðust í flóðinu. Þeim framkvæmdum er nú að mestu lokið.

„Við fengum ótrúlegan stuðning frá öllum nágrönnum okkar, slysavarnarfélögunum og þeim sem komu hingað að hjálpa okkur, Rauða krossinum og svo auðvitað frá landsmönnum öllum og fjölmiðlum fyrir söfnunina Samhugur í verki." Jóhanna segir að á minningarhátíðinni komi fram tónlistarfólk, sýndar verði ljósmyndir og frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti, flytji ávarp. Dagskráin hefst klukkan átta um kvöldið í íþróttahúsi bæjarins. Kirkjan verður hins vegar opin allan daginn. Þá verður einnig dagskrá í Neskirkju í Reykjavík.



**FLATEYRARKIRKJA** Á næsta miðvikudag, þegar tíu ár verða liðin upp á dag frá því að mannskætt snjóflóð lagði í rúst stóran hluta byggðarinnar á Flateyri, verður kirkjan opin þeim sem þar vilja eiga kyrrláta bænastund. Um kvöldið verður dagskrá í íþróttahúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### Uppbygging fór seint af stað

Flateyringar telja margir hverjir að uppbygging eftir flóðið hafi farið allt of seint af stað. Raunar var strax hafist handa við gerð snjóflóðavarnargarðs og sannaði hann fljótlega gildi sitt í tvígang þegar flóð féllu á hann. Það var hins vegar ekki fyrr en eftir stofnun íbúasamtakanna árið 1997 að hjólin tóku að snúast hvað uppbyggingu varðaði.

Jóhanna sagði mjög erfitt hafa verið, í kjölfarið á jafnhörmulegu slysi, að horfa á íbúana tínast burt, en á fyrstu mánuðunum eftir flóðið fluttu um hundrað manns burt úr bænum. „Svo hefur upp úr 2001 náðst heilmikið jafnvægi, upp úr því að farið var að vinna í að gera Flateyri bara að snyrtilegu þorpi. En þetta var skelfilegt." Hún segir ytri aðstæður hafa orðið til þess að ef til vill hafi tekist óhönduglegar til en annars hefði getað orðið. „Sameining sveitarfélaga kom þarna alveg ofan í þessa atburði, en atkvæðagreislu vegna hennar var í raun frestað vegna flóðsins fram í desember sama ár. Þetta var óheppilegt, bæði fyrir okkur og fyrir nýja bæjarstjórn sem kannski kom bæði bæði óvön og óörugg að svona verkefni. Það var eins og þeir þyrðu ekki að biðja um neitt fyrir okkur og við gátum ekki gert það sjálf, enda bæjarstjórnin komin annað. Ísafjarðarbær átti erfitt með að beita sér í málinu, hvernig sem á því stóð, örugglega ekki af því að ekki var vilji fyrir hendi, heldur fór þetta bara þannig."

### Söfnunarsjóður opnaður aftur

Með stofnun íbúasamtakanna var því farið að skoða upp á nýtt uppbyggingu á Flateyri, en þá hafði því í raun verið lýst yfir að meira hefði safnast en þyrfti í landssöfnuninni Samhugur í verki og búið að ákveða að geyma þá peninga sem eftir voru til seinni tíma. Sjóðnum hafði því verið lokað. „En það er svo í janúar 2001 að Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, kemur hingað, með fleiri ráðherrum, með þau tíðindi að sérstakt fé ætti að leggja í að laga hér götur og einnig að ákveðið hafi verið að nýta aftur þessa peninga sem verið höfðu frystir.

Nefnd var sett í að skipta þeim niður og Ísafjarðarbæ falið að sjá um framkvæmdina, en sjóðurinn er í vörslu forsætisráðuneytisins. Bærinn fól svo íbúasamtökunum að sjá um ýmiss verkefni," segir Jóhanna, en þar á meðal er umhverfisverkefni og félagsleg uppbygging, sem meðal annars felst í endurbótum á gamla samkomuhúsi bæjarins við Grundarstíg. „Hér hefur því orðið gífurleg breyting til hins betra hvað varðar ytra útlit bæjarins."

### Ekki má ofmeta flóðið

Jóhanna og fleiri íbúar Flateyrar telja að ekki megi ofmeta áhrif flóðsins varðandi brottflutning fólks úr bænum, fleiri þættir komi þar til. „Margir halda að sjávarþorp séu hvert öðru lík, en svo er ekki. Þau eiga þó sammerkt að gegnumstreymi fólks er mikið og atvinna byggist á sjávarútvegi og vinnslu. En það þarf að koma fram varðandi flutning fólks héðan að fleira kemur til en snjóflóðið. Á sama tíma, eða 1996, verður sú breyting að göngin eru opnuð og þegar flóðið féll var búið að bora í gegn þannig að hálparsveitir komust þá leiðina. Við opnunina breytist heilmikið, þó breytingin sé vissulega jákvæð á svo margan hátt, þá verður þetta líka til þess að verslun leggst af á Flateyri og svo verða breytingar á atvinnuháttum þannig að fólk sækir aðra þjónustu í auknum mæli yfir á Ísafjörð. Menn hafa ekki sama kúnnafjöldann hér og áður var. Svo gerðist líka á nákvæmlega sama tíma að fiskvinnslan hér, Hjálmur og Kambur, sameinast Básafelli og það verður síðan slæmt fyrir þorpið því kvótinn fer. En svo skiptist Básafell upp í frumparta sína og við fengum Kamb aftur hingað heim, en það er nú eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum. En hann þurfti eiginlega að byrja upp á nýtt. En við þessa sameiningu varð breyting. Og ári síðar, sumarið 1996, þá fórst skelfiskvinnslubáturinn Æsa og skelvinnslan leggst af, en það var líka atvinnulegt áfall og margir fluttu sem tengst höfðu vinnunni í skelinni. Allt eru þetta atriði sem koma þarna á sama tíma og flóðið, sameining sveitarfélaganna, sameining stóru atvinnufyrirtækjanna, göngin, skelin og Æsuslysið. Allt á sama punkti, margir samverkandi þættir.

### Aðstæður um nóttina

Jóhanna segir að nóttina sem flóðið féll hafi tekið nokkra stund að átta sig á umfangi hamfaranna. „Hérna var allt bara í maski, en það var náttúrlega rafmagnslaust, kolniðamyrkur og vitlaust veður. En seinna um nóttina varð mér litið út um gluggann og sá þá ljós á bíl þar sem var verið að ryðja upp að heilsugæslu og sá þá í þakið á hús, sem ég skynjaði þá strax að var ekki á réttum stað." Þetta var rishæðin á Unnarstíg 1 sem rifnað hafði frá húsinu, sem segja má að hafi sprungið undan því. Þar svaf uppi fimm manna fjölskylda sem öll bjargaðist. „Þá eiginlega áttaði ég mig á þessu, en annars var eiginlega bara þögn, fyrir utan auðvitað hljóðin í veðrinu." Jóhanna hafði svo nóg að gera í samkomuhúsinu við að aðstoða og fæða björgunarsveitarmenn sem komu örþreyttir inn úr mokstrinum. „Svo þegar þyrlurnar komu um hádegi með hundana þá var það mikill léttir," segir hún, en björgunarsveitarmenn sem komu landleiðina um göngin þurfti engu að síðar að selflytja á skelfiskveiðiskipinu Æsu inn að bænum vegna ófærðar. „Þeir komu að Holtsbryggju þar sem þeir voru teknir um borð í skipið, en veðrið var svo brjálað að karlarnir um borð bundu sig fasta og björgunarsveitarmennirnir urðu að stökkva um borð í fangið á þeim, vegna þess að bryggjan var löskuð."

Eftir flóðið og leitina segir Jóhanna að einkennilegt hafi verið að upplifa hvernig þorpið tæmdist þegar bæjarbúar héldu annað til að fylgja ættingjum og vinum til grafar. „Kirkjugarðurinn var undir flóðinu og enga hægt að jarða hér. Langflestir voru jarðaðir í Reykjavík. Það fóru því allir og Rauði krossinn styrkti fólk til að geta verið viðstatt jarðarfarirnar. En svo kom fólk bara aftur og fyrstu vikurnar fór heilmikil vinna í að tína út úr brakinu hluti sem ekki höfðu eyðilagst. Ótrúlegt var samt að sjá hversu mikið hlutir gátu skemmst," segir hún og minnist gamallar þungrar fótstiginnar saumavélar ömmu sinnar, sem var meðal þess sem eyðilagðist á minjasafni bæjarins. „Meira að segja hún var í maski."

*Á morgun verður meðal annars að finna í blaðinu viðtöl við fólk sem lenti í flóðinu.*



**JÓHANNA GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR OG GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR Í SKRIFSTOFU ÍBÚASAMTAKA ÖNUNDARFJARÐAR** Jóhanna, sem er menntunarfræðingur, hefur stýrt umhverfisstarfi íbúasamtaka Önundarfjarðar en Guðrún, sem er útgerðarmaður og fiskverkandi, á sæti í stjórn samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# Heilsaðu vetri

## – með íslenskri kjötsúpu í dag

Gerðu það að hefð að elda kjötsúpu á fyrsta vetrardag. Eldaðu kjötsúpu í stórum potti og hóaðu í vini og vandamenn. Íslenska grænmetið gefur kraft og bragð, hikið ekki við að nota það grænmeti sem ykkur lystir.

| | |
|---|---|
| 1 kg súpukjöt | 500 g kartöflur |
| 1,8 l vatn | 250 g gulrætur |
| 1 msk salt, eða eftir smekk | 100 g hvítkál (má sleppa) |
| 1–2 msk súpujurtir | nýmalaður pipar |
| 1/2 laukur, saxaður smátt | hrísgrjón 1 1/2 dl |
| 500 g gulrófur | haframjöl 1/2 dl (má sleppa) |

Kjötið e.t.v. fituhreinsað að hluta og síðan sett í pott, vatninu hellt yfir og hitað að suðu. Froða fleytt ofan af, saltað og súpujurtum, lauk og hrísgrjónum hrært saman við. Soðið í um 40 mínútur. Á meðan eru gulrófurnar afhýddar og skornar í bita, kartöflurnar afhýddar og skornar í helminga eða fjórðunga, ef þær eru stórar, og gulræturnar skafnar og skornar í bita. Sett út í og soðið í 15 mínútur til viðbótar. Kálið skorið í mjóar ræmur, sett út í og soðið í um 5 mínútur, eða þar til allt grænmetið er meyrt. Um leið er haframjölið sett ef á að nota það. Smakkað og bragðbætt með salti og pipar, ef þarf. Kjötið er ýmist borið fram í súpunni eða með henni á sérstöku fati.

Ýmislegt annað grænmeti má hafa í súpuna, svo sem blómkál, sellerí eða grænkál. Ágætt er að sjóða rófurnar og kartöflurnar sér í potti. Ef afgangur verður þá er gott að muna að mörgum finnst kjötsúpan langbest þegar hún er hituð upp í annað eða þriðja sinn. Verði ykkur að góðu!

Fíton/SÍA FI014461

ÍSLENSK GARÐYRKJA
- okkar allra vegna!

ÍSLENSK KJÖTSÚPA 1. DAG VETRAR

www.lambakjot.is

# „Ég er ekki andkristur“

Stelpurnar í **Sugababes** gáfu nýverið út fjórðu breiðskífu sína, Taller in More Ways. Fyrsta smáskífa plötunnar, Push the Button, fór beint í fyrsta sæti breska vinsældalistans. *Birgir Örn Steinarsson* fór og hitti **Keishu Buchanan** í London.



**SUGABABES** Mutya, Heidi og Keisha gáfu út fjórðu breiðskífu sína á dögunum og rataði fyrsta smáskífan beint í efsta sæti breska vinsældalistans.

Þegar Keisha Buchanan úr Sugababes er ekki uppi á sviði eða fyrir framan myndavélarnar er ekkert sem gefur til kynna að þarna sé stjarna á ferð. Þótt hún sé ein af þremur stelpum úr vinsælustu stelpusveit Bretlands síðasta áratuginn er hún ekkert að hafa fyrir því að setja sig í stjörnuhlutverkið þegar hún er ekki í vinnunni. Eftir að ég hitti hana á skrifstofu plötufyrirtækis hennar í London er ég hreinlega viss um að hún sé ein af þessum stúlkum sem ganga um í jogginggalla heima hjá sér, bara af því að það er svo þægilegt.

Hún er klædd í bleikan Mikka mús-jakka og gallabuxur og lítur út eins og hver önnur blökkustelpa í neðanjarðarlestum Lundúna. Ég efast um að ég hefði þekkt hana úti á götu þótt hún sé uppáhalds Sugabeibið mitt. Hún hegðar sér heldur ekki eins og stjarna þrátt fyrir að hafa verið í poppstjörnuhlutverkinu í ein sjö ár, frá því að hún var fimmtán ára. Og þó að þær stelpur hafi gefið út þrjár metsöluplötur og átt fjölda slagara. Hún er greinilega vön að tala við blaðamenn og virkar afslöppuð, stolt og ákveðin. Mér er réttur appelsínusafi og ég tylli mér í næsta sófa. Keisha sest við hliðina á mér, nokkuð nær en ég átti von á. Því næst réttir hún mér umslagið af nýju plötunni þeirra sem sýnir stelpurnar uppstrílaðar og glæsilegar. Mér finnst nánast ótrúlegt að þetta skuli vera sama stelpan og situr við hliðina á mér.

### Keisha sem fyrirmynd

Mutya Buena, dökkhærða stelpan, eignaðist litla stelpu fyrir sex mánuðum og því fær hún frí frá kynningarstörfum.

„Þetta hafði eiginlega bara góð áhrif á plötuna,“ svarar Keisha þegar ég spyr um barneignir vinkonu hennar. „Hún mætti í stúdíóið alveg þangað til hún átti tvær vikur eftir. Svo mætti hún aftur mánuði eftir að hún eignaðist stelpuna. Það er allt miklu friðsælla núna.“

Á nýju plötunni, Taller in More Ways, er að finna lag sem heitir Follow Me Home þar sem það er augljóst að Mutya er að syngja til splunkunýrrar dóttur sinnar.

„Upptökustjórinn okkar vildi að hver okkar myndi semja okkar eigin lög um einhvern sem okkur þætti virkilega vænt um, þannig að við gætum látið þau vita að við yrðum til staðar fyrir þau ef eitthvað kæmi upp á. Ég held að Mutya hafi samið sitt erindi um dóttur sína.“

**Fyrir hvern samdir þú?**

„Bara vin, engan sérstakan. Bara um hvernig ég myndi haga mér ef einhver vinur minn ætti í vandræðum og vantaði hjálp mína.“

**Þið komuð til Íslands, hvernig fannst þér?**

„Ef ég á að vera algjörlega heiðarleg þá fæ ég aldrei tækifæri til þess að muna mikið eftir hverjum stað. Bara vegna þess að maður sér eiginlega ekkert af landinu úr hótelherberginu, frá sviðinu eða á flugvellinum. Okkur langar til þess að koma aftur og skoða okkur um.“

**Hvernig er það í poppbransanum, lítið þið á ykkur sem fyrirmyndir fyrir ungar stelpur?**

„Við erum það augljóslega, það er ekki hægt að neita því. En ég er ekkert smeyk við það. Ég er ekki fullkomin, ég veit það, og það eru ekki margir sem eru það. Ég veit að með mín gildi er fullt af hlutum sem ég myndi aldrei gera. Þannig að það ónáðar mig ekki að vera fyrirmynd, en ég er ekki að fara að segja öllum að taka mig til fyrirmyndar. Ef ég mætti ráða, þá vildi ég helst sleppa við það, því að mér verða stundum á mistök. Ég er mjög meðvituð um þetta. Sjáðu til dæmis þetta húðflúr sem ég er með hérna á handleggnum,“ segir hún og bendir á kross á vinstri upphandlegg sínum. „Ég er með þetta vegna trúar minnar. Svo eftir eina myndatökuna sá ég að krossin kom út öfugur, vegna þess hvernig ég var með hendina. Ég vil ekki að aðdáendur mínir haldi að ég sé andkristur, því ég er langt frá því. Þess vegna lét ég húðflúra orðin God´s Grace undir krossinn, bara til þess að fá það á hreint hvernig hann á að snúa.“

**Vá, þetta skiptir þig greinilega mjög miklu máli.**

„Já, við verðum að sýna ábyrgð. Við myndum til dæmis aldrei taka þátt í auglýsingaherferð sem segði krökkum að hafa kynmök án þess að nota getnaðarvarnir. Við eigum mikið af ungum aðdáendum sem gætu tekið einhverju þannig á rangan hátt.“

### Það er ekki alltaf auðvelt að vera rík poppstjarna

Á öðru lagi plötunnar, sem heitir It Ain´t Easy, er engu líkara en þær stöllur séu að kvarta og kveina yfir miskunnarlausri tilvist sinni. Að minnsta kosti segja þær í viðlaginu „það er ekki auðvelt að vera ég“. Þær eru rétt skriðnar yfir tvítugt, orðnar moldríkar og eru enn að vinna við það sem þær dreymdi um frá barnæsku. Maður hlýtur að velta því fyrir sér yfir hverju í ósköpunum þær hafi eiginlega að kvarta?

„Það lag fjallar ekkert bara um það að vera í bransanum,“ svarar Keisha sem samdi textann. „Það fjallar um að vera í óþægilegri aðstöðu. Ég er kannski að hitta manneskju sem vill að ég gefi henni meiri tíma. En ég get það ekki, vegna vinnu minnar. Það er mjög auðvelt að vera í þessari hljómsveit núna, því það gengur allt mjög vel. Við fáum nægan svefn og erum ekki þreyttar, nema kannski Mutya vegna barnsins. Lagið er ekki ein allsherjar kvörtun. Það fjallar bara um að það sé ekki mjög auðvelt að eiga í ástarsambandi við mig. Ég get gefið þér tíma, en ekki þrýsta á mig.“

**Nei, nei, allt í lagi. Taktu bara þinn tíma. En hvernig er annars týpískur dagur í lífi þínu?**

„Engir tveir dagar eru eins, sem er frábært, því þá leiðist mér aldrei. Stundum fer ég út með vinum mínum, eins og í gærkvöldi. Við pöntuðum pitsu og horfðum á bíómynd. Stundum hittumst við á veitingastað eða skemmtistað. Ég býst við því að ég fari með vinkonum mínum í ferðalag yfir jólahátíðina. Maður verður að finna jafnvægi milli poppstjörnulífsins og daglega lífsins. Ef það er ekki til staðar þá veslast maður bara upp og hættir að hafa gaman af því sem maður er að gera.“

**Þannig að lífið þitt er mjög venjulegt, fyrir utan þá staðreynd að þú kemur fram fyrir mörg þúsund manns á sviði og leikur í myndböndum?**

„Já, ætli það ekki. Þetta er svolítið furðulegt, því ég hef átt sömu vinina frá því að ég var ellefu ára. Þeir haga sér því ekkert öðruvísi við mig bara vegna þess að ég er í Sugababes. Við munum allar eftir því þegar við vorum saman í skóla og ég þurfti að væla út lán fyrir mat.“

**Það hafa verið töluverð vandræði á milli ykkar stelpnanna hér áður fyrr, hvernig er mórallinn í dag?**

„Nei, það hafa ekki verið nein vandræði, bara slúður í blöðunum,“ svarar hún og verður örlítið heitara í hamsi en áður. Mig grunar að hún hafi verið spurð þessari spurningu oftar þennan sama dag. Kannski ekki undarlegt í ljósi þess að Sugababes neyddist til að aflýsa tónleikum í Dublin og svo það sem eftir var síðustu tónleikaferðar vegna heiftarlegs rifrildis Keishu og Heidi.

„Helsta ástæða þess að stúlknasveitir lifa stutt er að það er lítið samband á milli stelpnanna innan þeirra. Þær hafa nær engin samskipti og eru ekki vinir. Þannig fólk nær ekki árangri, sama hversu stór draumur þess er. Þetta gengur upp hjá okkur vegna þess að við erum þrjár sterkar stelpur. Ég veit að ef við rífumst, þá er það bara þannig. Það á ekki eftir að vera gremja í loftinu. Auðvitað höfum við urrað á hver aðra og einhver í herberginu hefur svo farið með það í blöðin. Ég hef bara einu sinni rifist heiftarlega við Heidi og við neituðum að fara saman á svið það sem eftir var tónleikaferðarinnar. En svo var málið dautt. Mutya og Heidi hafa aldrei rifist. Við vitum að það verður að vera gott á milli okkar, og þess vegna rífumst við ekki. Ef ég finn að Mutya er í vondu skapi, þá segi ég bara ekkert. Það er ekkert að því að við förum hver í sínu lagi og nöldrum í vinum okkar og fjölskyldu, en það er betra bara að láta kyrrt liggja á milli okkar. Lífið er of stutt, hver er tilgangur þess að rífast?“

**Önnur ástæða fyrir því að stelpnasveitir endast stutt er kannski að meðlimir hafa alltaf augastað á sólóferlum. Eru einhver slík plön hjá ykkur?**

„Við höfum alltaf sagst ætla að gera það, frá upphafi. Þegar stelpnasveitir hafa kannski bara eina stelpu sem er hæfileikarík innanborðs þá skapast alltaf spenna, því hinar stelpurnar vita að sú stelpa á eftir að fara og hefja sinn eigin feril og ná vinsældum. Við erum bara 21 árs eins og er og á hápunkti ferils okkar. Af hverju ættum við þá að hætta núna? Það liggur ekkert á. Við erum langt frá því að vera búnar að vera.“


Alicante

í vor og sumar

frá kr. 7.400*

Tryggðu þér lægsta verðið á Íslandi!

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante næsta vor og sumar og við tryggjum þér ávallt lægsta verðið á Íslandi. Nú getur þú tryggt þér sæti á ótrúlegu verði ef þú bókar strax, því einungis takamarkað sætaframboð er á lægstu verðunum. Gríptu tækifærið og nældu þér í sæti á lægsta verðinu á www.heimsferdir.is.

Kr. 7.400

Flugsæti aðra leið með sköttum. Netverð.
Ath. takmarkað sætamagn í boði á lægsta verðinu.

Kr. 16.990

Flugsæti báðar leið með sköttum. Netverð. A
th. takmarkað sætamagn í boði á lægsta verðinu.

Sala hafin!
Bókaðu strax!
www.heimsferdir.is

*Flugsæti aðra leið með sköttum. Netverð. Takmarkað sætaframboð á þessu verði.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • s. 595 1000 • Akureyri s. 461 1099 • Hafnarfjörður s. 510 9500
www.heimsferdir.is

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.39 | 13.12 | 17.44 |
| Akureyri | 8.31 | 12.57 | 17.22 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ


# allt


**bílar** o.fl. — REYNSLUAKSTUR — Mitsubishi Colt — bls. 2

**ferðir** o.fl. — KÚBA — Heitasti staðurinn — bls. 5

**tíska** o.fl. — ELVIS — Ný verslun — bls. 6




*Góðan dag!*

Í dag er laugardagurinn 22. október, 295. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Vildi miklu frekar hús en blæju

***Ívar Björnsson, nýstúdent og knattspyrnumaður, hefur nýlega gert upp glæsilegan Wrangler-jeppa, árgerð 2001.***

Ívar fékk bílinn fyrir rúmu hálfu ári síðan eftir að hafa látið flytja hann inn frá Flórída, sem hann segir að hafi ekki verið mikið mál. Ívar segir að hann hafi þurft að föndra aðeins við bílinn eftir að hann fékk hann heim. „Þetta var samt enginn tjónabíll, allavega ekki eins og maður sér hérna heima. Hann var pínu illa farinn að framan og rispaður. Þannig að ég málaði hann allan upp á nýtt. Ég keypti líka ný og betri dekk undir hann sem var nauðsynlegt. Ég bætti og lagaði síðan nokkur smáatriði á honum, til dæmis setti ég upp ljóskastara að framan. Annars var ekkert stórvægilegt sem þurfti að gera."

Bíllinn var upprunalega með blæju en þar sem að blæjubílar þykja ekki mjög hentugir hér á landi þá keypti Ívar líka hús ofan á bílinn í Bandaríkjunum sem hann setti sjálfur á og sprautaði. Ívar hefur að undanförnu verið að vinna á bílaverkstæði pabba síns þar sem hann hefur einnig haft tíma til þess að betrumbæta jeppann. Ívar stefnir að því að setja bílinn fljótlega á sölu og í framtíðinni býst hann alveg eins við því að flytja inn fleiri bíla. „Ef maður græðir eitthvað almennilega á þessu þá getur maður alveg prófað þetta aftur," segir Ívar og brosir.

*steinthor@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

**BÍLAR FERÐIR TÍSKA**

**Heiti potturinn** er ný þjónusta Iceland Express. Í heita pottinum eru bestu tilboðin hverju sinni og fargjaldið fer aldrei yfir 3.350 krónur. Þó er aðeins hægt að bóka aðra leiðina á þessu sértilboði og aðeins fyrir einn í einu. Því ekki er hægt að tryggja að til séu fleiri en eitt sæti á þessu sértilboði.

**Nýr Ford** F150 er væntanlegur til sölu hjá Brimborg um næstu mánaðamót. F150 er einn vinsælasti pallbíllinn í heiminum í dag. Bíllinn verður á sérstöku tilboðsverði en hægt er að panta bílinn fyrir fram.



Brimborg hefur einnig tekið til sölu nýjan Lincoln Mark LT lúxuspallbíl og verður hann frumsýndur á laugardaginn.

**Flugstöðvarblaðið** er nýtt ókeypis tímarit og er því dreift um alla flugstöð Leifs Eiríkssonar. Tímaritið er afþreyingar- og auglýsingatímarit með ferðatengdu efni, bæði á íslensku og ensku. Tímaritið kemur út mánaðarlega og kom fyrsta tölublað út í byrjun september.

**Diesel-vörur** eru mjög vinsælar hér á landi. Þeir sem fíla merkið ættu að bregða sér í verslunina Sautján um helgina því verið var að taka upp nýjar Diesel-vörur. Eins og við er að búast kennir þar margra fallegra grasa.




**Dæld**

á bíl er stundum hægt að laga án aðstoðar fagmanns. Hellið heitu vatni á dældina og reynið að rétta hana en hafið handklæði á milli til þess að hlífa lakkinu. Oft verður árangurinn sá að ekkert sést á bílnum.



ALLT Á EINUM STAÐ
• VETRARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

VÉLASTILLING S.F.
AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460
Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir
Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum

VÖRUBÍLAVARAHLUTIR
SCANIA, VOLVO OG MAN
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

KT jeppa & útivistarverslun
S:466-2111
SMM pallhúsin eru viðurkennd af framleiðendum Toyota, Isuzu og GM
Gæða pallhús
Hilux 2006
Isuzu D-Max
Mitsubishi L200
Nissan Navara
Mazda / Ford
www.kliptrom.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR
Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.
• Réttum og málum allar tegundir bíla.
• Þjónustum öll tryggingafélögin.
• Útvegum bílaleigubíla.
• Tjónaskoðun.
TOYOTA ÞJÓNUSTA
Viðurkennt CABAS verkstæði
Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is




Nýr Mitsubishi Colt er snaggaralegur og smart í útliti.

# Nýr og allt öðruvísi Colt

***Nýr Mitsubishi Colt er nú kominn til landsins. Þetta er snaggaralegur og skemmtilegur bíll og ekki spillir útlitið fyrir.***

Nýr Mitsubishi Colt er enn ein skrautfjöðrin í flokki smábíla en hönnun slíkra bíla hefur tekið stórstígum framförum undanfarin ár. Nýja Coltinn prýðir flest það sem prýtt getur góðan smábíl og staðalbúnaðurinn er ríkulegur. Má þar nefna þægindi svo sem hita í framsætum, fjarstýringu á útvarpi og geislaspilara úr stýri og hæðarstillanlegt ökumannssæti, öryggisbúnað eins og stöðugleikastýringu og útlitsatriði svo sem sportlegt krómað púströr. Þetta er meiri staðalbúnaður en yfirleitt er að finna í bílum í þessum stærðar- og verðflokki.

Framsætin eru þægileg og bakvæn, plássið í framsætunum ljómandi gott og þægilegt aðgengi að öllu. Til dæmis er fjarstýringin á útvarpinu undir stýrinu, sem gerir þessa hnappa afar þægilega í meðförum. Þegar aftur í bílinn er komið skerðist plássið nokkuð og þægindin eru ekki þau sömu, enda auðvitað um smábíl að ræða. Farangursrýmið er vissulega ekki stórt en rúmar þó algerlega helgarfarangur tveggja, ekki síst ef aftursætunum hefur verið rennt fram en þau eru á sleðum. Svo er aðgengilegt að leggja niður sæti og meira að segja er hægt að taka aftursætin úr bílnum þegar mikið liggur við og leggja niður farþegasætið fram í og er þá flutningsgetan orðin allgóð, svo ekki sé meira sagt.

Innréttingin í bílnum hefur yfir sér vandað yfirbragð. En hún er líka smart og kveður þar við aðeins nýjan tón með skemmtilegum ljósum hringjum utan um takkana þótt mælaborðið sjálft sé vissulega afar klassískt.

Reynsluekið var 1,3 lítra beinskiptum bíl. Hann var lipur og þægilegur og ótrúlega kraftmikill af ekki stærri bíl að vera. Bíllinn er vitanlega afar þægilegur í meðförum í borgarakstri en er líka sprækur á lengri sprettum.

Full ástæða er til að ætla að Mitsubishi Colt eigi eftir að blanda sér í vinsældabaráttuna í flokki smábíla þótt þar séu vissulega margir ágætir kostir fyrir.

steinunn@frettabladid.is

**Mitsubishi Colt**

1,3 lítra 94 hestöfl 5 gíra beinskiptur kr. 1.485.000
1,3 lítra 94 hestafla 6 gíra sjálfskiptur kr. 1.555.000
1,5 lítra 109 hestafla 5 gíra beinskiptur kr. 1.525.000
1,5 lítra 109 hestafla 6 gíra sjálfskiptur kr. 1.595.000



Aftursætin eru á sleðum þannig að auðvelt er að renna þeim fram og stækka farangursrýmið, eða aftur og auka fótarými aftursætisfarþega.



Farangursrýmið er ekki stórt en aftursætin eru á sleða þannig að hægt er að renna þeim fram. Svo má leggja aftursætin niður og meira að segja fjarlægja þau úr bílnum.



Ljósir hringir utan um takkana setja svip sinn á innréttinguna.



Mælaborðið er klassískt og aðgerðahnapparnir eru á aðgengilegum stað undir stýrinu.



Krómað púströrið er sportlegt.



Í miðjustokknum eru ágætir glasahaldarar.




Baksvipurinn er afgerandi á nýja Coltinum með afturljósunum upp úr og niður úr.



## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

## Eðlisfræði og umferðin

Eðlisfræðin kennir okkur að tveir hlutir geta ekki verið á sama stað á sama tíma. Það er ekki bara erfitt, heldur ómögulegt. Þegar við reynum að afsanna það gerist yfirleitt eitthvað sem við viljum ekki að gerist. Eins og árekstur.

Eðlisfræðin segir hins vegar ekkert um kurteisi.

Fyrir nokkrum árum var vinur minn farþegi hjá mér í bíl. Við vorum í Árbænum snemma kvölds og höfðum miklar áætlanir um næstu klukkutíma. Á svipuðum slóðum var ungur og óreyndur ökumaður að sanna sig fyrir farþegum sínum. Hann ók greitt og hægði ekki einu sinni á sér við stöðvunarskyldu. Höggið þegar hann lenti á okkur var slíkt að við snerumst í hálfhring á þurru malbikinu. Það sem ég man best eftir þessu kvöldi var það sem vinurinn gerði næst. Hann var fljótari að átta sig en ég, hafði séð bílinn fyrir áreksturinn. Hann reif upp hurðina, hljóp í átt að hinum bílnum og öskraði á bílstjórann af öllum lífs og sálar kröftum: „Er ekki í lagi heima hjá þér?!“

Fyrir nokkrum dögum kom ég að þar sem nýlega hafði orðið lítill árekstur. Stúlkan sem mér sýndist hafa valdið óhappinu steig rólega út úr bílnum sínum, tók í hendina á hinum bílstjóranum, kynnti sig og baðst afsökunar, yfirveguð og almennileg. Þetta fannst mér afskaplega vel gert af henni. Engin slys á fólki. Málmur er bara málmur. Óþarfi að æsa sig.

Hvort sem það er eftir árekstur eða á fullri ferð eftir stórri umferðargötu verðum við að hafa hugann við það sem við erum að gera. Bregðast skjótt við uppákomum án þess að missa stjórn á okkur. Ef einhver er að flauta á þig er óþarfi að missa sig í stress. Bara bregðast við skjótt og örugglega, vinka og brosa. Ef jakuxinn á næstu akrein vill ekki hleypa þér inn í röðina er óþarfi að negla niður og sýna fingurinn. Slaka bara á, halda áfram og breyta leiðarvalinu eftir því sem er hægt.

Tveir hlutir geta ekki verið á sama stað á sama tíma. Þess vegna verðum við að taka þátt í umferðinni með það að markmiði að snúast og snarast í kringum aðra. Þegar það mistekst er oftast óþarfi að gera stórmál úr því. Þetta var hvort eð er bara eðlisfræðinni að kenna.

breytingar }



## JG bílar opna á Egilsstöðum

BÍLASALA OG VERKSTÆÐI Í NÝJU HÚSNÆÐI.

Ný bílasala í eigu JG bíla hefur starfsemi á Egilsstöðum í dag. Fyrirtækið rekur jafnframt eitt stærsta bifreiðaverkstæði staðarins og var að sögn eigendanna, þeirra Jónasar Jónassonar og Grétars Karlssonar, ákveðið að færa út kvíarnar þegar samkomulag um umboðssölu fyrir B&L var í höfn.

Í tilefni af opnuninni verður hátíð hjá JG bílum um helgina. Þar verða meðal annars nýjustu bílarnir frá Hyundai, Renault, Land Rover og BMW sýndir ásamt breyttum Land Rover og Terracan-jeppum. Á opnunarhátíðinni verður einnig haldið upp á flutning JG bíla í glænýtt húsnæði sem fyrirtækið hefur reist við Kaupvang.

Alls starfa sjö hjá JG bílum, þar af fimm á verkstæðinu. JG bílar hafa verið í eigu Jónasar og Grétars frá árinu 2001. Með tilkomu bílasölunnar verður verkaskiptingu þeirra þannig háttað að Jónas fer fyrir bifreiðaverkstæðinu og Grétar bílasölunni. Opið verður hjá JG bílum í dag og á morgun frá kl. 12 til 17.


Stilling – betri en bestir Bílavarahlutir

Delphi rafgeymar

Calsium/Calsium tækni framtíðar í dag

Ca/Ca tæknin tryggir
- Hærra kaldræsi
- Hraðari endurhleðsla
- Ekkert viðhald
- Meiri afköst
- Meiri ending
- Fullkomið öryggi

DELPHI



Þú þarft Delphi Ca/Ca rafgeymi til öryggis

Stilling Bílavarahlutir

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



2025 / TAKTÍK 22.9'05

MICHELIN
KUMHO TYRES
Cooper TIRES

Vertu tímanlega - það borgar sig

Það er allt tilbúið hjá okkur



Gúmmívinnustofan
587 5588
Réttarhálsi 2, 110 Reykjavík



Hjólbarðahöllin
530 5700
Fellsmúla 24, 108 Reykjavík



Hjólbarðaverkstæði Vesturbæjar
552 3470
Ægisíða 102, 107 Reykjavík

Bílanaust

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

allt
heimili
Alla fimmtudaga

RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000
www.islandia.is/scania




Þekking og þjónusta ætíð í fyrirrúmi.
Þaulreyndir bifvélavirkjar með áralanga reynslu að baki.
Bíljöfur ehf er eitt þekktasta bílaverkstæðið á höfuðborgarsvæðinu og hefur frá stofnun sérhæft sig í viðgerðum og viðhaldi á Chrysler, Dodge og Jeep bifreiðum. Hjá Bíljöfri starfa þaulreyndir bifvélavirkjar með áralanga reynslu að baki og við höfum yfir að ráða fullkomnum tölvum til að lesa og bilanagreina bílinn þinn.
BÍLJÖFUR
Smiðjuvegi 34 200 Kóp. Gul gata s: 544 5151

Vinnuvélanámskeið
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Verð kr. 44,900.-
Sími. 894 2737 www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Flest verkalýðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið



allt markvissar auglýsingar
...um nám
á miðvikudögum í Fréttablaðinu.
Hafið samband við auglýsingadeild „Allts"
Síminn er 550-5000
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - PRE 28025 10/2005



Challenger 1970



Mustang 1973

# Vistvænir bílar og kraftmikil tryllitæki

***Bílaáhugamenn þurfa ekki að láta sér leiðast um helgina. Tvær glæsilegar bílasýningar eru í boði og ljóstrað verður upp hvaða bílar eru bílar ársins 2006.***

Í Perlunni verða sýndir vistvænir bílar og stendur sýningin yfir helgina. Kynntir verða bílar sem eru raunverulegir valkostir sem neytendabílar og eru sparneytnir. Meðal annars verða sýndir Peugeot 1007 sem ekki hefur verið sýndur áður, Toyota Prius, Lexus RX400h, Opel Vectra 2,2 dísil og Suzuki Swift 1,3 dísil. Ford Focus dísilbíll, bílar frá Volvo, Fox frá Volkswagen sem eyðir 3 lítrum af hundraði og margt fleira.

Á sunnudaginn verður svo kynntur bíll ársins 2006. Bandalag íslenskra bílablaðamanna hefur undafarnar vikur skoðað og reynsluekið fjölmörgum bílum sem koma til greina. Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra afhendir Stálstýrið við hátíðlega athöfn í Perlunni á sunnudaginn. Auk nafnbótarinnar Bíll ársins 2006 verður útnefndur Bíll ársins í hverjum flokki fyrir sig.

Síðast en ekki síst mun Kvartmíluklúbburinn bjóða til sportbílasýningar í tilefni af þrjátíu ára afmæli klúbbsins. Þar verða samankomin öll helstu tryllitæki landsins. Á sýningunni verða kvartmílubílar, gamlir bílar og nútíma tryllitæki og segja aðstandendur sýningarinnar að meirihluti sýningartækjanna hafi aldrei verið sýnd áður. Yfir sjötíu bílar verða til sýnis á svæðinu, meðal annars innfluttur 1972 árgerð Camaro Pro Street keppnisbíll, fjórtán milljóna króna Mercedes Benz, mikið breytt 2002 C5 Corvette, 650 hp Porsche Cayenne (1100Nm), öflugasti Porsche 911 turbo á landinu, Harley-mótorhjól og margt margt fleira. Sýningin stendur til klukkan 18 á sunnudag og er að Tangarhöfða 8.



Nokkrir þeirra bíla sem verða til sýnis í Perlunni um helgina.



Neyslugrannir Suzuki Swift og Toyota Prius.



Peugeot 1007 er einn umhverfisvænu bílanna.



Volkswagen Passat Variant



Volkswagen Jetta

# Þreföld frumsýning hjá Heklu

***Um helgina verða þrír bílar frumsýndir hjá Heklu; Volkswagen Jetta, Mitsubishi Colt og Volkswagen Passat Variant.***

Volkswagen Jetta snýr nú aftur sem sportlegur fjölskyldubíll. Bíllinn státar sér meðal annars af 527 lítra farangursrými, nýrri gerð undirvagns, hemlalæsivörn, spólvörn og kælingu í hanskahólfi.

Mitsubishi Colt fæst nú á Íslandi eftir langa bið. Bíllinn hefur sópað að sér verðlaunum, hlaut til dæmis Gullna stýrið í Þýskalandi og var útnefndur bíll ársins í Danmörku 2005. Sem dæmi um staðalbúnað má nefna hemlalæsivörn, akstursstölvu, stöðugleika- og spyrnustýringu og aðgerðastýri fyrir geislaspilara og útvarp.

Volkswagen Passat Variant er skutbílsútfærsla á hinum vinsæla Passat. Hann er fáanlegur með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum, 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu. Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsivörn, rafstýrða stöðugleikastýringu, spólvörn, rafræna handbremsu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Boðið verður upp á reynsluakstur og eiga þátttakendur möguleika á að vinna ferð fyrir fjóra í ævintýralandið Autostadt sem er einn mest sótti skemmtigarður í Þýskalandi. Þá býður Bílaþing Heklu, Laugavegi, upp á sérvalda, notaða Volkswagen-bíla með 100% fjármögnun.

Sýningin verður opin laugardag frá kl. 12-17 og sunnudag frá kl. 12-16 hjá Heklu, Laugavegi, Reykjanesbæ, Selfossi, Reyðarfirði og hjá Höldi, Akureyri.



Mitsubishi Colt

nýtt }

## Bílastæðavörðurinn

STÆÐAÞJÓFAR MEGA PASSA SIG



Hver kannast ekki við að koma þreyttur heim úr vinnunni, beygja inn í götuna sína og sjá að einhver er búinn að stela stæðinu manns? Fyrirtækið Iceland Trading hefur til sölu lausn á þessum vanda, svokallaðan bílastæðavörð - lítið gult tæki sem virkar eins og hindrun og passar bílastæðið þitt á meðan þú ert í vinnunni, í skólanum eða úti á lífinu.

Bílastæðavörðurinn er boltaður niður í stæðið. Hann er 60 cm hár í uppréttri stöðu og vegur sautján kíló. Aflgjafinn er 12 volt/7 ah. Líftími rafgeymisins er þrír til fjórir mánuðir en þá er hann endurhlaðinn í um það bil tuttugu tíma. Með bílastæðaverðinum fylgja hleðslutæki fyrir rafgeyminn og fjarstýring en með henni er hægt að reisa plötuna upp eða leggja hana niður. Hún er höfð upprétt þegar passa á stæðið fyrir óvelkomnum bílum en lögð niður þegar bíllinn er kominn örugglega aftur að sínu stæði svo hægt er að leggja óhindrað. Allt að fjórar fjarstýringar koma með bílastæðaverðinum þannig að allir á heimilinu ættu að geta nýtt sér þessa nýjung. Hægt er að skrifa bílnúmer á spjaldið svo enginn þurfi að velkjast í vafa um hverjum þetta bílastæði tilheyrir. Iceland Trading sér um alla uppsetningu ef óskað er eftir því.



**Vegabréf** eru nauðsynleg þegar ferðast er til ákveðinna landa. Athugið tímanlega áður en lagt er af stað hvort vegabréfið sé nokkuð útrunnið því það tekur nokkra daga að fá nýtt.



Havana að kvöldi til

# Ekta Mojito í sögulegu umhverfi

***Kúba er stærsta eyja Karíbahafsins og hafa ferðamenn alla tíð dáðst að þessari töfrandi eyju. Íslendingar hafa verið duglegir við að heimsækja eyjuna síðustu ár og er Kúba orðin að föstum ferðastað íslenskra ævintýramanna.***

Havana, höfuðborg Kúbu, er lifandi borg með iðandi mannlífi og sögulegum minjum. Havana ber yfir sér mikinn sögulegan blæ sem nær frá nýlendutímanum og í gamla borgarhluta Havana má finna byggingar frá þeim tíma. Þar má líka finna veitingastaði, kaffihús og bari sem standa í friðsælum götum með iðandi salsatakti. Borgin hefur líka yfir sér blæ fornrar frægðar þegar bandaríska yfirstéttin naut kúbverskrar gleði, spilavíta og næturlífs. Havana var þá talin heimsborg en eftir byltinguna árið 1959 hætti borgin að þroskast ef svo má að orði komast. Havana fór í kyrrstöðu og þykir það hvað mest heillandi í augum ferðamanna hvernig tíminn virðist hafa staðið kyrr. Í Havana má finna byggingar sem minna á sóvéskan tíma kommúnismans og kalda stríðið, í bland við fagrar byggingar nýlendutímans. Á breiðgötum aka innfæddir gömlum bílum sem sjást aðeins í fornbílaklúbbum í dag og á kvöldin lifnar borgin við með iðandi salsatakti enda er tónlist og dans helsta tjáningarform innfæddra.

Á Kúbu má einnig komast á fallega strandstaði og er Varadero einn helsti strandstaður Kúbu, aðeins í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Havana. Varadero-ströndin, sem einnig er kölluð bláa ströndin, er talin sú besta í öllu Karíbahafi. Ströndin er um tuttugu kílómetra löng og víða girt af með furutrjám. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í kringum strandsvæðið á síðustu árum og stendur ströndin á tanga, sandurinn er hreinn og hvítur og sjórinn fagurblár. Aðgrunnt er að ströndinni svo hægt er að vaða langt fram í sjó. Þar er líka margt í boði, köfun og snorklun og almennt letilíf undir sólhlíf. Hægt er að fara í skútusiglingu og skoða nærliggjandi kóralrif. Margir ferðamenn hafa mælt með því að leigja reiðhjól eða bílaleigubíl til að skoða nágrennið. Í nágrenni strandarinnar eru lítil þorp sem hafa haldið karakter sínum gegnum áratugina.

Kúba hefur margt að bjóða ferðamönnum. Hægt er að elta slóðir Hemingway sem bjó á Kúbu á Batista-tímanum, skoða byltingartorgið þar sem Castró hélt magnþrungnar barátturæður, dansa salsa á kvöldin, skreppa á ströndina morguninn eftir og umfram allt fá sér ekta Mojito eins og honum var ætlað að vera búinn til.







## Chagall í Arken

Á LISTASAFNINU ARKEN Í NÁGRENNI KAUPMANNAHAFNAR STENDUR NÚ YFIR SÝNING Á VERKUM CHAGALLS.

Nýverið var opnuð stór sýning á verkum eins af merkustu listamönnum síðustu aldar, Marc Chagall, í Arken-listasafninu í nágrenni Kaupmannahafnar. Á sýningunni er að finna á annað hundrað verk frá hinum ýmsu tímabilum á löngum ferli þessa rússneska listmálara. Sýningin kallast Heimur kærleikans og eins og segir í sýningarskrá var það trú Chagalls að þrátt fyrir styrjaldir og gyðingaofsóknir væri það kærleikurinn sem gæfi mönnum von. Hér hefur því verið safnað saman verkum þar sem Chagall leggur áherslu á boðskapinn um kærleika og umburðarlyndi. Ekki aðeins málverk heldur líka teikningar og skúlptúrar.
Hin aðalsýning Arken þessi misserin er á verkum í eigu safnsins sjálfs. Þar á meðal eru verk eftir Ólaf Elíasson, Damien Hirst og Elina Merenmies.
Það er því vel þess virði að gefa sér hálfan dag í ferð til Arken. Auðvelt er að komast að safninu með lest og strætisvagni og tekur ferðin rúman hálftíma.
Nánari upplýsingar á www.arken.dk



Byggingin sem hýsir safnið er listaverk út af fyrir sig sem gaman er að skoða innanhúss sem utan.

SNOW - MOTO
það heitasta í vetur
www.extreme.is
s:4615707

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502
Við erum í óða önn að taka niður pantanir í okkar vinsæla Jólahlaðborð verð 4.300-
Gistitilboð
Gisting í eina nótt, Jólahlaðborð & Jólamorgunverðarhlaðborð.
Aðeins 8.300-





Njóttu frelsisins...
MAZDA TRIBUTE
Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!
Ríkulega útbúnir nýir MAZDA TRIBUTE jeppar verð frá kr. 2.550.000.-
2ja ára verksmiðjuábyrgð
Umboðsaðilar:
BSA Akureyri - Sími 462 6300
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100
X4 ehf.
Opið virka daga 8-18:30 - Laugardaga 12-16
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is

Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!
Gerum góð tilboð í allar hópferðir
Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is
Icelandexcursions Allrahanda
GRAY LINE
Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

**Loðhúfur** eru málið nú þegar vetur er genginn í garð. Ekki er gott að vera kalt á höfðinu.






















Frakki á 10.500 kr.



Trefill á 1.200 kr.



Gullúr 8.800 kr.



Vesti 3.200 kr.



Hattur 1.900 kr.

# Elvis snýr aftur

***Ný og spennandi herrafataverslun var opnuð í vikunni.***



Í nýuppgerðu einstaklega fallegu húsi við Vatnsstíginn var opnuð fyrr í vikunni ný svaka fönkí herrafataverslun sem ber hið konunglega nafn ELVIS. Nafnið eitt gefur til kynna girnilegt vöruúrval og það er svo sannarlega raunin. Verslunin lætur framleiða fyrir sig valinn fatnað og nokkrir íslenskir hönnuðir bjóða upp á framsækin föt en annars er „vintage“-fatnaður frá útlöndum meginuppistaðan í vörunum í ELVIS. Skrautlegir skartgripir, hattar, bindi og flottir skór eru líka til í miklu úrvali og gömlu góðu Casio-úrin fást bæði í gulli og silfri. Síðastliðið miðvikudagskvöld var haldið veglegt opnunarhóf með tilheyrandi veitingum og skífuþeytingum; popparar og rokkarar létu sig ekki vanta fremur en tískugúrúar borgarinnar og víst er að andi konungsins sjálfs hefur ekki verið langt undan.



Mikið fjör var í opnunarpartíinu.

# Fatakaup í London

***Hvar er best að kaupa föt í London?***

Gott er að kaupa föt í London, enda ein af háborgum tískunnar í heiminum. Icelandair og Iceland Express fljúga þangað á degi hverjum og því hægur vandinn að skreppa þangað að kaupa sér vetrarfötin.

En þá er auðvitað nauðsynlegt að vita hvar á að leita. Time Out tímaritið bendir kaupglöðum á eftirfarandi götur og svæði á heimasíðu sinni:

Oxford-stræti sem er flestum að góðu kunnugt. Þar er að finna allar helstu verslanakeðjurnar. Lætin og mannmergðin á Oxford-stræti geta hins vegar verið yfirþyrmandi og því um að gera fyrir ferðalanga að skoða víðar.

Í grennd við Hoxton og Spitalfield í austurhluta London og Westbourne Park í vesturhlutanum eru fjölmargar verslanir sem selja föt eftir unga og efnilega hönnuði.

Covent Garden og Knightsbridge eru bestu staðirnir til að kaupa hátískuvöru. Í Soho er gott að kaupa töff og trendí föt og tónlist reyndar líka.

Unglingum þykir bráðgaman að tékka á stemmingunni í Camden flestir fullorðnir Lundúnabúar forðast þá ferðamannagildru, segja spekingarnir hjá Time Out.



London er mikil tískuborg en myndin var tekin í nýliðinni tískuviku þar.

# Föt fyrir öll tækifæri

***Tískufataverslun Warehouse hefur verið opnuð í Kringlunni.***

Ný verslun hefur verið opnuð í Kringlunni á annarri hæð. Verslunin ber heitið Warehouse og er hluti af breskri keðju sem hefur verið starfandi frá árinu 1976. Úrvalið í Warehouse í Kringlunni er sérlega gott og hönnunin falleg. Þar er hægt að finna falleg föt fyrir hvert tækifæri, allt frá fínum kjólum og niður í dúnúlpur, töskur, belti og aðra fylgihluti. Fötin eru frjálsleg með fáguðu yfirbragði og bjóða upp á að setja saman skemmtileg dress þar sem kemur saman rokkaður stíll á móti klassískara útliti.



Jakki 7.900 kr. Gallabuxur 7.900 krónur



Tweed vesti 6.900 kr. Buxur 5.900 kr. Rúllukragapeysa 3.500 krónur



Leðurbelti. 3.990 kr.



Bolero jakki Verð 8.990 kr. Pallíettuvesti. 6.900 kr. Herðaslá 7.990 kr.






# [ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16


Ingvar Helgason IH Notaðir bílar


Volkswagen Golf nýskr. 02/05, ssk., ek. 12 þús. km. Verð 2.190.000. 100%. lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Nissan Terrano Sport nýskr. 06/00, bsk., ek. 150 þús. km. Verð 1.590.000. Tilboð 1.270.000 100% lánamöguleikar, hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


• 42" Plasma skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1 • Birta: 1000 cd/m2 • Progressive scan HDTV Ready • 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum • Sjónsvið (H/V): 160/160° • 2 scart tengi, DVI-D og PC tölvutengi component (YPbPr/YCbCr) • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Stærð (bxhxd): 124,7x64,5x8,5 (með hát.) • Stærð (bxhxd): 105,5x64,5x8,5 (án hát.) • Þyngd: 39kg







### Philips 42" Plasma Sjónvarp

• 42" ED Plasma Skjár • Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA, SXGA) með Skerpu 10.000:1 • Digital Crystal Clear og Progressive Scan • Sjónsvið (H/V): 160/160° og birtustig: 1500 cd/m2 • HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i) • Active Control með ljósskynjara - minnkar glampa • 2x30w Nicam Stereó Hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround • 6 Breiðtjaldsstillingar • 2 Scart tengi og PC Tengi (DVI) • SVHS, RCA og Heyrnartólstengi • Textavarp með 10 síðna minni • Svefnrofi, Barnalæsing og Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Veggfesting: Vogles EFW2001 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 124x68x10,4 og Þyngd: 38kg

### United 32" HD LCD Breiðtjaldssjónvarp

• 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) með progressive scan • HDTV ready (styður 720p og 1080i) • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA) • AV og heyrnartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

Gildir til 24. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



**LANDSPÍTALINN FOSSVOGI** Öryggismörkum sjúkrahússins var aldrei stefnt í voða á kvennafrídaginn 1975, en starfskonur hliðruðu til á vöktum svo þær kæmust á baráttufundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjúklingar ekki látnir einir

Karólína Sveinsdóttir hefur verið starfmaður spítalanna síðan 1967, lengst af sem skrifstofumaður á Borgarspítalanum, sem seinna varð Sjúkrahús Reykjavíkur og síðar Landspítali - háskólasjúkrahús, og þar starfar hún enn. Karólína var ein þúsunda íslenskra kvenna sem fóru á baráttufundinn á kvennafrídaginn 1975.

„Þennan dag var hliðrað til á spítalanum, en starfsemi á sjúkradeildum raskaðist ekki því þeir sem áttu vaktina stóðu hana, enda sjúkrahús vinnustaður með þá sérstöðu að hafa í sinni umsjá veika sjúklinga sem ekki var hægt að skilja eftir,“ segir Karólína og minnist þess ekki hvort karlkyns læknar hafi tekið að sér störf hjúkrunarkvenna meðan á fundinum stóð.

„Karlkyns hjúkrunarfræðingar voru einnig teljandi á fingrum annarrar handar á þessum árum; kannski tveir, þrír í húsinu. Hins vegar fengu sumar okkar starfskvennanna leyfi til fararinnar því enginn vilji var fyrir því að stinga af án leyfis. Við fjölmenntum heldur ekki sem hópur, enda ekki almenn þátttaka á spítalanum,“ segir Karólína, sem ekki kom aftur til vinnu eftir fundinn.

„Reyndar var langt liðið að vaktaskiptum þegar fundurinn var svo ekki tók því að koma aftur á skrifstofuna. Það bitnaði heldur ekki á starfinu að fara í þetta stuttan tíma og enginn skaði hlaust af,“ segir Karólína, sem minnist þess ekki hvort mötuneytinu hafi verið lokað yfir miðjan daginn.

„Ég man að konurnar þar reiddu fram mat í hádeginu en fáir starfsmenn fóru að öllu jöfnu í eftirmiðdagskaffi í mötuneytið, svo þar hefur skaðinn ekki heldur verið mikill,“ segir Karólína og minnist hvatningarorða fjölmiðlanna.

„Fjölmiðlar þess tíma auglýstu daginn mjög vel og hvöttu konur eindregið til að koma. Þetta var ógleymanlegur dagur, mikil stemning og samstaða meðal kvenna. Mikilvægur og dýrmætur dagur knúinn af óbilandi baráttuhug kvenna.“

■ 24. október 1975. Kl: 14.08

# Svaka fjör hjá

Sigurður E. Marinósson var forstjóri sælgætisgerðarinnar Mónu þegar Kvennafrídagurinn var haldinn fyrir þrjátíu árum. „Það var bara öllum gefið frí vegna þess að mér fannst ekkert annað rétt í stöðunni. Ég vildi vera eins og þeir sem voru frjálslyndastir svo við lokuðum bara fyrirtækinu,“ segir hann ákveðinn en konur hafa alltaf verið í meirihluta starfsmanna í verksmiðjunni. „Það var víst svaka fjör hjá konunum og þetta var mesta samkunda sem hafði nokkurn tíma verið í miðbænum. Það var þarna fullt af útlenskum blaðamönnum líka sem þótti þetta afar spennandi. Hún Ágústa K. Sigurjónsdóttir, konan mín, fór einmitt í bæinn en hún vann á skrifstofunni í Mónu á þessum tíma.“

Ágústa grípur inn í samtalið og segir gífurlega stemningu hafa verið í bænum. „Við nenntum nú ekki að fara í skrúðgöngu en við stóðum fyrir neðan veitingahús í Bankastrætinu, Lækjarbrekku, og horfðum á. Þetta var ægilega mikið stuð og virkilega spennandi,“ segir hún glaðvær.

Sigurður minnist þess að mikið hafi verið undirbúið fyrir daginn og sumar konur hafi farið í algert verkfall. „Ég veit nú ekki hvort það var satt en í sumum erlendum blöðum var mikið talað um að margar konurnar hefðu farið í algjört bindindi og kallarnir hefðu ekki einu sinni mátt fara upp í rúm hjá þeim. Það getur kannski verið að hörðustu rauðsokkurnar hafi gert þetta.“

Aðspurður hvort hann haldi að Kvennafrídagurinn hafi haft mikið að segja fyrir aukin réttindi kvenna segir hann: „Ég veit það ekki. Ég held að þetta komi smám saman því réttindi kvenna eru orðin ansi mikil í dag miðað við hvernig þetta var í gamla daga. Það er reyndar mín skoðun að stelpur séu farnar að vera miklu duglegri. Konur hafa breyst ósköp mikið og til hins betra. En með launajafnréttið getur þetta verið ansi erfitt. Ég man að þegar lögin komu um að konur og karlar ættu að fá sömu laun voru sumir karlar eitthvað fúlir. Þegar þurfti að bera eitthvað þungt þá sögðu þeir: „Jæja, nú eruð þið komnar með sömu laun og við, nú getið þið borið þetta sjálfar,“ segir Sigurður. „En mér finnst sjálfsagt að fólk fái sömu laun fyrir sömu vinnu.“

**Karlpeningurinn settur í afgreiðsluna**

Hrafnhildur B. Sigurðardóttir starfar hjá Landsbankanum og gerði það einnig fyrir þrjátíu árum þegar Kvennafrídagurinn fór fram.

„Það yfirgáfu allar konur bankann og héldu niður í bæ. Við skildum karlpeninginn eftir með verkefnin. Þeir tóku því bara vel og ég held þeim hafi fundist sjálfsagt að við tækjum þátt í viðburðum dagsins,“ segir Hrafnhildur.

„Það gekk þó á ýmsu því þarna voru aðilar að fara inn í störf sem þeir höfðu aldrei sinnt áður. En þeir voru allir settir í afgreiðsluna og afgreiddu viðskiptavinina um það allra einfaldasta og flóknari hlutir voru saltaðir þar til daginn eftir,“ segir Hrafnhildur og viðurkennir að konurnar hafi ekki getað stillt sig um að kíkja við í bankanum seinna um daginn. „Þeir voru þarna rasandi um og hvæsandi og við færðum þeim rós í þakklætisskyni. Þeir fóru þá að baksa við það að finna rósunum einhvern stað og spurðu okkur hvar þeir ættu eiginlega að setja rósirnar. Svo við þurftum líka að finna tómar flöskur og þess háttar til þess að halda rósunum á lífi.“

Aðspurð hvernig stemningin hafi verið í bænum segir hún: „Það var mjög mikil stemning og þetta var stórskemmtilegur dagur. Það var



**SIGURÐUR E. MARINÓSSON** Hann var forstjóri sælgætisgerðarinnar Mónu fyrir þrjátíu árum og gaf öllum konunum frí á Kvennafrídaginn.

# Vilborg var ókrýnd drottning dagsins

Já, ég mæti efalaust á fundinn og hlakka til, enda forréttindi að fá tækifæri til að upplifa slíkt tvisvar sinnum á ævinni,“ segir rithöfundurinn og rauðsokkan Hildur Hákonardóttir um kvennafrídaginn 24. október, en í tilefni af þrjátíu ára afmæli kvennafrídagsins hefur bókaútgáfan Salka gefið út bókina Já, ég þori, get og vil í samantekt Hildar.

„Ég var að sjálfsögðu á torginu árið 1975. Var þá skólastjóri Myndlista- og handíðaskólans og svo sjálfsagt að við færum niður eftir að ekki var annað til umræðu,“ segir Hildur og minnist hugsana sinna á torginu forðum.

„Vegna þess að ég hafði fylgst með hugmyndinni í tvö, þrjú ár, fannst mér langmerkilegast og stóð undrandi allan daginn yfir því að hægt væri að framkvæma þetta og yfir öllum mannfjöldanum. Sú tilfinning yfirskyggði allt annað,“ segir Hildur og minnist annarra hugrenninga sem skutu upp kollinum á kvennafrídaginn 1975.

„Um þetta leyti vann blökkukona í Bandaríkjunum til bókmenntaverðauna og skrifaði um það þegar einangraða svarta fólkið kom til borganna og sá hve það var margt. Í einangrun sinni hafði það ekki haft hugmynd um allan þennan fjölda og aldrei fundið til samkenndar áður. Og eins og svarta fólkið voru þarna samankomnar allar íslensku konurnar til að sjá hvað þær voru margar og sameinaðar,“ segir Hildur, sem tileinkar bók sína minningu Vilborgar Harðardóttur.

„Vilborg var hin ókrýnda drottning dagsins. Hefði hún ekki haldið svona vel utan um hugmyndina og trúað á hana í langan tíma, hefði þessi dagur varla komið til. Því þakka ég henni fyrir og óbilandi trú hennar á verkefninu sem fleytti deginum jafn langt sem raunin varð,“ segir Hildur sem oftast naut þess að vinna að bókinni.

„Það var gaman en að sumu leyti erfitt því þetta var hörð barátta í þá tíð og ýmsir hlutir sem bæði ég og aðrir höfðu ákveðið að leggja ekki sterklega á minnið. Þar á meðal var fóstureyðingarfrumvarpið sem var feykilega erfitt mál, en um sjálfsákvörðunarrétt kvenna að ræða. Við vorum kallaðar öllum illum nöfnum, margt misskilið viljandi og því afar sárt að rifja það upp, en þegar ég var búin og bókin komin í gegn var þetta afskaplega skemmtilegt.“



**HILDUR HÁKONARDÓTTIR VEFARI OG GRASNYTJUNGUR** Er höfundur Já, ég þori, get og vil, nýútkominnar bókar um kvennafrídaginn 1975, þar sem blandað er saman efni úr dagblöðum, endurminningum og teikningum. LJÓSMYND/E.ÓL.

# konunum

svo sérstakt að þarna voru konur á öllum aldri. Ég var náttúrlega ung á þessum tíma en þarna voru mjög fullorðnar konur sem virtust skemmta sér dásamlega vel.

Hrafnhildur telur að þetta uppátæki kvennanna hafi haft mikið að segja og að atvinnurekendur sem og aðrir hafi áttað sig á mikilvægi þeirra. „Ég held að atvinnurekendur hafi áttað sig á því hversu mikilvægar konur eru orðnar á vinnumarkaðnum. Ég held það hafi komið fyllilega í ljós þegar við létum okkur hverfa. Að sjálfsögðu var ég svo líka í fríi heima hjá mér og maðurinn minn eldaði þetta kvöld og lagði fínt á borð.“ segir hún og er ekki frá því að hún muni kíkja í bæinn á mánudaginn. „Já, ég vona að ég hafi tækifæri til þess að taka þátt í þessu aftur og vonandi verður jafn góð stemning, ef ekki bara betri.“ hvar þeir ættu eiginlega að setja rósirnar. Svo við þurftum líka að finna tómar flöskur og þess háttar til þess að halda rósunum á lífi.“

Aðspurð hvernig stemningin hafi verið í bænum segir hún: „Það var mjög mikil stemning og þetta var stórskemmtilegur dagur. Það var svo sérstakt að þarna voru konur á öllum aldri. Ég var náttúrlega ung á þessum tíma en þarna voru mjög fullorðnar konur sem virtust skemmta sér dásamlega vel.

Hrafnhildur telur að þetta uppátæki kvennanna hafi haft mikið að segja og að aðrir hafi áttað sig á mikilvægi þeirra. „Ég held að atvinnurekendur hafi áttað sig á því hversu mikilvægar konur eru orðnar á vinnumarkaðnum. Ég held það hafi komið fyllilega í ljós þegar við létum okkur hverfa. Að sjálfsögðu var ég svo líka í fríi heima hjá mér og maðurinn minn eldaði þetta kvöld og lagði fínt á borð.“ segir hún og er ekki frá því að hún muni kíkja í bæinn á mánudaginn. „Já, ég vona að ég hafi tækifæri til þess að taka þátt í þessu aftur og vonandi verður jafn góð stemning, ef ekki bara betri.“



**HRAFNHILDUR B. SIGURÐARDÓTTIR** Hún starfaði hjá Landsbankanum og gerir enn. Hún fór ásamt samstarfskonum sínum niður í bæ og skildu þær karlpeninginn eftir með verkefnin.



**STELLA STEFÁNSDÓTTIR FISKVINNSLUKONA** Gaf Bæjarútgerðinni og Granda starfskrafta sína í hálfa öld og stóð ekki upp frá færibandinu fyrr en á 71. aldursári. LJÓSMYND/STEFÁN

# Ávinningur lét á sér standa

Stella Stefánsdóttir fiskvinnslukona vann í Bæjarútgerðinni og síðar Granda alla sína starfsævi; í alls heil fimmtíu ár, frá tvítugs til sjötugs. Þegar hún rifjar upp kvennafrídaginn 1975 hefur fennt yfir sumt í minningunni en annað stendur eftir ljóslifandi.

„Við kölluðum þetta nú bara verkfall, þessar sem vorum hvað harðastar í þessu, en sumir kölluðu þetta frí svo það hljómaði betur gagnvart vinnuveitendum,“ segir Stella, sem hætti að vinna á færibandinu í Granda árið 2003.

„Á þessum tíma var Bæjarútgerðin, eins og önnur frystihús á landinu, að stærstum hluta kvennavinnustaður. Það hefur breyst eftir að Íslendingar vildu ekki vinna í fiski og síðan bæst við karlar í starfsliðið, en sennilega eru um áttatíu prósent starfsmanna Granda í dag útlendingar,“ segir Stella, sem kláraði dagsverkið á tvöföldum hraða áður en vinnufélagarnir í Bæjarútgerðinni héldu á baráttufundinn á Lækjartorgi hinn 24. október 1975.

„Mig minnir að þetta hafi þótt alveg sjálfsagt og hafði engin eftirköst. Vinnuveitendurnir voru aðallega fegnir að fá okkur aftur, en það var ekki fyrr en daginn eftir. Við unnum til hádegis og lukum því sem ætlast var til svo við gætum farið í fríði, en eftir það var starfsemin í algjörum lamasessi,“ segir Stella, sem fór heim og hafði fataskipti og aftur niður í bæ með strætó.

„Það var alls ekki hægt að fara í stígvélum, skítugum slopp og með svuntu beint úr frystihúsinu niður í bæ, svo maður puntaði sig frekar. Þetta var ótrúlega skemmtilegur dagur og ævintýralega margar konur saman komnar. Hins vegar lét ávinningurinn á sér standa fyrir fiskvinnslukonur, því heldur hafa kjörin versnað heldur en hitt,“ segir Stella, sem alla tíð þótti gott að vinna í Bæjarútgerðinni.

„Þetta var mjög góður vinnustaður og maður átti góða vini alla tíð. Ég vann þar til ég var orðin sjötug, eins og margar konur sem áttu ævistarf sitt í frystihúsunum um allt land. En þegar ég hætti var ég búin að fá alveg nóg.“


# Ný ljósmyndabók Upplifðu Ísland






**er ný sérlega vegleg og fjölbreytt ljósmyndabók sem lýsir upplifun þeirri sem fæst með því að ferðast um Ísland**




**Vönduð bók** fyrir þá sem vilja upplifa náttúruna, dýralífið, borg og bæ, landið úr lofti, ævintýrin og listaverk náttúrunnar

- **Bókin kemur jafnframt út á ensku og frönsku**




- **Frábær gjöf til viðskiptavina í útlöndum**

*„Í ljósmynd getur listrænt innsæi ljósmyndarans farið á flug svo að útkoman verði næstum því eins og að impressjónískt málverk. Þetta á við um margar ljósmyndirnar í þessari bók. Sumar hverjar eru næstum því „Kjarvalskar“ og fanga ýmist tæra og hrikalega fegurð eða ævintýralega dulúð landsins okkar ómetanlega dýmæta fjársjóð.“*

*Ómar Ragnarsson*

Minnum einnig á
Land of Light
fyrri bók Hauks




Snerruútgáfan ehf.
....tengir þig töfrum landsins!

**Sími: 567 3350 • Fax: 567 6671 • e-mail: snerra@snerra.is**

# Ást og þráhyggja

Kvikmyndin Fever Pitch var frumsýnd hér á landi á dögunum. **Drew Barrymore** leikur aðalhlutverkið, auk þess að framleiða myndina. *Birgir Örn Steinarsson* hitti hana í London á dögunum.



**DREW BARRYMORE OG JIMMY FALLON** Það hefur mikið vatn runnið til sjávar hjá Drew síðan hún lék í E.T. en nú er hún á beinu brautinni og gerir það gott í Fever Pitch.

Drew Barrymore er kvikmyndastjarna og hagar sér sem slík. Það er augljóst frá því að hún stígur inn í herbergið að hún er við stjörn. Hún leikur ekki bara aðalhlutverkið í Fever Pitch, heldur er hún framleiðandi myndarinnar líka. Þetta þýðir að hún er yfirmaður allra þeirra sem vinna að kynningarstarfinu við myndina. Hún hefði getað rekið Farrell-bræðurna, leikstjóra myndarinnar, sem eru frægastir fyrir myndirnar There´s Something About Mary og Me, Myself and Irene. Valdamikil smávaxin kona.

Myndin er gerð eftir samnefndri bók Nicks Hornby. Þetta er í annað skipti sem sagan er kvikmynduð en áður var gerð bresk mynd þar sem góði gæinn úr Bridget Jones, Colin Firth, fór með aðalhlutverkið. Stærsti munurinn á myndunum er líklegast sá að Colin var fótboltaaðdáandi en hafði líklegast engan áhuga á hafnabolta.

„Hvernig hafið þið það?“ spyr hún kurteislega um leið og hún fær sér sæti. Eins og ekta Kani er hún samt ekkert endilega að bíða eftir svari við spurningu sinni.

## Vinna, ást og partíleikir

Í kvikmyndinni leikur hún vinnualka sem á í ástarsambandi við kennara sem á í öðru ástarsambandi. Ekki við aðra konu, heldur heilt hafnaboltalið, Red Sox, sem hann hefur haldið upp á frá barnæsku. Líklegast eitthvað sem margar konur geta tengt sig við. Eru það þá bara strákar sem eru haldnir slíkri þráhyggju á áhugamálum sínum?

„Nei, ég er til dæmis algjör vinnufíkill,“ segir hún, tjáningin jafn mikil með höndunum og munninum. „Það kemur oft niður á svipaðan hátt á ástarsamböndum mín og hjá persónunni minni í myndinni. Ég þarf að passa mig á að setja ekki vinnuna í fyrsta sætið, og að það sé jafnvægi á öllu saman. Hver einasta manneskja sem hefur samband mið aðra kemur með sinn eigin farangur og þráhyggju. Síðan þurfa báðir að gera upp sín á milli hvort sambandið gangi eða ekki.“

*Ertu haldin þráhyggju yfir einhverju öðru en vinnu?*

„Nýlega varð ég ástfangin af skóm, mér hefur hingað til verið nokkuð sama um þá. Ég er líka hrifin af jóga, en það er ekki fíkn hjá mér núna.“

*Hversu mörg pör áttu?*

„Ætli ég eigi ekki um 15 pör af skóm. Ég verð ekki klikkuð þegar kemur að svona hlutum. Ég er heldur ekki ein af þeim sem klæðist bara fötum frá topphönnuðum. Fullt af fötum sem ég á eru ekki eftir þekkta hönnuði. Ég kaupi fullt af fötum í verslunum á borð við Urban Outfitters eða Gap. Mér finnst gaman að blanda þessu saman við þá list sem hönnuðir gera, því það er list!“

*Í myndinni fara persónurnar í veislu þar sem allir eru klæddir eins og fína fólkið frá bannárunum í Bandaríkjunum, á fjórða áratugnum. Heldur þú svoleiðis veislur heima hjá þér?*

„Partíin mín eru öðruvísi. Ég fer í partíleiki. Uppáhaldsleikurinn minn er bjórleikur sem heitir „tíkall“. Hann fer þannig fram að þú átt að renna peningnum af borði og ofan í hatt sem er á gólfinu. Sá sem nær því fær að ráða hver þarf að taka stóran sopa af bjórnum. Rauðvín, góð tónlist í spilaranum og gott spil. Það er mín uppskrift af góðu kvöldi.“

*Þú ert gift trommaranum úr The Strokes, er hann jafn mikill vinnufíkill og þú?*

„Hann hefur mjög mikla ástríðu á því sem hann gerir. Hann hefur frábært jafnvægi á milli vinnu og ástar. Hann veitir mér innblástur. Það er svo gaman að vera í kringum hann. Hann er mjög agaður og ég ber virðingu fyrir því.“

## Ómyndarlegir fyrrverandi elskhugar

*Er það satt að þú hafir verið aðdáandi Red Sox meðan á tökum stóð?*

„Það var eiginlega ekki hægt að komast hjá því. Maður bjó og þreifst í þessum heimi á meðan á framleiðslu og tökum stóð. Svo lærir maður öll smáatriðin um liðið. Ef maður er ekki íþróttaaðdáandi þá hjálpar það manni að læra söguna bak við liðið og um alla gömlu leikmennina. Svo tókum við svo mörg atriði á sjálfum leikjunum að maður varð að fylgjast með. Við vorum að drekka bjór og tókum þátt í öllu saman. Svo unnu þeir heimsmeistarakeppnina, og með alla sögu liðsins með var ekki annað hægt en að heillast líka.“

„Ég ákvað bara að fólk væri saklaust, þar til sekt sannaðist á það. Ég vil ekki hugsa þannig. Mér finnst ég ekkert merkileg. Ég er bara maur sem er að vinna vinnu sína hérna á jörðinni. Ég dreg ekki þær ályktanir að fólk sé að spila með mig, ég gæti ekki eytt orku í það. Það tæki líka á að hugsa alltaf að maður sé yfir aðra hafin. Ég hef ekki heldur orku í að búa í þannig heimi.“

*Ertu jafn góð í því að framleiða og leika?*

„Ég vona það. Þetta er mjög áhugavert samspil. Sem leikari verður maður að vera opinn tilfinningalega en sem framleiðandi verður maður að hugsa rökrétt. Þetta rekst oft á. Mér finnst gaman að vera við stjórn og sjá til þess að allt sé eins og það eigi að vera. Ég elska að búa til kvikmyndir og ég vil búa þær til á þann hátt sem ég og vinir mínir kunnum að meta. Það er erfiðara fyrir mig að








Brimborg er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Lincoln á Íslandi. | Lincoln Mark LT 4x4 5.4 V8 300 hö. sjálfskiptur, verð frá 3.995.000 kr.* Lincoln Aviator AWD 4.6 V8 302 hö. sjálfskiptur, verð frá 5.565.000 kr.* Lincoln Navigator 4x4 5.4 V8 300 hö. sjálfskiptur

leika í einhverri mynd, bíða svo og vona að lokaniðurstaðan verði gerð rétt. Ekki það að mín leið sé endilega réttust. Við gerum mismunandi myndir, vegna þess að okkur finnst gaman að horfa á myndir sem eru ólíkar.“

*Í myndinni verður persóna þín þrítug, eins og þú varðst sjálf á þessu ári, og hún hefur áhyggjur af því hvort hún muni eignast börn eða ekki. Er mamma þín að bíða eftir því að þú gerir hana að ömmu?*

„Ég veit það ekki. Við tölum eiginlega ekkert um það. Ég er ekki tilbúin til þess að eignast börn. Ég veit það fyrir víst. En það er bókað takmark hjá mér að eignast einhvern tímann börn. Ég er þannig séð að vinna mig að því að geta eignast fjölskyldu og lítil kraftaverk.“

*Einn boðskapur myndarinnar er að kvenfólk laðast að kímnigáfu og aga. Ertu ekkert fyrir útlit?*

„Ég vil nú ekki vera gera lítið úr neinum en margir af fyrrverandi elskhugum mínum eru frekar sérstakir. Fyrir mér skiptir innihaldið mestu máli.“

*Láttu ekki svona.*

„Maður vill ekki vera með einhverjum sem er rosalega fallegur, en jafn heimskur og box fullt af hári. Maður vill einhvern sem er áhugaverður og með á nótunum. Einhvern sem er listrænn og lætur þig hugsa. Einhvern sem fær þig til þess að sjá heiminn á annan hátt en þú gerir. Samband á að reyna á, og það á að hreyfa við manni. Á sama tíma er mikilvægt að maðurinn sé fyndinn. Ég gæti aldrei enst með neinum bara vegna útlits hans.“

*Persóna þín lendir í ástarsorg í myndinni. Hefurðu einhverja leynilega lækningu við ástarsorg?*

„Ég myndi horfa á bíómyndir sem láta mér líða vel. Það besta við að lenda í ástarsorg er að maður kemst alltaf í svo gott samband við vini sína. Gamanmyndir eru bókuð lækning við ástarsorg.

Ég má ekki horfa á neitt sem er of þungt þegar ég er í því ástandi því annars missi ég bara vitið.“




Öruggur staður til að vera á

**Tilfinningin fyrir Lincoln er einungis þeirra sem reynt hafa. Komdu í dag og skoðaðu nýja pallbílinn.**



, verð frá 6.885.000 kr.* | *Brimborg og Lincoln áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. | Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.lincoln.is



SUDOKU ÁSKORUN

Taktu þátt í áskoruninni!
Þátttökuseðlar í næstu verslun

Fimm heppnir keppendur fá 5.000 króna gjafabréf í verslunum Pennans Eymundsson og aðrir tíu fá 109 SUDOKU – bækur 1 og 2.

BÓKABÚÐIR MM · Penninn · Eymundsson – svör við öllu


## STUÐ MILLI STRÍÐA: Bjánaleg atvik viðurkennd

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** FÓR Í JÁTNINGARÁTAK



Um daginn kom til mín vinkona og sýndi mér blaðsíðu í tískublaði af agalega smartri módelpíu í skvísufötum með fótósjoppaðan rass. Við stóðum báðar og störðum öfundaraugum á fallegu flíkurnar. Síðan viðurkenndi vinkona mín að hana hafi alltaf langað til að vera pæja. Ég varð svo glöð þegar ég heyrði þessa óvæntu játningu, því mig hefur sjálfa alltaf langað til að vera pæja. Mér fannst svo indælt að þarna var einhver tilbúin til að játa fyrir mér leynda drauma og við ræddum í sameiningu um brostnar vonir okkar beggja sem við höfðum til smartheita fullorðinsáranna.

Mér fannst þetta allt góð útrás og fannst ég vera minna ein í heiminum og ákvað þar með að ég skyldi fara í átak, svokallað „bjánaleg leyndarmál játningarátak“.

Upphafið á átakinu var að segja söguna af því þegar ég ætlaði mér að kaupa bensín um daginn. Ég lagði bílnum vinstra megin við dæluna, steig út og sá að bensínlokið var þá hægra megin á bílnum. Ekki málið, ég snaraði mér aftur undir stýrið, startaði bílnum og tók U-beygju að dælunni hægra megin! Drap á bílnum, steig sátt út úr bílnum, „tvö þúsund kall“ sagði ég við dæludrenginn sem stóð forviða með bensínstútinn í hendinni og gapti yfir skrítinni lausn ungrar konu á staðsetningu bensínsloks.

Eftir að ég hafði sagt þremur manneskjum frá þessu bjánalega atviki, og enginn kannaðist við að hafa lent í því sama, þá sagði ég átakinu lokið.


LANDSSAMBAND FRAMSÓKNARKVENNA

# Í samstöðunni felst sigur kvenna!

Landsamband framsóknarkvenna hvetur allar konur til að sýna samstöðu á Kvennafrídaginn 24. okt. nk. leggja niður störf kl. 14.08 og fylla miðborgina. Mætum í kröfugöngu kl. 15 á Skólavörðuholtinu og útifundinn á Ingólfstorgi kl. 16.

Við krefjumst launajafnréttis og þess að það endurspeglist í valdastöðum þjóðfélagsins s. s. á Alþingi og í stjórnum og ráðum stofnana og fyrirtækja að konur eru helmingur þjóðarinnar.

Landsamband framsóknarkvenna stendur fyrir samstöðu-súpufundi kl. 12.30 á Sólon í Bankastræti 2. hæð.

LFK

www.lfk.is



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 6 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 | 7 |
| 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 | 6 | 2 |
| 7 | 9 | 2 | 4 | 3 | 6 | 1 | 8 | 5 |
| 6 | 5 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 8 | 2 | 3 | 7 | 6 | 9 | 4 | 5 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 7 | 4 | | | 2 | | |
| 3 | | | | | | 8 | 1 | |
| | 5 | 1 | 2 | 8 | | | 6 | |
| 9 | | 8 | 1 | | 5 | | | |
| 2 | | | | 6 | | | | 1 |
| | | | 9 | | 4 | 3 | | 7 |
| | 6 | | | 7 | 9 | 5 | 4 | |
| | 9 | 4 | | | | | | 3 |
| | | 5 | | | 8 | 1 | | 2 |

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Bannaðir
innan 18 ára
Fahrenheit
Fahrenheit er ævintýraleikur sem gerist í New York, þar sem fjöldi grófra morða hafa verið framin. Leikmenn fara í hlutverk Lucas Kane sem rankar við sér alblóðugur, þar sem hann hefur myrt mann. Markmið leikmanna er svo að stýra Lucas og komast að því hvað gerðist, en einnig fá leikmenn tækifæri á að stýra lögreglumönnunum sem rannsaka málið. Mjög óhugnanlegur og spennandi ævintýraleikur sem fær fleira en hárin til að rísa
PC
3.999
PS2 XBOX
4.999
PlayStation 2
18+
www.pegi.info
Meira úrval, betra verð!
The Warriors
Frá framleiðendum Grand Theft Auto kemur leikur byggður á kvikmyndinni Warriors. Leikmenn fara í hlutverk klíkuforingja sem þarf að lifa af eina nótt í skuggahverfum New York. Hér er á ferðinni slagsmálaleikur matreiddur af Rockstar Games. Tvímælalaust einn af leikjum ársins.
PS2 XBOX
4.999
PlayStation 2
THE WARRIORS
18+
www.pegi.info
Spartan Total Warrior
Glænýr leikur frá höfundum Total War leikjanna. Hér berjast leikmenn sem Spartverjar í baráttu þeirra við yfirgang Rómverja. Öflugur hasarleikur þar sem allt að 200 hermenn geta verið á skjánum í einu. Glæsilegur leikur sem inniheldur 13 borð sem spanna 3 heimsálfur. Leikmenn fá hin ýmsu vopn og þurfa að uppfæra þau til að sigrast á óvininum.
PS2 XBOX
4.999
PlayStation 2
SPARTAN TOTAL WARRIOR
SEGA
18+
www.pegi.info
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

! **Kl. 17.00**

*__Hlín Pétursdóttir__ sópran og kammerhópurinn __Dísurnar__ koma fram á kammertónleikum í Selfosskirkju. Dísurnar eru þær __Eydís Franzdóttir__ óbóleikari, __Bryndís Pálsdóttir__ fiðluleikari, __Herdís Jónsdóttir__ lágfiðluleikari og __Bryndís Björgvinsdóttir__ sellóleikari.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Rússneskur dans í Salnum

Rússneski dansflokkurinn Rossiyanochka kemur fram í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs og á fjölskylduhátíð í Smáralind núna um helgina í tilefni Rússneskrar menningarhátíðar í Kópavogi.

Í flokknum eru um 200 atvinnudansarar á aldrinum 6-25 ára en þar af koma tíu pör til landsins. Hópurinn hefur hlotið verðskuldaða athygli víða um heim og dansar hans eru taldir endurspegla einkenni rússnesku þjóðarsálarinnar, skapsmuni og ást þjóðarinnar á föðurlandinu.

Rossiyanochka dansflokkurinn hefur komið fram víðs vegar í Evrópu, Bandaríkjunum og Kína og bæði hlotið heiðurstilnefningar og margs konar viðurkenningar. Hann hefur hlotið fyrstu verðlaun á alþjóðlegum danshátíðum í Búlgaríu, Danmörku, Rússlandi, Frakklandi, Kína og Búlgaríu. Listrænn stjórnandi Rossiyanochka og aðalballettmeistari er Alexander Nosikhin. Nadejda Nosikhina er ballettmeistari hópsins sem hingað kemur.

Sýningar Rossiyanochka dansflokksins verða í Salnum í dag og á morgun klukkan 17 báða dagana. Einnig kemur flokkurinn fram á rússneski fjölskylduhátíð í Vetrargarðinum í Smáralind á laugardag.



RÚSSNESKI DANSHÓPURINN ROSSIYANOCHKA

Listrænn stjórnandi Rossiyanochka og aðalballettmeistari er Alexander Nosikhin. Nadejda Nosikhina er ballettmeistari hópsins.

### > Ekki missa af ...

... sýningu Kvikmyndasafns Íslands á kvikmyndinni **Hnífur í vatni** eftir **Roman Polanski** sem hann gerði árið 1962. Sýningar safnsins eru í Bæjarbíói í Hafnarfirði.

... tónleikum **Kórs Flensborgarskólans** í Hafnarfirði sem haldnir verða í Víðistaðakirkju á morgun. Stjórnandi kórsins er **Hrafnhildur Blomsterberg**.

... upplestri fimm handhafa **Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs** í Norræna húsinu á morgun. Þeirra á meðal er Íslendingurinn **Sjón** sem fær verðlaunin í næstu viku.

# Heiðra forfeður sína með söng

Tveir ungir söngvarar, þau Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópran og Stefán Helgi Stefánsson tenór, hafa undanfarnar vikur verið á tónleikaferð um landið til að heiðra tvo þekkta íslenska söngvara frá fyrri tíð, þau Stefán Íslandi og Sigurveigu Hjaltested.

„Sigurveig er á lífi en Stefán lést fyrir um það bil tíu árum," segir Ingibjörg, en Sigurveig er föðuramma hennar og var heiðursgestur á fyrstu tónleikunum sem haldnir voru í Ými í Reykjavík. Stefán Íslandi var langafi Stefáns Helga í beinan karllegg. Ingibjörg lærði söng á Íslandi hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur en hefur búið í Þýskalandi undanfarin fimm ár. Í sumar útskrifaðist hún með meistarapróf í ljóða- og óperusöng frá Tónlistarháskólanum í Nürnberg, þar sem hún býr. Hún heldur út í næsta mánuði til þess að syngja í Töfraflautunni eftir Mozart, auk þess sem hún heldur áfram að koma fram á tónleikum þar ytra við ýmis tækifæri. „Ég syng aðra dömu í Töfraflautunni í ferðasýningu sem er sýnd víða um Suður-Þýskaland."

Þau héldu fyrstu tónleika sína í tónlistarhúsinu Ými í Reykjavík, aðrir tónleikarnir voru á Selfossi og þeir þriðju á Akureyri, en í dag er komið að fjórðu tónleikunum sem verða í tónleikasalnum Hamrar á Ísafirði. „Við byrjum tónleikana á að syngja íslensk sönglög sem þau Sigurveig og Stefán sungu á sínum tíma. Við erum ekkert að líkja neitt eftir þeim heldur syngjum við þessi lög á okkar forsendum. Síðan förum við yfir í óperuaríur og dúetta eftir hlé." Ólafur Vignir Albertsson leikur með þeim á píanó. Kynnir er Ólafur Beinteinn Ólafsson, faðir Ingibjargar, sem einnig leikur á harmoniku og píanó í nokkrum lögum.



**STEFÁN HELGI STEFÁNSSON OG INGIBJÖRG ALDÍS ÓLAFSDÓTTIR** Syngja íslensk sönglög og aríur í minningu Stefáns Íslandi, sem var langafi Stefáns, og Sigurveigar Hjaltested, sem er amma Ingibjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GESTUR OG HOMMAPARIÐ** Gunnar Kristmannsson, Hrólfur Sæmundsson og Gautur G. Gunnlaugsson í hlutverkum sínum í hinsegin óperettunni Gestur – síðasta kvöldmáltíðin.

# Óvæntur gestur í lífi hommapars

**Óvenjulegur ástarþríhyrningur birtist á sviðinu í Iðnó í kvöld í nýrri íslenskri gamanóperettu sem heitir Gestur – síðasta kvöldmáltíðin.**

„Þetta er afurð sem er búin að vera svolítið lengi í framleiðslu," segir Gunnar Kristmannsson, annar höfunda óperettunnar, sem hann kýs að kalla söngfarsa. „Við byrjuðum fyrst á þessu fyrir tólf árum en svo lá þetta niðri árum saman. Í fyrra ákváðum við svo að klára málið."

Gunnar, sem er skólastjóri Tónlistarskólans í Grindavík, samdi verkið ásamt félaga sínum Gauti G. Gunnlaugssini. Þeir eru æskufélagar frá Skaganum sem báðir stunduðu tónlistarnám í Tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar söngnám í Söngskólanum í Reykjavík.

Þeir taka báðir þátt í sýningunni í Iðnó, syngja hlutverk hommaparsins Ólívers og Lauga, sem búa í Grafarvoginum. Hommarnir una þar nokkuð glaðir við sitt þangað til nýr nágranni kemur inn í líf þeirra. Gestur heitir sá og er atvinnuflugmaður og sjarmatröll hið mesta, leikinn af Hrólfi Sæmundssyni barítónsöngvara.

Verkið gerist á einum degi, frá síðdegi fram á kvöld, og atburðarásin verður ansi afdrifarík með óvæntum fléttum og misskilningi.

„Hugmyndin kom nokkurn veginn fullmótuð þegar við vorum að hlusta á lokaatriði óperunnar Don Giovanni eftir Mozart þar sem þrjár djúpar karlaraddir syngja saman. Okkur datt strax í hug að gera óperettu með þremur karlaröddum og það lá alveg beint við að láta þá alla vera homma. Það kemur út úr því svo skemmtileg gerð af ástarþríhyrningi þar sem allir geta orðið hrifnir af öllum."

Óperettan skiptist nokkurn veginn til helminga milli leikinna atriða og söngatriða.

„Tónlistin er í klassískum anda og spannar mörg stílbrigði, allt frá barokki upp í Verdi," segir Gunnar. „Mozart og Rossini hafa haft mikil áhrif á þetta allt saman, en það er samt engu stolið. Ég held að allir eigi að geta haft gaman af þessu, hvort sem það eru óperuunnendur eða fólk sem aldrei hefur haft áhuga á slíku."

Leikstjóri er Þröstur Guðbjartsson en um undirleik sér spænski píanóleikarinn Raúl Jiménez, sem hefur verið búsettur hér á landi í eitt ár.

Frumsýningin verður í kvöld klukkan átta.

ÍSLENSKA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍAN KYNNIR

HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS

STUTTMYNDAKEPPNI Á EDDUNNI

FYRIR UNGA KVIKMYNDAGERÐARMENN Á ALDRINUM 15-25 ÁRA

EDDA 2005

HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS ERU VEITT Í NÝSTOFNAÐRI STUTTMYNDAKEPPNI ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍUNNAR SEM ÆTLUÐ ER EFNILEGU KVIKMYNDAGERÐARFÓLKI Á ALDRINUM 15 – 25 ÁRA.

- SKILAFRESTUR ER ÞRIÐJUDAGINN 1. NÓVEMBER KL. 17:00
- MYNDIRNAR SKULU VERA ALLT AÐ 20 MÍNÚTUM Á LENGD
- MYNDIRNAR EIGA AÐ HAFA VERIÐ GERÐAR Á SÍÐUSTU 2 ÁRUM
- SÁ SEM SKRÁIR VERK TIL KEPPNI SKAL HAFA TIL ÞESS UMBOÐ FRÁ ÖÐRUM RÉTTHÖFUM



FYRSTU VERÐLAUN SONY HDV

Skila skal 5 eintökum á DVD eða VHS ásamt útfylltum og undirrituðum eyðublöðum á skrifstofu kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Túngötu 14, 101 Reykjavík fyrir kl. 17:00 þann 1. nóvember 2005.

Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.LOGS.IS

# Reynsla af Rússum

Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði, Árni Bergmann rithöfundur, Ingibjörg Haraldsdóttir þýðandi og ljóðskáld, Guðmundur Ólafsson hagfræðingur og Haukur Hauksson, fréttaritari í Moskvu, flytja erindi á málþingi um rússneska menningu, sem haldið verður í Salnum í Kópavogi í dag í tengslum við Rússneska menningarhátíð.

Fyrirlesararnir leitast við að kynna Rússland út frá persónulegri reynslu sinni, þekkingu og upplifun.

Málþingið hefst klukkan 10 og stendur til klukkan 12.



**INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR** Hún er ein þeirra sem segja frá reynslu sinni af rússneskri menningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# NÝJAR BÆKUR




**N**ý bók um Artemis Fowl eftir metsöluhöfundinn Eoin Colfer er komin út hjá JPV útgáfu. Hún heitir **Blekkingin** og er fjórða bókin sem kemur út um þennan unga glæpasnilling en allar hafa bækurnar notið mikilla vinsælda hér á landi sem og um allan heim.




**Ú**t er komin hjá Máli og menningu bókin **Stravaganza: Stjörnuborgin** eftir Mary Hoffman í þýðingu Höllu Sverrisdóttur. Bókin er spennandi ævintýrasaga fyrir börn og unglinga þar sem blandast saman töfrar, dulúð og spenna, ríkt ímyndunarafl og raunveruleiki svo að úr verður heillandi frásögn sem erfitt er að leggja frá sér.



**F**lugdrekahlauparinn eftir Khaled Hosseini er komin út hjá JPV útgáfu í þýðingu Önnu Maríu Hilmarsdóttur. Flugdrekahlauparinn er heillandi skáldsaga um vináttu og svik, ástir og örlög, sakleysi og sekt.




**H**já Máli og menningu er komin út **Kertin brenna niður** eftir Sándor Márai í þýðingu Hjalta Kristgeirssonar. Tveir gamlir vinir, fyrrverandi foringjar í her Austurríkis-Ungverjalands, sem áður voru óaðskiljanlegir, hittast á ný eftir ríflega fjörutíu ára aðskilnað.




**H**já Almenna bókafélaginu er komin út bókin **Brosað gegnum tárin - Fegurðarsamkeppnir á Íslandi** eftir Sæunni Ólafsdóttur. Saga fegurðarsamkeppna á Íslandi er rakin í liprum og lifandi texta. Bókin er ríkulega skreytt ljósmyndum og úrklippum.












BORGARLEIKHÚSIÐ



Stóra svið

**Salka Valka**

Í kvöld kl. 20 Rauð kort
Su 30/10 kl. 20 Græn kort Fi 3/11 kl. 20 Blá kort
Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/11 kl. 20

**Woyzeck**

Í samstarfi við Vesturport og Barbican Center
Fi 27/10 kl.20 Forsýning UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 Gul kort Lau 5/11 kl. 20 Rauð kort
Fi 10/11 kl. 20 Græn kort Fö 11/11 kl. 20 Blá kort

**Híbýli vindanna**

Su 23/10 kl. 20 Síðasta sýning

**Kalli á þakinu**

Su 23/10 kl. 14 UPPSELT
Su 30/10 kl. 14 UPPSELT Su 6/11 kl. 14

**TVENNUTILBOÐ**
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Nýja svið/Littla svið

**Lífsins tré**

Fi 27/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fö 28/10 kl. 20 UPPSELT Fi 3/11 kl. 20 UPPSELT
Fö 4/11 kl. 20 Lau 5/11 kl. 20
Fi 10/11 kl. 20 Fö 11/11 kl. 20

**Alveg brilljant skilnaður**

Su 23/10 kl. 20 UPPSELT Þr 25/10 kl. 20 UPPSELT
Lau 29/10 kl.20 UPPSELT Su 30/10 KL. 20 UPPSELT
Su 6/11 kl. 20 AUKASÝNING
Su 13/11 kl. 20 AUKASÝING

**Manntafl**

Í kvöld kl. 20 Lau 12/11 kl. 20:00

**Forðist okkur**

Eftir Hugleik Dagsson. Nemendaleikhúsið í samvinnu við leikhópinn CommonNonsense.
Aðeins sýnt í október
Í kvöld kl. 20 UPPSELT Lau 29/10 kl. 18
Lau 29/10 kl. 20 Su 30/10 kl. 20
Má 31/10 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD

5. sýn. í kvöld lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 3/11 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 4/11, nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 23/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00.

EDITH PIAF

Sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt. Aukasýningar sun. 20/11 örfá sæti laus, sun. 27/11, sun 4/12 - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

KLIPPIMYNDIR - Konunglega danska leikhúsið

Sun. 30/10 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 nokkur sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN

Sun. 23/10 uppselt, mið. 26/10 uppselt, lau. 29/10 kl. 16:00, sun. 30/10 nokkur sæti laus. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI

Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11 nokkur sæti laus, lau. 5/11. Sýnt í október og nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN

Í kvöld lau. 22/10 kl. 22:30 - Iceland Airwaves
Sun. 23/10 kl. 21:00 Múlinn - Kvartettinn Lo5

Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


# Djass í evrópskum anda

Djasskvartettinn Los kemur fram á tónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. Tónleikarnir eru liður í tónleikahaldi djassklúbbsins Múlans, sem eru á hverju sunnudagskvöldi klukkan 21.

„Það er nú bara af því að þetta er ekki hefðbundinn bíbopp djass heldur meira í ætt við evrópsku senuna þar sem allt er lausara í reipunum,“ segir Sunna Gunnlaugsdóttir píanóleikari þegar hún er spurð út í nafnið á kvartettinum.

Með henni í kvartettinum eru þeir Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Róbert Þórhallsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.

Þetta eru aðrir tónleikar kvartettsins, sem var stofnaður í vor. Þau leika bæði frumsamda tónlist og tónlist eftir aðra, meðal annars Kenny Wheeler, John Taylor og Mick Goodrick.



**KVARTETTINN LOS** Sunna Gunnlaugsdóttir píanóleikari ásamt Róbert Þórhallssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni og Scott McLemore.

Sunna Gunnlaugs bjó lengi í Bandaríkjunum og starfaði þar sem djasspíanisti áður en hún flutti til landsins fyrir um það bil ári ásamt eiginmanni sínum, trommuleikaranum Scott McLemore sem spilar með henni í kvartettinum.

„Ég dró hann með mér hingað, og núna erum við komin með átta vikna gamalt barn,“ segir Sunna, sem unir hag sínum vel í gróskumiklu djasslífinu hér á landi.


HIMNARÍKI

Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

12. sýn Í KVÖLD- örfá sæti laus
13. sýn fös 28. okt
14. sýn lau 29. okt
15. sýn fös 4. nóv
16. sýn lau 5. nóv
17. sýn fös 11. nóv

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

GERÐUBERG



**Söngur og sund á sunnudegi**
Sunnudaginn 23.október kl. 13:00-14:00 Komdu og syngdu með Ingveldi Ýri Jónsdóttur. Gestur frú Vigdís Finnbogadóttir. Aðgangseyrir 500 kr.

**Sjónþing**
Yfirlitssýning á verkum Þórdísar Zoëga hönnuðar

**Boginn**
Sýning á klippimyndum eftir Einar Árnason

**Sýningar opnar:**
Virka daga 11-17, miðvikud. 11-21, helgar 13-16, Sími: 5757700

www.gerduberg.is

HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali

LAUSAR ÍBÚÐIR VIÐ KAUPSAMNING

**HRÍSATEIGUR - 105 REYKJAVÍK**
**4RA HERB. M/SÉR INNGANGI. VERÐ KR. 16,9 MILLJ**

Mikið endurnýjuð 82,4 fm íbúð á jarðhæð/kjallari. 3.svefnherb.stofa, eldhús,baðherb. og saml.þvottahús.Parket og flísar á gólfi.Eignin er staðsett í grónu hverfi þar sem stutt er í alla þjónustu þ.m.t sundlaug og skóla.



**HRAUNBÆR - 110 REYKJAVÍK**
**VERÐ KR. 19,9 MILLJ**

4-5 herb. Parket og dúkur á gólfum. Eldhús með snyrtilegri innréttingu. Aukaherb. í kjallara með aðg. að baðherb. Íbúðin er 113,3 fm og er á 3.hæð. Húsið hefur verið klætt að utan að hluta. Gróinn garður m. leiktækjum.



**EGILSGATA - 101 REYKJAVÍK**
**3JA HERB. Á JARÐHÆÐ/KJALLARI VERÐ KR. 16,9 MILLJ**

Nýuppgerð og rúmgóð íbúð á þessum frábæra stað. Íbúðin er 71,1fm og skiptist í tvær samliggjandi stofur,svefnherb.eldhús og baðherb. Sér bílastæði á baklóð. Stutt er í skóla, sundlaug,heilsugæslu,Landspítalann og verslun.



**RISÍBÚÐ Á RÁNARGÖTU - 101 REYKJAVÍK**
**VERÐ KR. 12,2 MILLJ**

Stofa með stórum glugga að hluta undir súð. Lítið svefnherb. með þakglugga. Eldhús með snyrtilegri innréttingu. Baðherb. með baðkari spegilskáp og flísal. gólfi. Íbúðin er 49,0 fm.og kjörin fyrir einstakling.



SÖLUFULLTRÚI SÝNIR EIGNINA EFTIR SAMKOMULAGI
HAFÐU SAMBAND, GSM : 895-7838 EÐA 821-4400




SPARISJÓÐURINN ÍsMedia

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17 pantanir í síma 551 4700 www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
Aukasýning vegna mikillar aðsóknar
Sunnudagur 23. okt. kl: 16:30



Wild Sushi from land and sea

Villibráðadagar á Maru

*Misosúpa með villisveppum og blóðbergi*
*Dádýra nigiri*
*Maki með gæsabringu og rjómaosti*
*Hrefnukjöt „tataki“ með wasaby eða hrefnu nigiri*
*Þorsk Sashimi „new style“*

Verð kr. 5.300.-

MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## KVIKMYNDIR

**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói pólsku kvikmyndina **Hnífur í vatni** frá árinu 1962 eftir **Roman Polanski**.

## TÓNLEIKAR

**14.00** Tónleikar á vegum **Grandmothers records** verða á Kaffi Hljómalind til klukkan 23.30 um kvöldið. **Markús B.** hefur leikinn en síðan taka við **Mr. Silla, Retrón, Skátar** og fleiri.

**14.00 Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir** sópran og **Stefán Helgi Stefánsson** tenór halda tónleika í Hömrum Ísafirði í minningu Sigurveigar Hjaltested og Stefáns Íslandi. Þau flytja einsöngslög, aríur og dúetta við undirleik **Ólafs Vignis Albertssonar**.

**17.00** Kammermúsík í Selfosskirkju Þann 22. október kl. 17:00 verða kammertónleikar í Selfosskirkju. **Hlín Pétursdóttir** sópran og kammerhópurinn Dísurnar koma fram á kammertónleikum í Selfosskirkju. Dísirnar eru þær **Eydís Franzdóttir** óbóleikari, **Bryndís Pálsdóttir** fiðluleikari, **Herdís Jónsdóttir** lágfiðluleikari og **Bryndís Björgvinsdóttir** sellóleikari. Á efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt allt frá gömlum íslenskum sálmalögum til kvikmyndatónlistar eftir ítalska tónskáldið Nino Rota. Einnig frumflytja þær nýtt söngverk eftir **Elínu Gunnlaugsdóttur** sem ber heitið "Im dunklen Spiegel".

**17.00 Guðný Einarsdóttir** leikur á orgel Dómkirkjunnar á tónleikum á Tónlistardögum Dómkirkjunnar, sem nú standa yfir.

**18.00** Tónleikar hins margverðlaunaða franska píanóleikara **Nicolas Stavy** verða haldnir í Norræna húsinu í boði Franska sendiráðsins á Íslandi. Listamaðurinn flytur lög eftir Chopin og Debussy. Aðgangur ókeypis.

## OPNANIR

**13.00 Finnur Arnar Arnarsson** myndlistarmaður opnar innsetningu í Gallerí +, Brekkugötu 35, Akureyri.

**14.00 Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir** opnar málverkasýningu í Ketilhúsinu á Akureyri, bæði í aðalsal og á svölunum. Hún sýnir 36 olíumálverk, flest máluð á þessu ári.

**15.00 Ása Ólafsdóttir** opnar sýningu í galleríi Hún og hún við Skólavörðustíg.

Ljósmyndarinn **Jirí Hroník** opnar aðra einkasýningu sína hérlendis á Sólon.

## SKEMMTANIR

Hljómsveitin **Sérsveitin** heldur uppi dúndrandi stemmingu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

Hljómsveitin **Tilþrif** spilar í Salthúsinu í Grindavík.

Hljómsveit **Rúnar Þórs** leikur á Ránni, Keflavík.

Dúettinn **Sessý og Sjonni** leikur stuðlög úr öllum áttum á neðri hæðinni á Celtic Cross.

## FUNDIR

**10.00** Málþing um rússneska menningu verður haldið í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, í tilefni Rússneskrar menningarhátíðar. Erindi flytja **Pétur Pétursson, Árni Bergmann, Ingibjörg Haraldsdóttir, Guðmundur Ólafsson** og **Haukur Hauksson**.

## DANSLIST

**17.00 Rossiyanochka** danshópurinn verður með sýningu í Salnum í Kópavogi í tengslum við Rússneska menningarhátíð.

## SÝNINGAR

**14.00** Verk skosku listakonunnar **Ishbel Macdonald** verða kynnt í Art Gallery Sjafnar Har, Skólavörðustíg 25 A.

## MARKAÐIR

**13.00** Bandalag kvenna í Reykavík efnir til flóamarkaðar og hlutaveltu að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, Reykjavík.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN
25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning
Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON
Kabarett
í Íslensku óperunni
"Sló í gegn"
Sýningum fer fækkandi
– geisladiskurinn kominn út.
Næstu sýningar
22. okt., 28. okt., 05. nóv.
Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

KOLAPORTIÐ
Nú er allir básar að fyllast hjá okkur.
Pantaðu bás tímanlega á kolaportid.is
Kolaportið
þar er stemningin og menningin
Opið um helgina kl. 11-17
www.kolaportid.is

HREYFI GREINING
Fagleg heilsurækt
Frábær aðstaða
Frábær lífsstíls námskeið
Frábær staðsetning
Slökun í erli dagsins




Ástvaldur F Heiðarsson, þjálfari, á lokaári í KHÍ - íþr.k.
Haukur Guðmundsson, leiðbeinandi, á lokaári í Sj.þj. HÍ
Gígja Þórðardóttir, sjúkraþjálfari BSc
Jakobína Sigurðardóttir, sjúkraþjálfari BSc framkvæmdastjóri
Gunnur Róbertsdóttir, sjúkraþjálfari BSc
Ný námskeið að hefjast:
Yoga - hjá Hauki
„Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar, góð slökun í erli dagsins"
segir Sigrún Sigmarsdóttir bókasafnsfræðingur sem hefur verið með síðan í haust
Pilates flæði - nýtt hjá Gunni
9 vikna lokuð námskeið - vertu með frá byrjun!
Næst
HREYFI GREINING HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is




Haust tilboð fyrir 8 manns og fl.
Haust veisla
Misosúpa með grænmeti og sesam
Sushi - Maru: 10 bitar sushi og maki
Rétt verð kr. 2.950 Tilboð kr. 2.650.-
að viðbættri heitri súkkulaðiköku
Tilboð kr. 3.450.-
MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is




Gestur - Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta
Lau. 22.okt. kl. 16 – frumsýning
Sun. 23. okt. kl. 17 – 2. sýning
Sun. 30. okt. kl. 17 – 3. sýning
Fim. 3. nóv. kl. 20 – 4. sýning
VÍSIR




Tónleikurinn BÍTL
Fimmtudag 27/10 LAUS SÆTI
Föstudag 28/10 NOKKUR SÆTI
Föstudag 11/11 LAUS SÆTI
"Frábær skemmtun!" VS Fréttablaðið
Landsbankinn
Loft KASTALINN ☎ 552 3000



MasterCard kynnir:
PASSASALA HEFST
22. OKTÓBER
Sérstök forsala og 20% afsláttur fyrir handhafa MasterCard korta 21. október.
Sala fer fram í Skífunni, Laugavegi og á www.icelandfilmfestival.is. Passar veita afslátt og forgang og eru í takmörkuðu magni.
OKTÓBERBÍÓFEST
Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember 2005
Iceland Film Festival
iff
ICELANDAIR ICELANDAIR HOTELS Talstöðin FM 90,9
Nánari upplýsingar
www.icelandfilmfestival.is



X HÚS
Jón Magnússon
Hrl. lögg. fasteigna og skipasali
FASTEIGNASALA
Opið mánudaga til föstudaga 08:30 til 17:00
Skeifunni 19 108 Reykjavík sími: 533-1060 fax: 533-1069 www.xhus.is xhus@xhus.is
NESHAMAR 8
Fallegt einbýli á frábærum útsýnisstað í Grafarvogi.
OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 13-14







Mjög vel skipulagt og fallegt 210,7 fm einbýlishús með innbyggum bílskúr á góðum stað í lokuðum botnlanga í Grafarvogi. Húsið stendur á **jaðarlóð með fallegu útsýni.** Vandað hús með fallegum garði með miklum gróði, góðum timburveröndum, heitum potti. Eign á rólegum stað þar sem allt hefur verið klárað á vandaðan hátt.
**Valdimar Tryggvason s: 897-9929 verður á staðnum frá Xhús fasteignasölu.**
Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060
• Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is



**> Vetrartískan 2005**

*Dásamleg, rúmgóð og falleg taska í mildum brúnum lit sem smellur inn í haustlitina sem prýða borgina. Rókókómunstrið bætir miklu við og hún minnir helst á tösku Mary Poppins. Fæst í Shoe Studio.*

# útlit

**SMEKKURINN > ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR** NEMI Í VÖRUHÖNNUN

## *Auðvelt að vera töff fyrir lítinn pening*

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, þó nokkuð. En ég skoða og spái þó líklega meira en ég kaupi.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Vinkona mín lýsti því nokkuð vel: „Þú kemur víða við, en heldur samt alltaf ákveðnum elegans. Þú gætir farið í skræpótta skyrtu, en þá passarðu alltaf að hafa buxur eða skó sem passa við og gera þetta glæsilegt.“ Ég á alltaf grunn af frekar „plain fötum“ sem ég nota svo við föt sem eru meira spes.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Ég spái ekki mikið í merki eða hönnuði, kaupi bara það sem mér finnst fallegt. Zara og Topshop fá hrós fyrir að hafa mikið úrval af skemmtilegum fötum, sem eru ódýr en þó ekki bara „mainstream“ rusl.

**Flottustu litirnir?** Djúpblár og víntónar hafa alltaf verið í uppáhaldi. Annars vil ég frekar „ákveðna“ liti, skæra eða dökka tóna, en sem minnst af pastellitum.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Bolum, peysum og töskum. Einnig ýmiss konar glingri, skemmtilegum skartgripum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég keypti mér dökkar þröngar gallabuxur. Það er alveg nauðsynlegt að eiga einar svona buxur því þær passa við allt.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Tískan er svo skemmtileg núna! Það er margt í gangi og auðvelt að finna sinn eigin stíl. Það er auðvelt að vera töff fyrir lítinn pening, með því að endurnýta öðru hvoru föt sem eru komin aftast í fataskápinn og blanda saman gömlu og nýju. En rómantíkin, viktoríutíminn, kósakkastíllinn, blúndur, sixties, ég fíla þetta allt.

**Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn?** Mig langar í flott hversdagsstígvél, þykka góða peysu og Converse kuldaskó með loðfóðri, en hef ekki séð þá hér á landi.

**Uppáhaldsverslun?** Top Shop, Zara, Rokk og Rósir og Spútnik.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** 0-5.000 kalli. Kaupi líklega mest á sumrin þegar ég á meiri pening, en nánast ekkert á veturna.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Góðra gallabuxna.

**Uppáhaldsflík?** Ég keypti einu sinni mjög fallega skyrtu í Zöru sem hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi. Hún er með svona japönsku sniði, en samt með svona púffi á endunum á ermunum. Hún er laxableik með furðulegu japan/tropical mynstri.



**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Líklega London. Þar er nefnilega bæði hægt að finna kúl litlar „designer“ búðir, „second hand“ og líka risastórar merkjavörubúðir.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Úff, það hljóta að vera Buffaló skórnir sem ég rogaðist með á spóaleggjunum í 9. bekk!! Þeir hafa líklega komið af stað ákveðinni skósóla-fóbíu hjá mér, í dag á ég erfitt með að sætta mig við þykka skósóla og grófa skó.



**MÓÐUR VIKUNNAR**

**> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN**

## Danskar gallabuxnaskvísur og nýr þankagangur

Þegar ég labbaði um miðborg Kaupmannahafnar í liðinni viku tók ég eftir því að um 70 prósent af ungum konum voru í gallabuxum sem þær girtu ofan í stígvélin. Gallabuxurnar voru flestar frá flottum merkjum eins og Diesel, Levis og Miss Sixty. Einhvern veginn fannst mér rassvasarnir alltaf vera á réttum stað og buxurnar eins og sniðnar á þessar fallegu kynsystur mínar. Ég tók líka eftir því hvað þær voru flest allar í góðu formi. Ekki of mjóar heldur stæltar og stinnar. Ég held að líkamsástandið megi alfarið skrifa á hjólamenningu þeirra Dana sem er ekki bara umhverfisvæn sparnaðarleið heldur góð leið til að vera í formi.

Þegar ég ferðaðist um í leigubíl sá maður þessar fallegu konur vel til hafðar með rómantísk sjöl utan yfir jökkunum og fallegar hliðartöskur. Það er ekki hægt að segja annað en þessi sjón hafi verið sjarmerandi

Þótt ég væri ekki alveg að sjá mig fyrir mér hjólandi upp Ártúnsbrekkuna geislandi fallega með gloss á vör.

Þessi tíska að girða buxur ofan í er langt frá því að vera ný af nálinni og í raun bjóst ég við því að þetta trend færi að líða undir lok en það er greinilega argasti misskilningur.

Stígvélin voru flest í brúnum tónum, jafnvel eyðimerkurlituð með kubbslegum hæl. Í verslununum voru ógrynni af stígvélum í boði, hver öðrum flottari. Ég hefði farið létt með að kaupa tuttugu pör. Hinn nýi hugsunarháttur kom þó í veg fyrir það því nú hugsa ég alltaf: Verð ég hamingjusamari ef ég eignast þetta? Þegar maður setur innkaup í þennan þankagang þá kaupir maður aldrei neitt.






**LÍTIL OG NETT** Hver myndi ekki vilja kíkja á djammið með þessa á arminum? Muna bara að halda fast!



**D&G ÚR SVÖRTU LEÐRI** Þessi er kassalega og skemmtilega formleg. Silfurbólurnar rokka hins vegar útlitið upp.



**TÖFF** Örlítið groddaleg sem gerir hana ennþá meira töff. Fendi-taska með fléttuðum höldum.



**Á MÓTORHJÓLI** Hér virðist blandað saman áhrifum úr mótorhjólaheiminum annars vegar og hins vegar hestaíþróttinni.



**GUCCI** Stór og glæsileg taska með Gucci-Logo-munstri.



**LÍTIL OG NETT** Falleg Gucci-taska sem gengur við allt.

# Með Fendi tösku upp á arminn

Búðin sem opnaði nýlega í Bankastræti 9 ætti að geta glatt tösku- og skófíkla einhver heljarinnar ósköp. Þarna eru eigendur GK á ferðinni og hafa nú opnað nýja búð sem nefnist Noma. Búðin selur einungis hátískuskó og -töskur. Þarna er meðal annars boðið upp á töskur frá ekki lítilvægari merkjum en Dolce & Gabbana, Fendi og Gucci. Eflaust hafa margir íslenskir tískugúrúar dreymt um að eiga fylgihlut frá þessum heimsfrægu hönnuðum og nú er svo sannarlega tækifærið. Auk þessa selur Noma einnig föt undir merkinu Steinunn sem er íslenskur fatahönnuður, föt frá danska merkinu Annhagen og frönsk ilmkerti sem ættu að lífga upp á hvert heimili. Ekki er annað hægt að segja en að töskurnar séu í Sex and the City stíl og fjölluðu ófá samtöl stúlknanna í þeirri þáttaröð um kaup á Fendi töskum, skóna hennar Carrie og hver man ekki eftir henni hlaupandi um stræti New York borgar með Gucci mittistösku strengda um sig miðja? Noma er því tilvalin búð fyrir tískudrottningar Reykjavíkur því hver og ein ætti að eiga að minnsta kosti eina dásamlega vandaða og fína tösku í einhverju af þessum hátískumerkjum sem búðin býður upp á. Gaman væri að spássera um stræti Reykjavíkurborgar með eitt stykki Gucci eða Fendi tösku upp á arminn. Varla þarf svo að taka það fram að þarna fást augljóslega tilvaldar jólagjafir fyrir tískufórnarlömb Íslands.

hilda@frettabladid.is



**STÍGVÉL** Þessi minna á skemmtilegan hátt á stígvélaða kattarins í ævintýrinu. Dásamlega töff!



**DÝRAMUNSTUR** Hlébarðinn virðist aldrei ætla að fara úr tísku. Mynstrið er klárlega orðið klassískt og því óþarfi að vera feiminn við að kaupa sér svona tösku frá Dolce & Gabbana.



**GAMMELDAGS** Ótrúlega flott Fendi taska í gamaldags línu. Algjörlega klassísk!



**BRÚN** Leðurtaska með silfurbólum sem eiga eftir að skreyta margt í haust. Frá Dolce og Gabbana.



**Í PARTÍIÐ** Þessi passar vel við hvaða föt sem er.

# Fantaflott glingur úr plasti!



Litríkir plastskartgripir eru einstaklega heitir núna og sniðugir til þess að skreyta sig með á skemmtilegan hátt. Trikkið er að gera skartgripina það ljóta að þeir verði flottir. Skartgripahönnuðurinn Leona Baker hefur sérhæft sig í greininni og selur vörur sínar í ýmsum búðum um allan heim og á heimasíðu sinni, www.ladyluckrulesok.com. Hún hefur alltaf unnið við tísku og meðal annars aðstoðað stílista. Hún byrjaði að selja skartgripi sína í bás á Portobello Road í London og nú hafa vörur hennar meðal annars verið seldar í Topshop. Fjallað hefur verið um skartgripi hennar í blöðum eins og Cosmo Girl, Elle, Kerrang og Teen Vogue.

Skartgripir hennar eru dásamlega fönkí og líflegir og upplagðir til þess að poppa upp einfaldan fatnað. Hún notar alls konar glingur frá níunda áratugnum og setur saman Hún sækir mikið áhrif úr rokkheiminum og notar litla plastgítara, myndir af Debbie Harry, Rolling Stones-merkið og fleira í bland við eitthvað barnalegra eins og hjörtu, regnboga og póníhesta. Einnig segir hún myndina Rock'n Roll Highschool hafa verið mikinn áhrifavald og heitir ein línanna hennar Riff Randall eins og karakter úr myndinni. Í þeirri línu er meðal annars að finna eyrnalokka sem eru eins og converse-strigaskór.

Í viðtali við tímaritið Bliss segir hún meðal annars um vinnu sína. „Það jafnast ekkert á við það að sjá eitthvað sem þú hefur skapað í TopShop eða að sjá einhvern með



skartgripina þína úti á götunni. Hönnun er svo skapandi og skemmtileg og ég fæ að ferðast út um allan heim.“

Skartgripirnir eru á mjög viðráðanlegu verði og er upplagt fyrir þá sem vantar jólagjöf handa ungum kvenkyns töffara að hoppa á netið og láta senda sér nokkra einstaklega poppaða skartgripi.




**UMBÚÐIR** Lady Luck hefur látið hanna fyrir sig einstaklega skemmtilegar og rokkaðar umbúðir undir skartgripina.



**GALLAPILS** Rokkaralegt pils sem myndi fara frábærlega við svartar, þykkar sokkabuxur.

# Gallafötin poppuð upp



Gallabuxur og gallaföt eru líklega vinsælustu flíkur heims og margt gert til þess að finna eitthvað nýtt til að bæta í gallafjölskylduna. Í Karen Millen eru seldar fallegar gallaflíkur sem eru skreyttar með ísaumuðum perlum og steinum. Fyrir vikið verða flíkurnar einstakar og skera eigendur þeirra sig úr hópi annarra sem klæðast venjulegum gallabuxum. Svo er þetta eitthvað sem allir geta í rauninni gert heima hjá sér. Vel er hægt að kaupa perlur, tölur og bætur í föndurbúðum og föndra eitt stykki einstakar gallabuxur sjálfur. Þá eru gallabuxurnar líka virkilega einstakar því nokkuð ljóst er að enginn í heiminum á alveg eins.



# Hugsaðu vel um hárið

Sjampó og hárnæring frá L´occitane gera hárið mjúkt og glansandi en það ver það líka fyrir hitabreytingum. Ekki er verra að skilja hárnæringuna eftir í hárinu, setja poka yfir og svo handklæði og skola næringuna síðan úr. Þá fær hárið sérstakan gljáa og hægt er að sveifla því að vild.



**Opnum** aftur í **dag**

enn glæsilegri verslun í Smáralind

Í tilefni af 1 árs afmæli og andlitslyftingu verslunarinnar bjóðum við **10% afslátt** af öllum vörum um helgina.

DOROTHY PERKINS

Smáralind




SKÓR FYRIR 50 ÞÚSUND!
Einn heppinn þátttakandi vinnur 50.000 kr. gjafabréf í verslunina GS skór.

400 boðsmiðar í bíó

Himinn og haf / SÍA

# Bíóleikur á spron.is

– fyrir viðskiptavini SPRON

**Taktu þátt í skemmtilegum bíóleik!**

Þú gætir unnið tvo miða á myndina In Her SHOES með Cameron Diaz með því að svara einni laufléttri spurningu á spron.is.

Vinningshafar verða dregnir út föstudaginn 4. nóvember.

spron – fyrir allt sem þú ert


fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Flóamarkaður fyrir menntakonur

Bandalag kvenna í Reykjavík mun efna til heljarinnar flóamarkaðar og hlutaveltu í dag og á morgun. Tilefnið er að styrkja Starfsmenntunarsjóð ungra kvenna og verður þarna margt eigulegra hluta og mikið vöruval. Allir ættu að finna eitthvað sem þeim hentar og styrkja um leið Starfsmenntunarsjóðinn. Báða dagana verður opið frá eitt til sex og verður kaffisala á staðnum. Augljóslega er um einstaklega gott málefni að ræða og eiga konurnar heiður skilinn fyrir það. Allir ættu því að leggja leið sína á flóamarkaðinn sem fer fram að Hallveigarstöðum Túngötu 14.



Oddný Ragnarsdóttir hjá Bandalagi kvenna.

# Guy X sýnd á Októberbíófest

Fimm nýir titlar hafa bæst við kvikmyndahátíðina Októberbíófest sem hefst næstkomandi miðvikudag.

Fyrst ber að nefna myndina Guy X með Jason Biggs í aðalhlutverki sem var tekin upp hér á landi í fyrrasumar. Biggs, sem sló í gegn í American Pie-myndunum, fer með hlutverk hermannsins Rudys sem er fyrir mistök sendur á herstöð í Grænlandi. Myndin gerist árið 1979 í skugga kalda stríðsins. Á meðal framleiðenda eru Friðrik Þór Friðriksson og Anna María Karlsdóttir.

Kvikmyndin Me and You and Everyone We Know er töfrum gædd gamanmynd sem hlaut fern verðlaun á síðustu Cannes-verðlaunahátíð, þar á meðal gagnrýnendaverðlaunin fyrir bestu myndina. Lie With Me verður einnig sýnd á Októberbíófest. Um er að ræða erótíska og tilfinningaþrungna mynd um ástarsamband tveggja ungra einstaklinga sem eiga auðvelt með að tjá sig í gegnum kynlíf en þykir erfiðara að tjá sig með orðum.



**JASON BIGGS** Biggs fer með aðalhlutverkið í myndinni Guy X sem var tekin upp hér á landi.

Hinar tvær myndirnar nefnast My Summer of Love, sem fjallar um ungar stúlkur á Englandi, og brúðumyndin Tim Burton´s Corpse Bride. Johnny Depp, Helena Bonham-Carter og Emily Watson ljá aðalpersónum myndarinnar raddir sínar.

Almenn miðasala á Októberbíófest hefst í dag klukkan 10 í verslun Skífunnar á Laugavegi og á icelandfilmfestival.is.

## hádegishlé





# HEILDSÖLU LAGERSALA

Frábært úrval af góðum vörum
• • • • • • • • • •
Barna og fullorðins fatnaður.
50-90% afslætti .
• • • • • • • • • •
Golffatnaður, útivistarfatnaður, skíða og snjóbrettafatnaður, einnig mikið úrval af skóm.

| | | |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | ~~áður 29.990-~~ | Nú 11.900- |
| Fótboltaskór | ~~áður 12.990-~~ | Nú 4.900- |
| Brettajakkar | ~~áður 17.900-~~ | Nu 7.900- |
| Hlaupajakkar | ~~áður 6.990-~~ | Nú 3.990- |
| Úlpur | ~~áður 14.990-~~ | Nú 5.990- |

Opið eingöngu

| | |
|---|---|
| Fimmtudag | 20. Oktob. 14:00 til 20:00 |
| Föstudag | 21. Oktob. 14:00 til 20:00 |
| Laugardag | 22. Oktober 10:00 til 18:00 |
| Sunnudag | 23. Oktober 11:00 til 18:00 |
| Mánudag | 24. Oktober 14:00 til 20:00 |

ZO-ON ICELAND
is it ZO
be ZO

Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) Kópavogi

# Klukknaspil og kjötsúpa að hætti Sigga Hall

„Þetta er annað árið í röð sem við gerum þetta,“ segir Kristín Cardew, eigandi KC verslunarinnar á Skólavörðustíg, en þar hafa verslunarmenn komið sér saman um að taka vetrinum opnum örmum og efna til Vetrarhátíðar. „Þetta er svona smá upphitun fyrir jólin,“ bætir hún við. Að sögn Kristínar sóttu sex þúsund manns þessa hátíð heim í fyrra. „Það þarf að minna öðru hvoru á Skólavörðustíginn,“ segir hún en bendir þó á að þetta sé ekki söludagur. „Við viljum sýna sérstöðu okkar og bjóða gestum og gangandi upp á lifandi menningu,“ segir hún. Þá finnst henni einnig að hátíð sem þessi þjappi kaupmönnum saman enda þekkist þeir mjög vel.

Kristín mun sjálf standa fyrir tónlistardagskrá í búðinni sinni þar sem þau Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari standa fyrir hljóðfærakynningu auk þess sem íslensk þjóðlög verða spiluð og sungin. „Þarna verður meðal annars spilað á steinaspil frá Páli Guðmundssyni á Húsafelli,“ útskýrir hún. Börnin geta líka látið gott af sér leiða því Yggdrasill mun standa fyrir teiknikennslu fyrir þau og verða verkin seld á uppboði til styrktar mæðrastyrksnefnd.

Herlegheitin hefjast klukkan ellefu þegar klukknaspil eftir Áskel Máson verður flutt í Hallgrímskirkju. Þá mun Birna Þórðardóttir standa fyrir menningargöngu um Skólavörðustíginn en að sögn Kristínar þekkir hún nánast hvert einasta hús. Einn af hápunktum hátíðarinnar verður þó eflaust þegar kjötsúpa að hætti Sigga Hall verður borin á borð, fyrst við Hegningarhúsið og svo hjá Eggerti feldskera. „Því miður komst Siggi ekki sjálfur þar sem hann er í útlöndum en við fengum lánaðan risastóran pott frá honum,“ útskýrir Kristín en meðal þeirra sem ætla að standa vaktina eru Ellen Kristjáns, Ragnar Kjartansson, Helgi Björns og Daníel Ágúst auk Steindórs Andersen.



**KRISTÍN CARDEW** Býður upp á hljóðfærakynningu með hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal þess sem verður kynnt til leiks er steinspil og sög. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI



**Í BIÐRÖÐ** Langar biðraðir hafa myndast við fjölmarga tónleikastaði á Iceland Airwaves-hátíðinni.

## Allt vitlaust á Airwaves

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hefur farið vel af stað síðan hún hófst á miðvikudaginn. Góð aðsókn hefur verið á tónleika listamanna á borð við Daníel Ágúst, José Gonzales og Junior Senior. Þó hefur einhver óánægja komið upp varðandi þær löngu biðraðir sem hafa myndast fyrir utan suma tónleikastaðina, sérstaklega þar sem fólk hefur keypt armbönd á hátíðina fyrir þó nokkurn pening og á það á hættu að missa af þeim atriðum sem það hafði ætlað að sjá.

Eldar Ástþórsson, upplýsingafulltrúi Iceland Airwaves, segir að lítið hafi verið kvartað við þá vegna biðraðanna. „Það hefur verið svolítið af röðum hjá vinsælustu númerunum. Maður hefur fundið fyrir því sjálfur þegar maður hefur verið að labba á milli staða en flestar raðirnar hafa gengið hratt fyrir sig. Margir hafa líka verið skynsamir og mætt kannski tímalega á þá viðburði sem þeir vilja sjá,“ segir hann.

Að sögn Eldars gera skipuleggjendur hátíðarinnar ráð fyrir að nóg húsrými sé fyrir alla tónleikagesti á hverjum stað fyrir sig en erfitt sé að reikna út fyrirfram hvar álagspunktarnir myndist. „Það sáu margir Apparat í Hafnarhúsinu en svo tæmdist húsið og allir fóru að sjá Gonzales (í Þjóðleikhúskjallaranum) sem var nánast óþekktur fyrir sex vikum á Íslandi þegar við vorum að skipuleggja hátíðina. Síðustu vikurnar hefur hróður hans aukist og stundum er það þannig með þessa listamenn að þeir verða stærri en tónleikahúsin sem þeir eru að spila í.“

Uppselt er á Iceland Airwaves. Um 1.500 miðar seldust erlendis og um 2.000 miðar hér á landi, sem er álíka mikið og í fyrra. Tónleikahátíðinni lýkur annað kvöld. Þá stíga á svið hljómsveitir á borð við The Zutons, Clap Your Hands and Say Yeah og The (International) Noise Conspiracy og þá gildir væntanlega máltækið fyrstir koma fyrstir fá.

freyr@frettabladid.is

allt atvinna
Alla sunnudaga












# Potter bannaður

Nýjasta myndin um töfrastrákinn Harry Potter verður bönnuð innan tólf ára í Bretlandi. Í yfirlýsingu frá breska kvikmyndaeftirlitinu kemur fram að atriði í myndinni kunni að hræða unga áhorfendur. Hingað til hafa síðustu þrjár myndir verið leyfðar fyrir alla aldurshópa en krakkar undir tólf ára aldri hafa þurft að vera í fylgd með fullorðnum. Ekki var hins vegar talið nauðsynlegt að klippa myndina frekar til.

„Þegar tólf ára aldurstakmark er sett á þá er ofbeldi fyrir hendi án þess að lögð sé sérstök áhersla á það," hefur fréttavefur BBC eftir talsmanni eftirlitsins. Harry Potter og eldbikarinn verður önnur lengsta myndin eða heilar 157 mínútur, þremur mínútum styttri en Harry Potter og leyniklefinn.



**HARRY OG FÉLAGAR** Myndin um töfrastrákinn þykir í grófara lagi og hefur verið bönnuð innan tólf ára í Bretlandi.

Hún verður frumsýnd í Bretlandi 18. nóvember. Kvikmyndin hefur hins vegar verið leyfð öllum aldurshópum í Bandaríkjunum en krakkar undir þrettán ára aldri þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

# Bono borðar með Bush

Söngvari írsku rokkhljómsveitarinnar U2, Bono, og forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, snæddu saman hádegisverð á miðvikudaginn. Söngvarinn hefur lengi barist fyrir réttindum þeirra sem minna mega sín í heiminum og var einn þeirra sem stóð að Live 8-tónleikunum. Á hádegisverðarfundinum voru málefni þriðja heims ríkjanna rædd sem og alnæmisvandinn og heimsviðskipti.

Talsmaður Hvíta hússins sagði að forsetinn og söngvarinn hefðu einnig haft tónleika sveitarinnar í Washington á dagskránni. Þá reiknaði Bono með því að hitta Stephen Hadley, þjóðaröryggisráðgjafa Bandaríkjanna, í heimsókn sinni til landsins.

U2 er nú á tónleikaferðalagi um Bandaríkin og Bono hefur gefið kost á sér í nokkur viðtöl en hann þykir orðheppinn með eindæmum. Í viðtali við rokktímaritið Rolling Stone sagðist hann vera Imelda Marcos sólgleraugnanna, en Bono sést nánast aldrei án þess að vera með dýr sólgleraugu. Hann segist vera mjög viðkvæmur fyrir ljósi og þegar teknar eru myndir af honum með flassi sjái hann glampann af því það eftir lifi dags. Marcos er fyrrum forsetafrú Filippseyja og er talin hafa átt þrjú þúsund pör af skóm.



**BONO Í HVÍTA HÚSINU** Mörgu hugsjónafólki hefur fundist Bono svikja málstaðinn með því að funda með Bush. Sjálfur segist hann hafa boðskap fram að færa.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

## FÓLK Í FRÉTTUM

Móðir leikarans Daniels Craig virðist ætla að verða honum óþægur ljár í þúfu. Hún ljóstraði því upp að sonur hennar yrði næsti Bond og nú hefur mamman lýst því yfir að Craig væri enginn sérstakur Bond-aðdáandi. Samkvæmt The Sun á Craig að vera meira fyrir sviðsleik en kvikmyndir. „Á áttunda áratugnum elskuðu allir strákar Bond nema minn, honum fannst skemmtilegra að fara í leikhús," sagði hún við blaðið.



Gamla kempan Rod Stewart reiknar með að taka sér ársfrí þegar unnusta hans, Penny Lancaster, eignast hans sjötta barn. Hún á von á sér í desember og ætlar Stewart að bæta upp fyrir síðasta ár sem fór í að vera drukkinn Skoti á tónleikaferðalagi. „Hinir krakkarnir mínir tveir söknuðu mín og nú vil ég vera með þeim," sagði hann en bætti við að hann væri hvergi nærri hættur. „Ég syng til síðasta dags."



Stórleikarinn Al Pacino hefur neitað öllum sögusögnum um að hann sé að hitta Kirstie Alley. Þau sáust snæða kvöldverð á veitingahúsi en nú hefur leikarinn útskýrt málsatvik. „Við vorum átta sem hittumst og þetta voru allt engar kringumstæður fyrir stefnumót," útskýrði hann, en einn sjónarvottur sagðist hafa séð gömlu Staupasteinsleikkonuna gera sér dælt við Pacino.








HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI 3 BÍÓ 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| FLIGHTPLAN | KL. 6.05-8.15-10.30 | B.I. 12 |
| FLIGHTPLAN VIP | KL. 1.40-3.45-6.05-8.15-10.30 | |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 1.50-4-6.05 | |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6.05-8.15-10.30 | |
| CINDERELLA MAN | KL. 5-8-10.50 | B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.30-8.10.30 | B.I. 14 |
| GOAL | KL. 8.15-10.30 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 1.50-3.40 | |
| SKY HIGH | KL. 1.40-3.50 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 1.40-3.45 | |
| RACING STRIPES | KL. 2 | |

KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| WALLACE & GROMIT | KL. 2-4-6 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.10 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8 |
| RED EYE | KL. 6-10.15 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 2-4 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 2-4-6 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10 |
| CINDERELLA MAN | KL. 10 |
| GOAL | KL. 6 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 2 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 4-8 |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| PERFECT CATCH | KL. 4.10-6-8.15-10.30 | |
| TRANSPORTER 2 | KL. 8.15-10.30 | B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8-10.15 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 12-2-4-6 | |
| MUST LOVE DOGS | KL. 6.15 | |
| SKY HIGH | KL. 12-2.05 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 12-2-4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| DOOM | KL. 5.45-8-10.10 | B.I. 16 ára |
| FLIGHTPLAN | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 14 ára |
| CINDERELLA MAN | KL. 5.35-8.30-10.10 | |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 | B.I. 14 ára |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 3 | |
| KÓRINN - ÍSLENSK HEIMILDARMYND | KL. 4 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 6 | |
| VALIANT | KL. 3.30 | |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 3 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 3 | |

BÍÓDAGAR NORRÆNA HÚSSINS

| | |
|---|---|
| GARGANDI SNILLD | KL. 5 |
| PUSHER 2 | KL. 7 |
| THE 3 ROOMS OF MELACHOLIA | KL. 9 |
| ET HAL I MITT HJERTA | KL. 11 |

Háskólabíó




**KYLIE MINOGUE** Ástralska söngkonan Kylie Minogue hefur vafalítið komið einhvern tíma fram á Hróarskeldu.

## Viltu komast til Ástralíu?

Skipuleggjendur Hróarskelduhátíðarinnar hafa komið á vinasambandi við skipuleggjendur The Falls Festival í Ástralíu sem er ein stærsta tónlistarhátíðin þar í landi.

Uppselt er á hátíðina, sem fer fram í Viktoríu og Tasmaníu 29. desember til 1. janúar, en nú er hægt að vinna miða fyrir tvo. Áhugasamir geta sent póst á netfangið competition@roskilde-festival.dk og þurfa að nefna þrjá ástralska listamenn (eða hljómsveitir) sem hafa spilað á Hróarskeldu. Svör sendist í seinasta lagi þann 25. október.

# Aniston hittir mömmu Vaughns

Bandaríski leikarinn Vince Vaughn kynnti leikkonuna Jennifer Aniston fyrir mömmu sinni samkvæmt The Mirror. Heimildarmaður blaðsins segir þau hafa flogið til Chicago og hitt mömmu Vaughns þar. Þetta skiptir víst miklu máli þar sem Vaughn er ekki sama um álit móður sinnar.

Það virðist aukin alvara vera komin í sambandið því þau eyddu drjúgum tíma saman í heimaborg blúsins. Jennifer fór að sjá sýningu Vince, Wild West Comedy og parið borðaði síðan saman með móður leikarans.

Bæði Jennifer og fyrrverandi eiginmaður hennar, Brad Pitt, geta því greinilega ekki látið mótleikara sína í friði. Eins og kunnugt er tók Pitt saman við Angelinu Jolie þegar þau léku saman í Mr. & Mrs. Smith. Vaughn og Aniston höfu að rugla saman reitum þegar tökur á myndinni The Break Up stóðu yfir. Þar segir frá pari sem neyðist til að halda saman þótt þau séu skilin. Nú er það spurning hvort þetta sé auglýsingabrella eða blómstrar ástin milli þeirra?



**VINCE VAUGHN** Fór með Jennifer í heimsókn til móður sinnar sem er honum mjög kær. Álit hennar getur skipt meginmáli í sambandi hans og Aniston.



**FELLIBYLURINN VILMA** MTV-sjónvarpsstöðin hefur ákveðið að fresta Latin America-hátíðinni um óákveðinn tíma.

# Engir suðrænir vindar

Vegna fellibylsins Vilmu hefur MTV-sjónvarpsstöðin frestað afhendingu Latin America-verðlaunanna sem fara átti fram í Mexíkó. Samkvæmt síðustu fregnum mældist fellibylurinn síðustu nótt fjórir á Saffir Simpson-fellibyljakvarðanum. Var hann farinn að ógna íbúum Kúbu og Cayman-eyjanna.

MTV ákvað fyrst að fresta hátíðinni fram á miðvikudag en hefur nú ákveðið að fresta henni um óákveðinn tíma. Í yfirlýsingu frá sjónvarpsstöðinni kemur fram að þeim þar á bæ fannst fellibylurinn vera nógu nærri og að engin áhætta yrði tekin.

Kólumbíska poppstjarnan Shakira hefur fengið flestar tilnefningar eða sex, þar á meðal sem besta söngkonan. Þetta er í annað skipti á árinu sem MTV neyðist til að grípa til aðgerða vegna fellibyls, en Katrín raskaði öllum undirbúningi fyrir tónlistarmyndbandshátíðina í Miami. Hún fór þó fram eins og ekkert hefði í skortist.






**Heyrst hefur...**

... að lítil stemning sé fyrir útihlaupunum hans Óla Þórðar hjá ungu mönnunum uppi á Skaga en jaxlarnir sem hafa verið hvað lengst hjá félaginu eru hættir að kippa sér upp við þjálfunaraðferðir kappans.

**sport**

sport@frettabladid.is

JÓN KARL BJÖRNSSON: SLÆR Í GEGN Í MEISTARADEILDINNI Í HANDBOLTA

# *Glósur úr stúkunni hafa aldrei sært mig*

Haukar mæta í dag slóvenska liðinu Gorenje Velenje í Meistaradeildinni. Hornamaðurinn Jón Karl Björnsson verður í lykilhlutverki hjá Haukum í leiknum en hefur farið á kostum í meistaradeildinni. Til að mynda skoraði Jón 11 mörk gegn ítalska liðinu Torggler Meran um síðustu helgi.

„Mér finnst ég vera að spila svipað vel og síðustu ár og ég er í svipuðu líkamlegu formi," sagði Jón Karl hógvær. Líkamlegt atgervi Jóns er ekki eins og flestra annarra sem spila með honum á vellinum en Jón segir það ekki hafa neitt með það að gera að hann æfi ekki eins vel og hinir.

„Fólki finnst ég kannski vera eitthvað búttaður en ég er bara svona og get ekkert við því gert. Ég er í fínu formi og get vel hlaupið í 60 mínútur. Þetta er ekkert nýtt fyrir mér enda hef ég aldrei verið tágrannur þótt ég hafi verið í fínu formi," sagði Jón en hann hefur mátt þola alls kyns munnsöfnuð frá áhorfendum í gegnum árin sökum holdafarsins.

„Ég hlusta ekki á þetta og er alveg sama. Einhverjar glósur úr stúkunni særa mig ekkert."



Eins og áður segir hefur Jón verið í fantaformi með Íslandsmeisturunum í vetur og oftar en ekki dregið Haukavagninn á mikilvægum augnablikum. Jón Karl er að margra mati einhver vanmetnasti leikmaður landsins en hann skorar oftar en ekki grimmt og það sem meira er þá er hann oftast með úrvalsnýtingu.

„Mér finnst ég vera góður hornamaður og hef verið verðlaunaður meðal annars með sæti í landsliðshópi sem mér þótti gaman," sagði Jón, sem er uppalinn Haukamaður og hann stefnir á að ljúka ferlinum hjá félaginu.

## Björgólfur í KR

Knattspyrnumaðurinn Björgólfur Takefusa mun leika með KR næsta sumar samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Björgólfur samdi um starfslok við Fylki í gær en hann gerði heiðursmannasamkomulag við Fylki árið 2004 um að spila með félaginu í þrjú ár. Þó að sá samningstími verði ekki virtur skilja báðir aðilar sáttir að því er fram kemur á heimasíðu Fylkis. Björgólfur mun semja við KR-inga á næstu dögum en það ku vera formsatriði að ganga frá málinu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.





**SIGMUNDUR** Verður áfram í Frostaskjólinu.

Sigmundur Kristjánsson:

## Áfram í KR

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Sigmundur Kristjánsson verður áfram í herbúðum KR en samningur hans við félagið rann út eftir tímabilið í ár. Sigmundur staðfesti við Fréttablaðið í gær að verið væri að leggja lokahönd á nýjan samning sem yrði undirritaður innan tíðar.

Sigmundur, sem á að baki fjölmarga leiki með yngri landsliðum Íslands, hefur leikið með KR-ingum sl. tvö ár en þangað fór hann eftir dvöl sem atvinnumaður hjá Utrecht í Hollandi. - vig

# Útihlaupin byrjuð hjá Óla Þórðar

**Skagamenn eru byrjaðir að æfa fyrir næsta tímabil og leikmenn ÍA fá að svitna undir stjórn harðjaxlsins Ólafs Þórðarsonar sem er ekki þekktur fyrir annað en að hafa sitt lið í toppformi.**

**FÓTBOLTI** Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, er byrjaður að láta leikmenn sína æfa af fullum krafti á nýjan leik en nú er um mánuður síðan Íslandsmótinu í knattspyrnu lauk. „Það eru margir ungir strákar í leikmannahópnum hjá mér sem þurfa á því að halda að æfa vel á þessum árstíma. En eldri leikmennirnir fá aðeins lengra frí og byrja ekki að æfa fyrr en þremur vikum seinna en þeir yngri. Fyrst og fremst er ég með útihlaup, sem geta verið allt upp í fimmtán kílómetra löng, og lyftingar en svo er ég líka alltaf með mikinn fótbolta. Það má nú ekki gleyma því."

Pálmi Haraldsson hefur leikið með ÍA allan sinn feril og hefur farið í gegnum mörg undirbúningstímabil hjá ólíkum þjálfurum. Hann segir ekki mikinn mun vera á æfingum þjálfaranna en játar þó að hlaupin hjá Ólafi séu svolítið lengri en hjá forverum hans. „Þetta er náttúrlega heilmikið puð alltaf. Ég hef verið í hlaupum og lyftingum í fimmtán ár og þar er sérstaklega lögð áhersla á hnébeygju. Ég þarf því kannski ekki að leggja eins mikla áherslu á hana eins og yngri leikmennirnir."

Flest liðin eru að byrja æfingar um þessar mundir. Þannig er fyrsta æfingin hjá Leifi Garðarssyni, þjálfara Fylkis, í dag og Breiðabliksmenn, undir stjórn Bjarna Jóhannssonar, hafa þegar hafið æfingar. Önnur lið í deildinni byrja æfingar á næstunni. - mh



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Ólafur er mikið hörkutól og er byrjaður að láta leikmenn sína æfa af miklum krafti.

HAMMER

Sportdeildin kynnir líkamsræktartæki frá hinum viðurkennda þýska framleiðanda Hammer

20%

kynningarafsláttur

Sportdeildin kynnir þýsku gæðavörurnar frá Hammer sem hafa slegið í gegn í líkamsræktarheiminum. Af þessu tilefni bjóðum við 20% afslátt af Hammer vörum út októbermánuð.




Tómstundir

Höfum einnig úrval af poolborðum, fótboltaspilum og fleiri leiktækjum frá breska framleiðandanum BCE.

Allt á 20% afslætti. BCE

HAMMER HLAUPAPRETTI

VERÐ KR.127.200.-

HAMMER STIGTÆKI

VERÐ FRÁ KR. 23.600.-

SPORT DEILDIN

TÓMSTUNDIR • LÍKAMSRÆKT • AFÞREYING

Hole in One GOLFVERSLUN

Sportdeildin • Bæjarlind 1-3 • sími 577 4040 • Opið mán. - fös. 10 - 18 og lau. 10 - 16



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** Sést hér í baráttunni við leikmann Herthu Berlin í Evrópukeppninni á fimmtudag, í leik þar sem fjöldi útsendara fylgdist grannt með honum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

Eyjapeyi er eftirsóttasti leikmaður Bretlandseyja:

# Skosk lið vilja fá Gunnar Heiðar

**FÓTBOLTI** Skosku stórliðin Glasgow Celtic og Hearts hafa bæst í hóp þeirra liða sem hafa hug á því að fá íslenska landsliðsframherjann Gunnar Heiðar Þorvaldsson til liðs við sín þegar félagsskiptaglugginn opnast um áramótin. Áður höfðu lið á borð við Everton, Birmingham, Hamborg auk fjölda liða úr ensku 1. deildinni lýst yfir áhuga sínum á Gunnar Heiðari, sem er á góðri leið með að verða markakóngur sænsku úrvalsdeildarinnar en þar er aðeins ein umferð eftir óleikin.

„Það hefur enginn haft formlegt samband við mig," sagði Gunnar Heiðar í samtali við sænska fjölmiðla í gær en eftir leik Halmstad og Herthu Berlin í Evrópukeppninni á fimmtudag sagði Gunnar Heiðar við Fréttablaðið að allur þessi áhugi stórliða hefði lítil áhrif á hann.

„Ég held að enska og skoska deildin henti mínum leikstíl mjög vel en nú einbeiti ég mér aðeins að því að spila vel fyrir Halmstad."

Forráðamenn Hearts, undir stjórn rússneska auðkýfingsins Vladimir Romanov, eru sagðir ætla að klófesta Gunnar Heiðar sama hvað það kostar enda hefur félagið nú töluvert fjármagn á milli handanna. „Peningar verða ekki vandamál þegar kemur að leikmannakaupum," sagði Romanov í nýlegu viðtali. - vig



**SOLSKJAER** Það er orðinn langur tími síðan hann lék síðast fyrir Man. Utd.

Ole Gunnar Solskjær:

# Verður hann þjálfari?

**FÓTBOLTI** Norska knattspyrnumanninum Ole Gunnar Solskjær hefur verið boðin þjálfarastaða hjá liði Molde í heimalandi sínu eftir að ferli hans sem leikmaður lýkur. Enn er óvíst hvort Solskjær muni nokkurn tímann leika knattspyrnu en forráðamenn Man. Utd halda þó enn í vonina að þeir fái að njóta markheppni Norðmannsins í að minnsta kosti eitt ár í viðbót.

„Það er laus þjálfarastaða hjá okkur sem bíður Solskjær eftir að hann hættir, hvort sem það verður fljótlega eða eftir nokkur ár,“ segir Esepen Silseth, talsmaður Molde, en Solskjær er 32 ára gamall og á líklega ekki mörg ár eftir í boltanum þó svo að hann nái sér af meiðslunum. - vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

19 20 21 **22** 23 24 25

Laugardagur

### LEIKIR

- 14.00 **Stjarnan** og **Fram** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Ásgarði.
- 14.15 **Valur** og **ÍBV** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Laugardalshöll.
- 15.00 **KA/Þór** tekur á móti **FH** í DHL-deild kvenna í handbolta í KA-heimilinu.
- 15.30 **Breiðablik** og **Keflavík** eigast við í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í Smáranum.
- 16.00 **KR** og **Haukar** mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í DHL-höllinni.
- 17.15 **Grindavík** og **ÍS** eigast við í Iceland Express deild kvenna í körfubolta í Grindavík.
- 16.00 **ÍBV** og **Fylkir** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Vestmannaeyjum.
- 16.15 **Stjarnan** og **FH** eigast við í DHL-deild karla í handbolta í Ásgarði.
- 16.15 **Valur** og **Afturelding** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Laugardalshöll.
- 16.15 **Víkingur** og **HK** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Víkinni.

### SJÓNVARP

- 10.30 **A1 kappaksturinn** á Sýn. Þáttur um þessa spennandi kappaksturskeppni.
- 11.25 **A1 kappaksturinn** á Sýn.
- 11.25 **Enski boltinn** á Enska boltanum. Leikur Blackburn Rovers og Birmingham City í beinni útsendingu.
- 12.55 **A1 kappaksturinn** á Sýn í opinni útsendingu.
- 13.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Enska boltanum.
- 14.00 **Enski boltinn** á Enska boltanum. Leikur Manchester United og Tottenham í beinni útsendingu. Aðrir leikir eru sýndir á aukarásum Enska boltans.
- 14.15 **Íslandsmótið í handbolta** á Sýn.
- 15.50 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik Hauka og Gorenje Velenje á Ásvöllum.
- 16.05 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV.
- 17.20 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 18.10 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn.
- 19.50 **Spænski boltinn** á Sýn.



**NICK FALDO** Hannar dýrasta golfvöll Íslandssögunnar í Þorlákshöfn. Hann sést hér á vettvangi í Ölfusi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Nick Faldo hannar golfvöll í Ölfusi:

# Kostar 800 milljónir

**GOLF** Í gær var boðað til blaðamannafundar á Nordica hótel þar sem greint var frá því að einn þekktasti kylfingur heims, Nick Faldo, myndi hanna golfvöll í heimsklassa í nágrenni við Þorlákshöfn. Það er Golf ehf. sem stendur að verkefninu sem er einstakt hér á landi enda mun völlurinn, með glæsilegu klúbbhúsi, kosta um 800 milljónir króna.

Faldo, sem hefur hannað 15 velli áður, stefnir að því að ljúka verkinu 2008. Það verður takmarkaður félagafjöldi sem fær að spila á vellinum og ársgjaldið á vellinum verður mun hærra en á öðrum völlum hér á landi. Stefna Golf ehf. er að koma vellinum inn á evrópsku mótaröðina en Faldo telur það raunhæft markmið.

„Staðsetning er mjög mikilvæg og ég tel að slíkur völlur eigi fullt erindi á Evrópúturinn enda er leikið víða á mótaröðinni. Eina sem gæti reynst erfitt er tímasetningin enda best að spila hér á landi um hásumar en þá er verið að spila á stórmótum annars staðar,“ sagði Faldo en er þetta erfiðasta verkefni sem hann hefur tekið að sér?

„Þetta er mikil áskorun og skemmtileg og það verður gaman að fylgja þessi verkefni eftir.“ - hbg



# Verður áfram atvinnumaður

**Þórður Guðjónsson ætlar sér að starfa sem knattspyrnumaður allt árið um kring þegar hann snýr heim frá Englandi. ÍA og FH berjast um að fá Þórð.**

**FÓTBOLTI** Þórður Guðjónsson, knattspyrnumaður hjá Stoke City, mun leika hér á Íslandi næsta sumar og mun eingöngu starfa við að spila fótbolta, í að minnsta kosti tvö ár. Nokkur félög settu sig í samband við Þórð en valið hjá honum stendur nú fyrst og fremst á milli ÍA og FH. „Ég ætla mér að koma heim og halda áfram að vera atvinnumaður. Ég er ekki tilbúinn til þess að fara að vinna frá átta til fimm eins og staðan er nú og ætla mér að halda áfram sem knattspyrnumaður og enda ferilinn í góðu formi. Ég tel mig eiga góð þrjú ár eftir.“

Eiríkur Guðmundsson, formaður meistaraflokksráðs ÍA, sagði Þórð vera búinn að fá tilboð frá ÍA í hendurnar sem hann ætti eftir að svara.

„Við höfum gert Þórði tilboð. Hann ætlar sér að vera atvinnumaður í knattspyrnu þegar hann kemur hingað og okkar tilboð er í samræmi við það. Við höfum einu sinni áður verið með leikmann á fullum launum allt árið, einungis fyrir að spila fótbolta, en það var þegar Sigurður Jónsson sneri heim úr atvinnumennsku. Þórður ætlar sér að búa á Akranesi en ég veit til þess að hann hefur fengið hærra tilboð en okkar frá öðru félagi.“

Guðmundur Árni Stefánsson, formaður knattspyrnudeildar FH, sagði FH ekki ætla að gera áhættusama samninga. „Við höfum rekið knattspyrnudeildina með hagnaði og ætlum að gera það áfram. Við höfum rætt við Þórð og höfum áhuga á því að fá hann til okkar.“

Þórður er ekki í mikilli leikæfingu eins og staðan er nú enda hefur hann ekki spilað mikið með með félögum sem hann hefur verið á mála hjá undanfarin ár. Hann telur sig þrátt fyrir það eiga nóg inni sem knattspyrnumaður og ætlar sér að komast í landsliðið á nýjan leik. „Ég er spenntur fyrir því að koma heim og ætla mér að sanna það að ég eigi ennþá nóg inni. Þó ég hafi ekki mikið spilað að undanförnu er ég í góðu líkamlegu ástandi og það skiptir auðvitað öllu máli. Ég ætla að ákveða mig á næstu dögum og verð vonandi búinn að ganga frá mínum málum fyrir mánaðamót.“

magnush@frettabladid.is



**ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON** Þórður hefur oftar en ekki staðið fyrir sínu með íslenska landsliðinu og ætlar sér að komast í það á nýjan leik.



**RIO FERDINAND** Gleyminn með eindæmum.

Rio Ferdinand:

## Gleymdi fríinu

**FÓTBOLTI** Rio Ferdinand, varnarmaðurinn hjá Man. Utd, er mjög gleyminn maður. Það sannaðist þegar hann „gleymdi“ lyfjaprófi á æfingu fyrir nokkrum misserum sem olli því að hann hlaut átta mánaða leikbann. Á miðvikudaginn gleymdi hann því síðan að hann átti að fá frí á æfingu, daginn eftir leik Man. Utd gegn Lille í Meistaradeild Evrópu.

„Ég mætti á æfingu eins og venjulega og bara gleymdi því að ég átti að vera í fríi,“ sagði hinn kærulausi Ferdinand við breska fréttamenn, skömmustulegur á svip. Ekki fylgdi sögunni hvort Ferdinand fékk að vera með á æfingunni. - vig



**KIERAN RICHARDSON** Kieran er einn fjölmargra efnilegra leikmanna á Englandi sem léku með unglingaliði West Ham.

Kieran Richardson:

## Samdi til fjögurra ára

**FÓTBOLTI** Kieran Richardson skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við Manchester United en hann er einn af efnilegustu leikmönnum félagsins. Kieran Richardson, sem varð 21 árs gamall í gær, vonast til þess að tryggja sér sæti í landsliðshópi Englands fyrir heimsmeistaramótið í Þýskalandi á næsta ári. „Það er frábært að vera búinn að framlengja samninginn við stærsta félag á Bretlandseyjum. Núna stefni ég að því að komast í enska landsliðshópinn og fara að spila reglulega með Manchester United.“ - mh




Viltu auka þrek og úthald?
Komdu þér í gott form í vetur!

**Ný 8 vikna námskeið hefjast 31. október.**
Kraftmikil, einföld og árangursrík þjálfun
Morgunhópur þri., fim. og fös. kl. 06.30
Kvöldhópur mán., mið. kl. 18.30 og fös. kl. 17.00
Láttu Hreyfingu hjálpa þér að ná markmiðinu
**Skráning er í síma 568-9915 eða með tölvupósti til afgreidsla@hreyfing.is**

HREYFING
Faxafeni 14 568 9915 www.hreyfing.is

Ágúst Björgvinsson bjartsýnn á framhaldið:

## Munum vaxa með hverjum leik

**KÖRFUBOLTI** Haukar töpuðu í gær fyrir Caja Canarias frá Spáni í fyrrakvöld, 97-58, en þetta var fyrsti Evrópuleikur kvennaliðs í körfubolta frá Íslandi.

Lið Hauka átti í erfiðleikum allan leikinn enda spænska liðið mjög sterkt og ljóst að róðurinn verður erfiður fyrir hið unga og efnilega lið Hauka í Evrópukeppninni. Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka, var ánægður með stelpurnar og er viss um að þátttakan í Evrópukeppninni á eftir að hjálpa stelpunum að verða betri í körfubolta. „Stelpurnar fá ómetanlega reynslu í þessum Evrópuleikjum. Þegar liðið er komið í gott form eigum við að geta staðið í liðunum sem eru með okkur í riðli en við gerum okkur grein fyrir því að allir leikirnir verða erfiðir. Mér finnst líklegast að franska liðið Pays D'Aix sé sterkast í riðlinum en annars eru öll liðin sterk og ég á von á því að við munum vaxa með hverjum leik.“ - mh



**SIGRÚN SJÖFN ÁMUNDADÓTTIR** Sigrún er ein af mörgum efnilegum körfuboltastúlkum sem verða í eldlínunni í Evrópukeppninni með Haukum í vetur.

Styttist í Ian Rush Icelandair Masters:

## Viltu spila gegn Rush?

**FÓTBOLTI** Alþjóðlega knattspyrnumótið Ian Rush Icelandair Masters verður haldið hér á landi dagana 4. til 5. nóvember. Meðal þátttakenda á mótinu eru „Old Boys-lið“ frá Liverpool, Man Utd og Arsenal. Með þessum liðum munu kempur á borð við Ian Rush, Jan Mölby, John Wark, Frank Stapleton, David May, Kenny Samson og Perry Groves spila ásamt fleiri góðum.

Það er ekki orðið of seint fyrir íslenska knattspyrnuáhugamenn að uppfylla gamlan draum og spila á móti þessum kempum. Það er nefnilega enn pláss fyrir lið í mótinu en kröfurnar sem liðin þurfa að uppfylla er að leikmenn hafi náð 32 ára aldri og hafi hætt fótboltaiðkun á efri stigum. Skráning fer fram á jet@fotboltasumarid.is eða í síma 895 3120 og svo má lesa sér til um mótið á síðunni footballandfun.is.

Þess má síðan geta að úrslitakeppni mótsins verður sýnd í beinni útsendingu á Sýn og svo verða aðilar frá Sky-sjónvarpsstöðinni á svæðinu og munu þeir að öllum líkindum sýna frá mótinu í Englandi.



**IAN RUSH** Mun spila í Egilshöllinni í byrjun nóvember.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| | |
|---|---|
| KA-FRAM | 23-21 (12-11) |

**Mörk KA:** Goran Gusic 7, Ragnar Snær Njálsson 4, Þorvaldur Þorvaldsson 3, Andri Snær Stefánsson 2, Jónatan Þór Magnússon 2, Hörður Fannar Sigþórsson 2, Bjartur Máni Sigurðsson 1.

**Mörk Fram:** Jón Björgvin Pétursson 7, Rúnar Kárason 3, Þorri Björn Gunnarsson 3, Jóhann Gunnar Einarsson 3, Haraldur Þorvarðarson 2, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Sergey Serenko 1,

Þetta var fyrsta tap Fram á þessari leiktíð. Serenko og Þorri fengu báðir útilokun.

| | |
|---|---|
| ÍR-HK | 37-29 |

**Mörk ÍR:** Hafsteinn Ingason 9, Ragnar Helgason, Tryggvi Haraldsson 6, Ólafur Sigurjónsson 5, Andri Númason 3, Björgvin Hólmgeirsson 3, Karl Jóhann Gunnarsson 1, Sigurður Magnússon.

**Mörk HK:** Vilhelm Gauti Bergsveinsson, Hákon Hermansson Bridde 5, Elías Már Halldórsson 5, Jón Heiðar Gunnarsson 4, Remigijus Cepulis 4, Romualdas Gecas 3, Gunnar Steinn Jónsson 1, ÓLafur Bjarki Ragnarsson 1.

*Enska 1. deildin:*

| | |
|---|---|
| LEEDS-SHEFF. UTD | 1-1 |

**Gylfi Einarsson** spilaði síðustu 13 mínútur leiksins fyrir Leeds United.



Cristiano Ronaldo:

## Klár í slaginn gegn Spurs

**FÓTBOLTI** Portúgalska undrabarnið Cristiano Ronaldo segir vera klár í að spila gegn Tottenham í dag þrátt fyrir atburði síðustu daga. Ronaldo var handtekinn fyrr í vikunni ásakaður um nauðgun. Hann neitar öllum sökum.

„Auðvitað er þetta erfitt fyrir strákinn en hann er búinn að æfa og verður klár í leikinn,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. Þess má einnig geta að faðir Ronaldo lést fyrir skömmu síðan og því hafa síðustu vikur ekki verið þær bestu í lífi Ronaldo.



**PETR CECH** Cech ætlar sér að komast taplaust með Chelsea í gegnum keppnistímabilið.

Petr Cech markvörður:

## Við munum ekki tapa leik

**FÓTBOLTI** Petr Cech, markvörður Chelsea, hefur fulla trú á því að Chelsea geti komist í gegnum tímabilið án þess að tapa deildarleik og er viss um að það takist. Fátt virðist geta stöðvað Chelsea þessa dagana en liðið er sem stendur í efsta sæti deildarinnar með fullt hús stiga eftir níu umferðir. „Eins og við höfum verið að spila að undanförnu sé ég ekki að við töpum mörgum stigum og ég trúi því að okkur takist að fara í gegnum tímabilið án þess að tapa leik. Önnur lið í deildinni verða að fara að spýta í lófana ef þau ætla að vinna okkur.“

- mh

Breiðablik styrkir leikmannahóp karlaliðsins fyrir átökin í Landsbankadeildinni næsta sumar:

# Marel Baldvinsson kominn til Blika

**FÓTBOLTI** Í gær var gengið frá þriggja ára samningi Marels Baldvinssonar við Breiðablik en hann lék með liði félagsins áður en hann var seldur til norska liðsins Stabæk árið 2000. Ljóst er að Marel kemur til með að styrkja ungt lið Breiðabliks mikið fyrir átökin í Landsbankadeildinni á næstu leiktíð.

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Blika, var að vonum ánægður með að Marel væri aftur kominn til síns uppeldisfélags.

„Þetta eru gleðitíðindi fyrir okkur. Það vantaði tilfinnanlega framherja í leikmannahópinn hjá okkur og tilkoma Marels styrkir leikmannahópinn mikið. Við ætlum okkur að standa okkur vel í Landsbankadeildinni og nú þurfum við bara að vinna að því að styrkja hópinn enn frekar.

Flestir leikmennirnir hjá Breiðablik eru ungir að árum og það er ljóst að reynsla Marels mun hjálpa þeim töluvert, þótt hann sé nú ekki gamall sjálfur.

„Marel hefur átt við meiðsli að stríða þannig að við erum að taka ákveðna áhættu með þessum samningi en ég bind miklar vonir við Marel og er viss um að hann mun reynast okkur vel,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Breiðabliks.

- mh



**MAREL BALDVINSSON** Marel var um tíma í A-landsliði Íslands en hefur lítið getað beitt sér undanfarin ár vegna hnémeiðsla.




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Who is Pearl Harbor?„**

**Svar:**
Sally úr kvikmyndinni Radio Days árið 1987

# dagskrá

## Í TÆKINU MICHAEL CLARKE DUNCAN LEIKUR Í THE GREEN MILE KL.22.10 Í SJÓNVARPINU

# *Var lífvörður fyrir Will Smith*

Michael ólst upp hjá einstæðri móður í suðurhluta Chicago. Á unglingsárunum einbeitti hann sér að skóla og snerti hvorki eiturlyf né áfengi. Móðir hans verndaði hann mikið og þegar hann langaði til að æfa fótbolta var hún svo hrædd um að hann myndi slasast að hún leyfði það ekki. Hann sneri sér í staðinn að leiklist og dreymdi um að verða fræg stjarna. Michael átti auðelt með að fá vinnu eftir menntaskóla enda stór og sterkur (hann er 1,96 m hár og 136 kg að þyngd). Á daginn gróf hann holur hjá bensínfyrirtæki í Chicago en á kvöldin var hann útkastari á skemmtistöðum borgarinnar. Í gegnum klúbbavinnuna fékk hann að fara til Los Angeles og gerast öryggisvörður. Meðfram starfinu reyndi hann fyrir sér í auglýsingaleik og loksins fékk hann aukahlutverk í kvikmyndinni Friday með Ice Cube. Á þessum tíma vann hann sem lífvörður fyrir stjörnur svo sem Will Smith, Martin Lawrence, Jamie Foxx og LL Cool J og lék í litlum hlutverkum í sjónvarpi og kvikmyndum. Árið 1998 fékk Michael hlutverk í Armageddon þar sem hann vingaðist við meðleikara sinn, Bruce Willis. Bruce hringdi í leikstjórann Frank Darabont og stakk upp á Michael í myndina The Green Mile. Hann fékk hlutverkið og vann glæsilegan leiksigur og hlaut bæði tilnefningu til Academy Award og Golden Globe-verðlaunanna. Michael hefur leikið í fjölda mynda eftir þetta, til að mynda The Whole Nine Yards, Planet of the Apes, The Scorpion King og Daredevil. Einnig hefur hann ljáð mörgum persónum rödd sína, bæði í myndum og tölvuleikjum.



Þrjár bestu myndir Michaels: **Armageddon** – 1998 **The Green Mile** – 1999 **Sin City** – 2005



▶ 22.10 *Bíó*

THE GREEN MILE



▶ 20.35 *Tónlist*

ÞAÐ VAR LAGIÐ



▶ 20.50 *Raunveruleiki*

ÁSTARFLEYIÐ



▶ 21.00 *Drama*

HOUSE



▶ 12.55 *Kappakstur*

A1 GRAND PRIX

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (25:26) **8.08** Kóalabræður (38:52) **8.19** Pósturinn Páll (8:13) **8.35** Arthur (124:125) **9.02** Bitti nú! (35:40) **9.28** Gormur (40:52) **9.54** Gló magnaða (21:21) **10.15** Kóalabirnirnir (7:26) **10.45** Stundin okkar **11.15** Kastljós **11.40** Nóaflóðið

**12.30** Allt í háalofti **14.15** Íslandsmótið í handbolta **15.45** Handboltakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (29:51)

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Söngvakeppnin í 50 ár** Bein útsending frá Kaupmannahöfn þar sem því er fagnað að hálf öld er liðin síðan Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var fyrst haldin.
**21.30 Lottó**
**21.40 Spaugstofan**
▶ **22.10 Græna mílan** (The Green Mile) Bandarísk bíómynd frá 1999 byggð á sögu eftir Stephen King. Sagan gerist á fjórða áratug síðustu aldar og segir frá fangavörðum sem standa frammi fyrir sérkennilegum vanda. Meðal leikenda eru Tom Hanks, David Morse, Bonnie Hunt, Michael Clarke Duncan, James Cromwell og Harry Dean Stanton. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**1.15** Úr vöndu að ráða **2.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok **x**

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Jellies, Ljósvakar, Músti, Heimur Hinriks, Pingu, Kærleiksbirnirnir, Grallararnir, Barney, Með afa, Kalli á þakinu, Teenage Mutant Ninja Turtles, Home Improvement 2 Leyfð öllum aldurshópum.)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Idol Sjtörnuleit 3 (4:45) **14.40** You Are What You Eat (1:17) **15.05** Whoopi (15:22) (e) **15.35** Strong Medicine (2:22) **16.20** Amazing Race 7 (7:15) **17.05** Sjálfstætt fólk **17.30** What Not To Wear (3:5)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.54 Lottó**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.15 George Lopez (5:24)**
**19.40 Stelpurnar (8:20)**
**20.05 Bestu Strákarnir**
▶ **20.35 Það var lagið**
**21.35 Seabiscuit** Sannsöguleg stórmynd sem var tilnefnd til sjö óskarsverðlauna. Sagan gerist í Bandaríkjunum á kreppuárunum og segir frá þremur ólíkum samstarfsmönnum með eitt sameiginlegt markmið. Félagarnir ætla að koma hestinum Seabiscuit í fremstu röð en fáir hafa trú á tiltækinu. Við hlið helstu gæðinga landsins þykir Seabiscuit lítt eftirtektarverður en kraftaverkin gerast enn, eins og áhorfendur fá að sjá. Aðalhlutverk: Jeff Bridges, Tobey Maguire, Chris Cooper. Leikstjóri: Gary Ross. 2003. Lítið hrædd.

**23.50** Trail of the Pink Panther **1.25** Lucky Numbers (Bönnuð börnum) **3.05** Titus (Stranglega bönnuð börnum) **5.40** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp

## SIRKUS

**15.10** David Letterman **15.55** David Letterman **16.45** Hell's Kitchen (8:10) **17.30** Hogan knows best (3:7) **18.00** Friends 4 (2:24)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV**
**19.30 My Supersweet (3:6)** Stundum er bara ekkert svo gaman að vera 15 ára!
**20.00 Friends 4 (3:24)**
**20.25 Friends 4 (4:24)**
▶ **20.50 Ástarfleyið (1:11)** Sirkus er farin af stað með stærsta verkefnið sitt í haust, veruleikaþáttinn Ástarfleyið. Þátturinn er gerður að erlendri fyrirmynd, Loveboat.
**21.20 HEX (3:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Cassie er feimin ung stelpa sem uppgötvar að hún hefur hættulega krafta.
**22.10 Idol extra 2005/2006** Það síðasta og það besta frá seinni prufudegi Idolstjörnuleitar á Hótel Loftleiðum.
**22.40 Joan Of Arcadia (16:23)**

**23.30** Tru Calling (17:20) **0.20** Paradise Hotel (16:28) **1.10** Splash TV (1:2) **1.40** David Letterman **2.25** David Letterman

## SKJÁREINN

**11.15** Spurningaþátturinn Spark – NÝTT! (e) **11.45** Popppunktur (e)

**12.40** Peacemakers (e) **13.25** Ripley's Believe it or not! (e) **14.15** Charmed (e) **15.00** Íslenski bachelorinn (e) **16.00** America's Next Top Model IV (e) **17.00** Survivor Guatemala (e) **18.00** Þak yfir höfuðið

**19.00 The King of Queens (e)**
**19.30 Will & Grace (e)**
**20.00 The O.C. (e)**
▶ **21.00 House (e)** Það er eitrað fyrir menntaskólanema og House og læknaliðið hans reyna að bjarga honum.
**21.50 C.S.I. (e)** Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas.
**22.45 Peacemakers** Vesturríkin eru að verða menningu og iðnvæðingu að bráð árið 1882. Gamli og nýi tíminn mætast með hvelli og hvergi er það greinilegra en á löggæslusviðinu. Fingrafarataka og ljósmyndun koma fram á sjónarsviðið og nútímalegar aðferðir við glæparannsóknir verða til. Í Peacemakers takast á geðillur, miðaldra fógeti og sjálfumglaður aðstoðarmaður sem státar af háskólagráðu frá Yale.

**23.30** Law & Order (e) **0.20** C.S.I: New York (e) **1.10** Da Vinci's Inquest (e) **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**9.00** Ítölsku mörkin **9.30** Ensku mörkin **10.00** Spænsku mörkin **10.30** Concept to Reality **11.25** A1 Grand Prix

▶ **12.55** A1 Grand Prix **15.00** Meistaradeildin með Guðna Berg **15.50** Meistaradeildin í handbolta **17.20** Inside the US PGA Tour 2005 **17.40** Fifth Gear **18.10** UEFA Champions League

**19.50 Spænski boltinn** (La Liga) Bein útsending frá spænska boltanum. Um helgina mætast eftirtalin félög: Barcelona – Osasuna, Cadiz – Bilbao, Celta Vigo – Espanyol, Getafe – Real Zaragoza, Malaga – Real Betis, Santander – Atl. Madrid, Real Madrid – Valencia, Real Sociedad – Deportivo, Sevilla – Alaves og Villarreal – Mallorca.
**22.00 Meistaradeildin í handbolta** (Haukar – Gorenje Velenje) Útsending frá leik Hauka og Gorenje Velenje. Liðin eru í C-riðli ásamt Arhus og Torggler Group Meran. Leikið var á Ásvöllum.

**23.15** Hnefarleikar

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Normal (B. börnum) **8.00** Benny and Joon **10.00** City Slickers **12.00** My Big Fat Greek Wedding **14.00** Benny and Joon **16.00** City Slickers **18.00** Normal (B. börnum) **20.00** **The Pentagon Papers** Hörkuspennandi sannsöguleg sjónvarpsmynd. **22.00 Murder by Numbers** Hörkuspennandi sálfræðitryllir. **0.00** Hysterical Blindness (B. börnum) **2.00** American Psycho 2 (Str. b. börnum) **4.00** Murder by Numbers (Str. b. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**6.00** Fashion Police **6.30** Style Star **7.00** Behind the Scenes **7.30** Extreme Close-Up **8.00** E! News Weekend **9.00** 101 Most Awesome Moments in... **10.00** 101 Most Awesome Moments in... **11.00** 101 Most Awesome Moments in... **12.00** 101 Most Awesome Moments in... **13.00** 101 Most Awesome Moments in... **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** E! News Weekend **19.00** Mariah Carey Uncut **20.00** High Price of Fame **21.00** Kill Reality **22.00** The Anna Nicole Show **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** Mariah Carey Uncut **1.00** Dr. 90210 **2.00** E! Hollywood Hold 'Em **3.00** Party @ the Palms **3.30** Party @ the Palms **4.00** Guilty **5.00** Guilty **6.00** Fashion Police

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**11.25** Blackburn – Birmingham (b) **13.40** Á vellinum með Snorra Má (b) **14.00** Man. Utd. – Tottenham (b) **16.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **16.15** Portsmouth – Charlton (b)

**18.30 Arsenal – Man. City** Leikur frá því fyrr í dag.
**20.30 Fulham – Liverpool** Leikur frá því fyrr í dag.
**22.30 Spurningaþátturinn Spark (e)**
**23.00** Dagskrárlok




# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Seabiscuit Stöð 2 **kl. 21.35**



*Tobey Maguire er í aðalhlutverki í Seabiscuit*

## *Stórmynd byggð á sönnum atburðum*

Þessi sannsögulega stórmynd er með Tobey Maguire, sjálfum Köngulóarmanninum, í aðalhlutverki. Myndin var tilnefnd til sjö óskarsverðlauna og hefur fengið afburðadóma gagnrýnenda bæði hérlendis sem erlendis. Sagan gerist í Bandaríkjunum á kreppuárunum og segir frá þremur olíkum samstarfsmönnum með eitt sameiginlegt markmið. Félagarnir ætla að koma hestinum Seabiscuit í fremstu röð en fáir hafa trú á tiltækinu. Aðalhlutverk leika Jeff Bridges, Tobey Maguire og Chris Cooper.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn

**12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmennaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e **16.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e. **22.00** Hádegisútvarpið e. **23.00** Bókmenntaþátturinn e. **0.00** Úr skríni e. **1.00** Glópagull og gisnir skógar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Töfrar Bollywoodmynda **11.00** Í vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Púsl **14.40** Eitt – línan **15.30** Með laugardagskaffinu **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.28** Í kvöld um kaffileytið **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Söngvakeppni EBU 50 ára **22.00** Fréttir **22.10** Næturvörðurinn

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: WTA Tournament Zurich **14.30** Table Tennis: World Cup Liege Belgium **16.00** Cross-country Skiing: World Cup Düsseldorf Germany **17.00** TNA Wrestling: USA **17.30** TNA Wrestling: USA **18.00** Fight Sport: Fight Club **21.00** Rally: World Championship Corsica France **21.30** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.00** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**
**12.00** Doctors **12.30** Doctors **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** My Hero **14.30** Yes Minister **15.00** Top of the Pops **15.35** Top of the Pops 2 Specials **15.55** The Weakest Link Special **16.40** Strictly Come Dancing **17.40** Casualty @ Holby City **18.40** Strictly Come Dancing **19.00** Grumpy Old Men **19.30** In Search of the Brontes **20.30** Obsessions **21.20** Top of the Pops **21.55** Top of the Pops 2 Specials **22.30** Lenny Henry in Pieces **23.00** King Solomon's Tablet of Stone **0.00** The Private Life of a Masterpiece **1.00** The Darwin Debate

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Megacities **13.00** Megastructures **14.00** When Expeditions Go Wrong **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Taboo **17.00** Paranormal? **18.00** A Treasure Ship's Tragedy **19.00** The Hunt For Hitler's Scientists **20.00** Wheels of Terror **22.00** Seconds from Disaster **23.00** Seconds From Disaster **0.00** Paranormal?

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Gorilla Encounters **13.00** Going Ape **14.00** Monkey Business **14.30** Meerkat Manor **15.00** Big Cat Diary **15.30** Predator's Prey **16.00** Crocodile Hunter **17.00** Shark Chasers **18.00** The Natural World **19.00** Return of the Prime Predators **20.00** Ferocious Crocs **21.00** Miami Animal Police **22.00** Shark Chasers **23.00** Gorilla Encounters **0.00** Going Ape **1.00** Monkey Business **1.30** Meerkat Manor

**DISCOVERY**
**12.00** Brain Story **13.00** Aircraft Carrier **14.00** Submarine **15.00** Spy **16.00** Ray Mears' Extreme Survival **16.30** Ray Mears' Extreme Survival **17.00** Super Structures **18.00** Seoul Searching **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** Ultimate Cars **21.30** Ultimate Cars **22.00** Trauma **23.00** Venom **0.00** FBI Files

**MTV**
**14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Advance Warning **17.00** European Top 20 **18.00** The Fabulous Life Of **18.30** Cribs **19.00** Viva La Bam **19.30** Pimp My Ride **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Wonder Showzen **21.30** A Cut **22.00** So '90s **23.00** Just See MTV **1.00** Chill Out Zone

**VH1**
**12.00** Depeche Mode Day Music Mix **12.30** MTV Live Depeche Mode **13.30** Depeche Mode Day Music Mix **14.00** Essential Depeche Mode **14.30** MTV Live Depeche Mode **15.00** Depeche Mode Day Music Mix **15.30** Making the Video **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Super Secret Movie Rules **18.00** Super Secret Movie Rules **19.00** The World's Most Fantabulous Homes **20.00** 50 Greatest Rock Feuds **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** The Restaurant Biz **12.40** Matchmaker **13.10** In Your Dreams **13.35** Sizzle **14.00** Insights **14.25** Entertaining With James **14.50** Fantasy Open House **15.15** City Hospital **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Awesome Interiors **17.15** Girls Behaving Badly **17.45** Weddings **18.10** Weddings **18.40** The Roseanne Show **19.30** Come! See! Buy! **20.00** Cheaters **21.00** Spicy Sex Files **22.00** Sextacy **23.00** Women Talk **23.30** Sex and the Settee **0.00** Vegging Out **0.25** Loyd on Location **0.55** Africa on a Plate **1.20** The Restaurant Biz **1.50** Insights

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Hi Hi Puffy AmiYumi **14.30** Atomic Betty **15.00** Transformers Energon **15.30** Beyblade **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** The Jetsons **19.45** The Jetsons **20.00** Droopy Master Detective **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.05** Totally Spies **12.30** Totally Spies **13.00** Totally Spies **13.30** Totally Spies **14.00** Totally Spies **14.30** Totally Spies **15.00** Totally Spies **15.30** Totally Spies **4.00** Totally Spies **4.25** Totally Spies **4.50** Tiny Planets **5.00** Totally Spies **5.30** Totally Spies **6.00** Totally Spies

**MGM**
**12.10** Hey, I'm Alive **13.25** Late for Dinner **15.00** The Killer Elite **17.00** Sonny Boy **18.45** Fight For Life **20.25** The Million Dollar Rip-Off **21.40** The King of Love **23.15** Wisdom **1.05** Jessica

**TCM**
**19.00** Blow-Up **20.50** Mogambo **22.45** The Private Lives of Elizabeth and Essex **0.30** The Roaring Twenties **2.15** Lovely to Look At

**HALLMARK**
**12.30** The Long Way Home **14.15** Ivana Trump's For Love Alone **16.00** Dinotopia **17.30** Inside the Osmonds **19.00** Law & Order Vi **19.45** The Devil's Arithmetic **21.30** Sudden Fury **23.00** High Sierra Search And Rescue **23.45** Law & Order Vi **0.30** The Devil's Arithmetic

**BBC FOOD**
**12.00** Gary Rhodes **12.30** Diet Trials **13.00** Neil Perry Rockpool Sessions **13.30** The Tanner Brothers **14.00** Secret Recipes **14.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **15.00** The Best **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Tony and Giorgio **16.30** Chefs at Sea **17.00** Ching's Kitchen **17.30** The Tanner Brothers **18.00** Full On Food **19.00** Off the Menu **19.30** My Favourite Chef **20.00** My Favourite Chef **20.30** Dinner in a Box **21.00** The Naked Chef **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**12.00** Showtime **12.55** Showtime: Kåringen **13.10** Becoming **13.30** Ungefair **14.00** Boogie Listen **15.00** Det Vildeste Westen **15.10** Helle for Lykken **15.40** F¢r s¢ndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Til dans, til vands og i luften **16.20** Sallies historier **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Hunde på job **17.30** Far til fire og ulveungerne **19.00** Congratulations **21.30** Sidste nedtælling **23.25** Boogie Listen

**SV1**
**12.15** Plus **12.45** Packat & klart **13.15** Skrotslaget **14.00** Mat/Tina **14.30** Alla kan... inte ta körkort **15.00** Doobidoo **16.00** BoliBompa **16.01** Disneydags **17.00** Bert **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Folktoppen **19.00** Congratulations **21.30** Rapport **21.35** Familjen **22.25** Lite som du **22.55** Soldier **0.30** Sändning från SVT24


MasterCard kynnir:

OKTÓBERBÍÓFEST
Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember 2005

# SALA Á PÖSSUM HEFST Í DAG KL. 10:00!

Síðast seldust þeir upp á nokkrum klukkutímum. Passarnir veita forgang og afslátt og eru í mjög takmörkuðu magni.

Sala fer eingöngu fram í verslun Skífunnar á Laugavegi og á www.icelandfilmfestival.is



„Aldrei fæ ég svona passa“
- JÖKULL II

**HEIMURINN**
CRÓNICAS
ENFANT, L' (THE CHILD)
GONG FU (KUNG FU HUSTLE)
GUY X
PAHA MA (FROZEN LAND)
HIP HIP HORA! (THE KETCHUP EFFECT)
IT'S ALL GONE PETE TONG
LIE WITH ME
LA MARCHE DE L'EMPEREUR (THE MARCH OF THE PENGUINS)
MY SUMMER OF LOVE
ON A CLEAR DAY
SEPARATE LIES
VOCES INOCENTES (INNOCENT VOICES)
YES

**AMERÍKA**
TIM BURTON´S CORPSE BRIDE
LORDS OF THE DOGTOWN
ME AND YOU AND EVERYONE WE KNOW
THE ASSASINATION OF RICHARD NIXON
THE KING
THE MERCHANT OF VENICE

**HEIMILDARMYNDIR**
THE ARISTOCRATS
DIG!
GRIZZLY MAN
MATTHEW BARNEY: SITE SPECIFIC
MURDERBALL
RINGERS: LORD OF THE FANS
RIZE
ROCK SCHOOL
SEARCHING FOR ANGELA SHELTON

**DANMÖRK**
ADAMS ÆBLER
FAKIREN FRA BILBAO
INKASSO
PUSHER II
PUSHER III
SOLKONGEN
OH HAPPY DAY

**GALA**
OPNUNARMYND - DRABET
DRAWING RESTRAINT 9
LOKAMYND - HOSTEL

40 MYNDIR Á 3 VIKUM
HVERT FER JÖKULL II?

Iceland Film Festival
iff

ICELANDAIR  ICELANDAIR HOTELS  Talstöðin FM 90,9

www.icelandfilmfestival.is



## HRÓSIÐ

*...fær listakonan Guðrún Nielsen sem sett hefur upp japanskt tehús í Galleríi Sævars Karls við Bankastræti. Um er að ræða nýjasta listaverk Guðrúnar.*

## + INNI



**Ullarslá**. Svona stuttar skikkjur eru skyldueign í haust. Sienna Miller hefur sést í mörgum gerðum af þessari flík og virðist eiga eina í hverjum lit. Reynið samt að kaupa ykkur ekki of dýrar skikkjur því það er ekki víst að þær verði mjög lengi í tísku. Takið stefnuna á H&M, Topshop eða Zöru.

**Ólarlausar töskur**. Yndislega fallegar og smart. Að vísu neyðist maður til þess að halda sífellt á töskunni eða að klemma hana undir handlegginn. En þetta er auðvelt að leggja á sig fyrir lúkkið. Svona töskur er mjög oft hægt að finna í búðum sem selja notaðar vörur og þá á góðu verði. Þessi til hliðar er Chanel og líklega ekki mjög ódýr en hrikalega töff!





**Uppreimuð stígvél**. Eitt það heitasta í hausttískunni eru svona uppreimuð stígvél. Stíllinn er í anda Viktoríutímabilsins en stígvélin ganga við hvað sem er. Sum uppreimuð stígvél eru með rennilás á hliðinni og er æskilegt að finna þannig gerð. Annars gæti þurft að eyða ansi miklum tíma dagsins í að reima.

## ÚTI ÷



**Þemaklæðnaður**. Það er ekki æskilegt að taka eitthvert „lúkk" svo langt að maður sé kominn í þemaklæðnað. Þá er til dæmis átt við indíánalúkk, kúrekalúkk eða sígaunalúkk. Ef manneskja klæðir sig frá hvirfli til ilja í flíkur sem tengdar eru vissum stíl þá verður útkoman meira í átt við grímubúning. Sem er ekki mjög æskilegt nema planið sé að fara á grímuball.



**Litlir skartgripir**. Þeir eru hálfpartinn lummó núna því þessa dagana eiga skartgripir að vera stórir og klunnalegir. Stórir tréskartgripir, klunnalegar keðjur um hálsinn, skær plastarmbönd og dúskar út um allt. Nettu og fínlegu skartgripirnir eru ekki inni í dag og þess vegna má geyma þá í skríninu um sinn.

**Netaskór**. Þessir skór voru eins og bráðsmitandi sárasótt á tímabili. Allt í einu var ekki fótur á Laugaveginum sem ekki skartaði þessum óbjóði og hljóta allir að vera komnir með nóg af þessum skófatnaði. Þessir skór eru komnir yfir það að vera ekki í tísku og komnir það langt í ferlinu að það má henda þeim beinustu leið í ruslið! Auk þess er of kalt fyrir skófatnað með svona lélegri einangrun.



**LÁRÉTT** **1** land **6** landspilda **7** hlutafélag **8** málmur **9** fiskur **10** ljóshjúp **12** stykki **14** er **15** tveir eins **16** íþróttafélag **17** svar **18** baun.

**LÓÐRÉTT** **1** dolla **2** tæki **3** smáorð **4** afskipti **5** kraftur **9** tímabils **11** bölvanlega **13** ryk **14** gerast **17** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **1** ítalía, **6** lóð, **7** hf, **8** ál, **9** áll, **10** áru, **12** stk, **14** sem, **15** nn, **16** kr, **17** ans, **18** erta.
**LÓÐRÉTT:** **1** ílát, **2** tól, **3** að, **4** íhlutun, **5** afl, **9** árs, **11** verr, **13** kusk, **14** ske, **17** aa.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson
2. Grétar Þorsteinsson
3. Vinstriheyfingin - grænt framboð

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

HAUKUR MÁR HELGASON: BREGÐUR HNÍFI Á HÁLS SJÓNVARPSMANNS

# Nýhil leitar út úr tóminu

„Þetta er bara gys og glens," segir Haukur Már Helgason rithöfundur um nafngift bókaseríunnar Norrænar bókmenntar sem hið óræða fyrirbæri Nýhil hyggst gefa út í vetur.

Nokkrar bækur hafa komið út undir formerkjum Nýhils, sem hefur þó hingað til aðeins verið regnhlíf utan um sjálfsútgáfu skálda. Nú er öldin önnur því Nýhil er komið með markaðsdeild og markaðsstjóra. „Það er annað fyrirkomulag en við höfum átt að venjast," segir Haukur. „Höfundar þurfa að skila inn handriti á tilsettum tíma sem er svo prentað fyrir fjármagn Nýhils en ekki þeirra sjálfra."

Norrænar bókmenntir segir Haukur vera ljóðabækur að nafninu til. „En þetta er allt að renna saman í einhvers konar prósaorgíu, sem gengur þó frekar út á ljóðrænu en beinlínis frásögn." Serían samanstendur af níu ljóðabókum eftir jafnmarga höfunda, þar á meðal Kristínu Eiríksdóttur, Steinar Braga og téðan Hauk Má. Fjórar bækur koma út í nóvember en fimm í apríl á næsta ári.

Í bók Hauks segir frá ungu örvæntingarfullu skáldi sem kemur fram í vinsælum sjónvarpsþætti. „Þátturinn leysist upp þegar skáldið heimtar að fá að lesa upp ljóðabókina sína í heild, en þáttastjórnandinn vill bara heyra örlítíð brot. Skáldið bregður þá dúkahnífi á háls hans og heldur honum í gíslingu á meðan hann les upp ljóðin sín og krefst að sjónvarpsmaðurinn kveðist á við sig og komi með sögur og vísur á móti sér milli auglýsingahléa." Þáttastjórnandinn, sem er í hressari kantinum, dregur víst dám af kollega sínum í raunheimum.

Haukur kveðst vissulega vera með ákveðnar meiningar í bókinni en finnst óþarfi að tíunda þær að sinni. „Ég held ég eftirláti einhverjum bókmenntamógúlum að fjalla um það."



**HAUKUR MÁR HELGASON** Í bók hans segir frá skáldi sem grípur til örþrifaráða í beinni útsendingu til að koma ljóðum sínum á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þótt bókaútgáfan sé að komast í hefðbundið rekstrarform áréttar Haukur að Nýhil sem slíkt er ekki að breytast í hefðbundið bókaforlag. „Nýhil er óskilgreint fyrirbæri sem nærist á því að innan þess er ósamstæður vilji í ýmsar áttir og þessi útgáfa er angi af því. Við vitum svo sem ekkert hvert Nýhil stefnir, nema það að við erum að leita út úr tóminu."

**bergsteinn@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Mörg þekkt andlit voru á meðal gesta á Nasa á Iceland Airwaves-hátíðinni í fyrrakvöld. Þau þekktustu voru þó tvímælalaust Björk Guðmundsdóttir og eiginmaður hennar Matthew Barney sem ákváðu að kíkja á stemminguna. Daníel Ágúst og danska hljómsveitin Junior Senior voru á meðal þeirra sem tróðu upp og virtust hjónakornin frægu kunna vel að meta það sem í boði var. Þrátt fyrir að löng biðröð hafi myndast fyrir utan Nasa má telja næsta víst að Björk hafi fengið að fara fram fyrir röðina enda langþekktasti tónlistarmaðurinn á öllu Airwaves-svæðinu.



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Gísli Marteinn Baldursson bítast um fyrsta sætið í fyrirhuguðu prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna borgarstjórnarkosninganna á næsta ári. Kapparnir mættust í sjónvarpseinvígi í Kastljósi Sjónvarpsins á fimmtudagskvöld og sýnist sitt hverjum um frammistöðu þeirra. Alþingismaðurinn blogglaði Össur Skarphéðinsson segist á heimasíðu sinni að Vilhjálmur hafi haft betur í viðureigninni. „Í gervi stjórnmálamannsins er Gísli of stífur og stressaður, talar of hratt, og maður hefur á tilfinningunni að hann búi sig ekki málefnalega undir þættina – sé ekki alveg viss á því hvað hann vill og ætlar að segja. Í kvöld virkaði hann einnig óöruggur andspænis vondri skoðanakönnun sem var birt í fréttunum. Það er á slíkum stundum sem á að glitta í leiðtogaefni. Menn verða að fúnkera undir pressu," segir Össur og undrast það að sjónvarpsreynsla Gísla Marteins skuli ekki nýtast honum betur.








# Fimmtán ára myndasöguhöfundar

Hádegishlé heitir ný teiknimyndasaga sem hefur göngu sína í Fréttablaðinu í dag og birtist eftirleiðis vikulega á laugardögum. Höfundarnir eru Bjarki Dagur Svanþórsson og Birgir Fannar Guðmundsson en þeir eru ekki nema fimmtán ára gamlir.

Þótt þeir hafi verið vinir lengi og hafi báðir teiknað mikið í gegnum tíðina var það ekki fyrr en snemma í haust sem þeir leiddu saman hesta sína og sköpuðu Hádegishlé. „Við hittumst alltaf í hádegishléinu í skólanum, kaupum okkur mat og tyllum okkur saman við borð þar sem við skrifum sögurnar og reynum að fá nýjar hugmyndir." Oftar en ekki rata þeirra eigin samræður, hugleiðingar og atburðir úr hversdagslífinu beint á blað en einnig draga þeir dár að þjóðfélagsmálum líðandi stundar. „Við lesum blöðin mikið til að fá hugmyndir og það sem er hægt að gera grín að." Samstarf vinanna gekk vel frá fyrsta degi og svo ánægðir voru þeir með útkomuna að þeir töldu reynandi að koma henni á framfæri og tókst það.



**BJARKI OG BIRGIR** Byrjuðu á Hádegishléi snemma í haust en eru auk hennar með tvær aðrar sögur í smíðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bjarki og Birgir hafa mörg járn í eldinum því auk Háegishlés hafa þeir skapað tvær aðrar sögur og eru stöðugt að leita að innblæstri. Þeir útskrifast úr Árbæjarskóla í vor en hafa ekki leitt hugann að því hvað tekur við enn sem komið er. „Við þyrftum að fara að gera það, en teiknimyndasögurnar eru það sem okkur finnst skemmtilegast að gera og erum eiginlega alltaf með hugann við þær."



Mazda6 MPS

# Við erum Mazda



Mazda2



Mazda3

Í 80 ár hefur Mazda framleitt bíla. Japönsk nákvæmni, auðmýkt og virðing fyrir mannfólkinu og umhverfi þess hefur leitt hönnun og framleiðslu Mazda frá upphafi. Þarfir viðskiptavina Mazda liggja til grundvallar hönnun Mazda. Engin málamiðlun er leyfð í þeim efnum. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og betra öryggi. Ný sköpun verður til. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Við erum Mazda.



Mazda5



Mazda6

**Við erum Mazda á Íslandi.**
Mazda er á öruggum stað. Brimborg er nú eini viðurkenndi söluaðili Mazda á Íslandi. Við byggjum upp orðspor þjónustu Mazda á Íslandi. Þessa stundina erum við að byggja nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda sem verður tilbúinn innan tíðar auk varahlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Spáðu í Mazda.

**Við seljum Mazda nú þegar.**
Þér er velkomið að heimsækja okkur í Brimborg, Bíldshöfða 6, þrátt fyrir að sýningarsalurinn er ekki tilbúinn. Vegna fjölda fyrirspurna seljum við Mazda fyrr en áætlað var. Til að sinna eftirspurninni hafa starfsmenn Mazda komið sér fyrir í húsakynnum Brimborgar við Bíldshöfða 6, annarri hæð. Komdu. Vertu Mazda.



Mazda MX-5

**Veldu annan stíl. Vertu Mazda.**
Brimborg mun bjóða upp á fjölbreyttara úrval af Mazda. Samkeppnin er hafin. Annar stíll í boði. Bílar eins og Mazda2, Mazda3, Mazda5, Mazda6, Mazda MX-5 og Mazda RX-8 eru í boði fyrir nútímafólk sem vill annan japanskan stíl. Og örugga þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á aukinn staðalbúnað á mjög hagstæðu verði. Nýttu þér kynningartilboðin. Spurðu um greiðslukjörin. Fáðu þér Mazda.



Mazda RX-8

***Vertu Mazda.***
***Mazda er á öruggum stað.***
***Komdu í Brimborg.***

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt japönsk gæði og gott umboð. Ætlar kannski að fá þér Toyota? Nú er annar kostur í boði. Veldu öruggan stað. Komdu í Brimborg. Skoðaðu Mazda.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.




**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

*Greitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.mazdabrimborg.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**







**BAKÞANKAR**

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Ný leikrit*

Hér á landi hefur fólk alltaf haft mikinn áhuga á því þegar einhver Íslendingur, og er ekki verra að hann sé þjóðkunnur, fer til útlanda. Þessi áhugi hefur reyndar dvínað núna þegar eiginlega allir eru meira og minna endalaust í útlöndum, þannig að margir eru hreinilega orðnir gáttaðir á þessu flandri ef eitthvað er, en áður fyrr var þessi áhugi á ferðum fólks til útlanda nánast sjúklegur. Hvert eru þau að fara? spurði fólk. Hvernig hafa þau efni á þessu? Það er naumast. Uss.

**ÞAÐ** endurspeglar kannski að hluta áhuga Íslendinga á frægum samlöndum í útlöndum að nú er komið á fjalirnar nýtt leikrit í Þjóðleikhúsinu sem heitir Halldór í Hollywood. Leikritið fjallar eins og nafnið gefur til kynna um Halldór Laxness rithöfund og för hans til mekka kvikmyndaiðnaðarins í upphafi ferils síns. Og hvað var hann að gera þangað? er spurt. Hverja hitti hann þar? Og svo framvegis.

**STYKKIÐ** er örugglega mjög gott og allt það. Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til þess að benda á þær víddir sem nú hafa opnast í íslenskri leikritagerð því áhugavert væri að sjá mun fleiri verk sem fjalla um för þjóðþekktra manna hingað og þangað. Þemað er auðvitað alþekkt í bókmenntum en bækur eins og Tinni í Kongó og fleiri fjalla einmitt um för frægra manna til fjarlægra landa.

**MIÐAÐ** við þann áhuga sem er á nóbelsskáldinu er ekki ólíklegt að menn vilji sjá fleiri verk á þessum nótum um hann. Halldór í Lúxemborg gæti verið uppbyggilegur söngleikur, en þar dvaldi hann um nokkra hríð með munkum. Einnig gæti Halldór í Sovétríkjunum verið athyglisverður þjóðfélagsspegill, en varla með sönglögum. Og þó.

**EF** áhuginn á Halldóri minnkar ekki með þessu aukna framboði á stykkjum um hann og ferðir hans má síðan endalaust koma með fleiri hugmyndir og jafnvel víkka út þemað. Halldór í göngutúr gæti verið skáldlegt verk. Halldór úti á túni yrði væntanlega háðsádeila, sett upp af kaldhæðnum spéfuglum sem kunna ekki að skammast sín. Örugglega með sönglögum.

**EN** svo eru allir hinir, sem hafa farið til útlanda um lengri eða skemmri tíma og verðskulda vissulega líka leikverk um sig, þótt þeir hafi ekki unnið nóbelsverðlaun. Hér koma nokkrar hugmyndir: Sigurjón Sighvatsson í Hollywood yrði glamúrstykki með fullt af stjörnum. Jón Ólafsson í London yrði æsispennandi viðskiptaþriller. Hannes í Oxford. Mjög áhugavert. Björgólfur í Búlgaríu. Jón Gerald í Flórída, og svo síðast en ekki síst, og ég er eiginlega hrifnastur af þessari hugmynd: Laddi á Spáni. Þar er lagið meira að segja komið og því ekki eftir neinu að bíða: „Á Spáni er gott að djamma og djúsa, diskótekunum á.“ Steinliggur.


